Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur

Sjómannadagsblað Grindavíkur 2023



ISSN 977-1670301001-1
25
9 771670 301001

Til hamingju með daginn, sjómenn

Veitingastaðir Bláa Lónsins fá ferskan fisk á hverjum degi hjá sjómönnum frá Grindavík. Þau aðföng eru okkur ómissandi. Um leið og við þökkum þeim framúrskarandi samstarf, óskum við sjómönnum hvarvetna farsældar og fengsældar.



BLUE LAGOON

Til hamingju með sjómannadaginn!

TM og íslenski sjávarútvegurinn hafa gengið samhliða í gegnum strauma og stefnur sögunnar. Við erum stolt af tengingu okkar við sjávarútveginn og öllu því sem samstarf okkar hefur áorkað.

TM óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn!



Hugsum í framtíð

TM

Landsbjörg



Tryggjum öruggt samfélag

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur ráðist í endurnýjun allra 13 björgunarskipa sinna. Með nýju skipunum batnar aðbúnaður til muna og viðbragðstími styttist um allt að helming.

Sjóvá leggur 142,5 milljónir til kaupa á þremur fyrstu skipunum. Fyrstu tvö skipin eru þegar komin til landsins en það þriðja er væntanlegt í haust.

Það er okkur mikil ánægja að styðja við þetta verkefni sem tryggir stóraukið öryggi, bæði á sjó og landi.

SJÓVÁ

Traustur félagi í sjávarútvegi

Skeljung sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins og þakkir fyrir viðskiptin á árinu.



Ritstjóraspjall: Óskar Sævarsson

ÆRLÁFA, eða ærpíka er lýsingarorð sem notað var við kleinugerð hér áður fyrr ef að útlit kleinunnar var ekki fullkomið, sett fram ýmist í hnyttni eða sem ávirðing af húsfreyju heimilisins, sperðlar og grjúpán voru reykt og soðin og pungar voru sviðnir, ekki orð um það meir.

Orðin útgerðarmenn og frammámenn höfðu allt aðra merkingu hér áður fyrr.

Minja og Sögufélag Grindavíkur hefur staðið fyrir ýmsum menningar og minjaverndar verkefnum frá stofnun þess. Þeirra stærsta verkefni hefur verið að tryggja varðveislu og verndun sjóbúðarinnir Bakka.

Nú hyllir undir framtíðar húsnæði sem mun m.a. nýtast til varðveislu og sýningarhalds á gömlum munum sem félaginu hefur áskotnast. Vísir að byggðasafni loks að verða að veruleika.

Á meðfylgjandi mynd sem Örn Sigurðsson stjórnarmaður í samtökunum setti saman, er framtíðarsýn, í raun sú sýn sem allir bæjarbúar vilja sjá. Við ferðumst um landið og dáumst að atorku og útsjónarsemi annarra sem hafa viðhaldið menningararfinum í húsum og bátum og ásýnd „gamla hverfisins".

Stíga þarf fyrstu skrefin í þessa átt, bæjaryfirvöld geta ekki skorast undan því að fara að fegra umhverfið í kring um þessi hús svo úr verði áningarstaður komandi kynslóða og ferðamanna.

Hollvinasamtökin „Áttæringurinn" færa Grindvíkingum „Grindavíkurskip" teinæring eða tíróinn áttæring með Grindavíkurlagi, fullbúið áraskip með rá og reiða. Skipið verður til sýnis gestum og gangandi n.k. sjómannadag.





Óskar Sævasson.

Sá mikli áhugi Grindvíkinga sem hefur fylgt því verkefni frá upphafi þess og til loka er skýrt ákall bæjarbúa um að framtíðarsýn menningarminja af þessu tagi fái sinn stað.

Innilegar þakkir fá allir sem lögðust á árarnar með ritstjóra til þess að gera Sjómannadagsblað Grindavíkur 2023 að veruleika.

Ég óska Grindvíkingum, sjómönnum, fiskvinnslufólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.

Óskar Sævarsson ritstjóri.



Ljósm.: Jón Steinar Sæmundsson.



Efnisyfirlit:



Ritstjóraspjall 6
- Óskar Sævarsson

Bók um Tyrkjaránið í Grindavík á ítölsku 11

Sjóræningjaforinginn Jan Janszzon van Harlem 12

Minning 24



Hugleiðing á sjómannadag 27

Flóðið mikla í Grindavík 1925 28



Skipasmiðurinn 36
- Brot úr skipasögunni á Suðurnesjum

Sjómannadagurinn 12. júní 2022 50



Heimsókn v/s Óðins til Grindavíkur 11. júní 2022 54

Heiðranir 58

Sjómannadagsræða 61



Hátíðarkvöldverður 64

Sjómannadagurinn 2022 í Víðihlíð 66

Vopnað bankarán 70
- og gömul beinagrind í helli



Alexander John Polson 74
- útgerðarmaður



Nýsmíði Hulda Björnsdóttir GK 11 78

Húsnæðismál Fisktækniskólans í uppnámi 82



Vertíðarspjall 88
- Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri

Bæjarbót maí 1989
Margrét Sighvatsdóttir skrifar 1930-2012 *95*



Grindavík er á hárréttum stað á landakortinu 101

Félagsmál 104
- Svipmyndir frá Aðalfundi 28. desmber 2022



Gallerí sjó... 108
- Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson



Útgefandi og ábyrgðaraðili:
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Formaður:
Einar Hannes Harðarson

Ritstjóri:
Óskar Sævarsson

Uppsetning og prentumsjón:
Svavar Ellertsson, Stapaprent

Prófarkalestur:
Sigrún Þorbjörnsdóttir

Auglýsingar:
Steingrímur E. Kjartansson

Forsíðumynd:
Varðskipið Óðinn
Ljósmynd : Eyjólfur Vilbergsson

Ljósmyndir:
Ólafur Rúnar Þorvarðarson
Jón Steinar Sæmundsson
Eyjólfur Vilbergsson
Óskar Sævarsson
Hallur J. Gunnarsson

Sérstakar þakkir:
Hallur J. Gunnarsson

Skrifstofa Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur,
Hafnargötu 9, sími 426 8400,
svg@svg.is, skrifstofan er opin
alla virka daga frá klukkan 8.00-13.00.

Öll afritun texta og mynda er óheimil nema með leyfi ritstjóra eða höfunda.

FURUNO

brimrun.is furuno.is

IDENTI-FISH

Fiskitegunda og fiskmassa dýptarmælir frá Furuno FSS-3BB

NÝTT



- Tíðnir: 15 kHz - 242 kHz (TruEcho CHIRP)
- Sendiorka: 1 - 3 kW
- Samtímis sending há- og lágtíðni leitargeisla
- Tegunda- og stærðargreining á 3 lóðum samtímis
- Lærir á fiskitegundir með tímanum
- Tegundagreining sýnir mun á sundmagalausum fiski og fiski með sundmaga
- Fiskistærðar graf sýnir stærð og dreifingu fiska
- Tveggja skjáa uppsetning möguleg
- Einföld og þægileg stjórnun með kúlumús

IDENTI-FISH er ný tegundagreiningar tækni sem Furuno hefur þróað, sem greinir fiskitegundir í rauntíma við veiðiskapinn. Þessi tækni gagnast ekki aðeins við að auka framleiðnina við fiskveiðarnar, hún gerir þær sjálfbærari með því að minnka óæskilegan meðafla. Unnið er með tegundagreininguna á sérstakri tegundagreiningar skjámynd og tegundagreiningar grafi/súluriti. Tegundagreiningar skjámyndin er blanda af hátíðni og lágtíðni fiskendurvörpum og tegundagreiningar grafið sýnir hvernig fiskendurvörpin dreifast á afmörkuðu svæði. Þessi tækni gerir kleift að greina sundmagalausar fiskitegundir eins og Atlantshafs makríl, mun betur en áður þekkist. Þetta getur komið sér vel þegar um er að ræða blandaðar torfur af makríl og síld. Með tegundagreiningunni byggja skipstjórnendur einnig upp sín eigin gagnasöfn um ólíkar fiskitegundir.

Makríll



Síld



Stærðargreining



Tegundagreining birtir í þessu dæmi sundmagalausan fisk í grænum lit



Brimrún

Fiskislóð 37B – 101 Reykjavík – Sími 5 250 250 – brimrun.is

MAREIND

Grundarfirði
Sími 438 6611



Það sem skiptir mestu máli er að koma heilir heim

Frá útkomu síðasta sjómannadagsblaðs gerðum við kjarasamning og settum hann í atkvæðagreiðslu, þar sem við töldum að ekki yrði lengra komist án átaka og var hann felldur með 58 prósent atkvæða.

Frá þeim tíma hafa verið nokkrir óformlegir fundir milli okkar og SFS, og eins og staðan er nú gæti leitt til komandi kjarasamnings á komandi vikum. Staðan nú þegar þessi grein er skrifuð er mjög viðkvæm, þetta gengur, þetta eru hænuskref.

Við vonumst til þess að geta kynnt sjómönnum fljótlega hver staðan í kjaraviðræðunum er.

Undanfarin misseri hafa verið okkur í Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur erfið, með tilliti til öryggis á sjó, þar sem við höfum misst tvo félaga okkar í hörmulegum vinnuslysum.

Annar þessara manna féll fyrir borð á Sighvati GK og hefur ekki fundist enn. Vil ég votta fjölskyldu og vinum innilega samúð. Hinn félagi okkar fórst í skipsbruna í Njarðvíkurhöfn. Báðir voru þeir félagar hjá okkur til margra ára og vil ég ítreka innilega samúð til fjölskyldna þeirra og vina fyrir mína hönd og félagsins.

Við sem stéttarfélag sjómanna höfum



Einar Hannes Harðarson formaður S.V.G. og vinnslustjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK.

farið í gegnum nokkur mjög góð ár öryggislega séð. Það má aldrei sofna á verðinum í þeim efnum, þetta er það sem skiptir okkur mestu máli; að koma heilir heim.

Þessum málaflokki verður að sinna af áhuga og festu og halda áfram á þeirri góðu braut sem við vorum á.

Ég vil ítreka innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldna og vina þeirra sem fórust.

Traust milli sjómanna og útgerðarmanna er algjörlega í molum.

Það þarf að vinna í því að endurheimta traust milli allra aðila sem vinna í íslenskum sjávarútvegi. Sjómenn upplifa vantraust milli útgerðar og þeirra, þarna þarf að vinna markvisst í að laga hlutina, annars gengur þetta ekki.

Ég hef áður vikið að því að Hafrannsóknastofnun hafi lítið traust og álit á skoðunum sjómanna. Við höfum upplifað og ítrekað bent á að um allan sjó er mikill þorskur og magnið af karfa truflar hreinlega veiðar, enn og aftur upplifum við það ósamræmi sem er milli veiða og aflaráðgjafar, þetta sveiflast ekki saman „aukning á kvóta og minnkun á kvóta".

Þetta þarf að sveiflast í takt. Þegar við erum komnir í topp með veiðina kemur fljótlega að því að erfitt verður að veiða þorsk, mun meira þarf að hafa fyrir þorskveiðum.

Mín skoðun er sú að við sjómenn eigum að fá meiri hljómgrunn, pláss við borðið hjá Hafró og veiðiráðgjöf heldur en nú er viðhaft. Við vinnum í þessu umhverfi og erum næstir raunveruleikanum á hverjum tíma.

Að því sögðu vil ég óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn, sem nú er reyndar orðinn að fjölskylduhátið, stendur alla helgina með góðri skemmtidagskrá við allra hæfi.

MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111

FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

YANMAR
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite electric
Poly Flex AUSTRALIA
Navalloy™
MAESTRINI
maxflex
TEIGNBRIDGE
rule 1500 rule

SIMRAD
Tæknibúnaður og tækniþjónusta



Sjálfstýringar
Kortaplotter
GPS/Gýró
Útistýri
Radarskannar
Radarskjáir
Botnstykki
Dýptarmælar

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannadaginn.

SJÓMENN
til hamingju með daginn



OPTIMICE®
BP-103
KRAPAVÉL

Hönnuð frá grunni með því markmiði að þjóna öllum þörfum smábáta bæði í stærð, afköstum og aðgengi. Breiddin er einungis 59 cm og kemst því inn um allar hurðir.

Meiri gæði • Lengri hillutími



Sendum ykkur og fjölskyldum ykkar, hamingjuóskir í tilefni sjómanna-dagsins.

KAPP ehf
THE OPTIMICE COMPANY
Turnahvarf 8 · 203 Kópavogi · kapp.is

Schiavi dal Nord

Nú í maí kom út þýðing á bókinni Northern Captives – The Story of the Barbary Corsair Raid on Grindavík in 1627 efir Karl Smára Hreinsson og Adam Nichols. Bókin fjallar um Tyrkjaránið í Grindavík og afdrif fólksins sem þar var rænt. Á ítölsku er titillinn; Schiavi dal Nord – L´incursione dei pirati barbareschi in terra d´Islanda

Upphaf þess að bókin Northern Captives var skrifuð má rekja til þess að vorið 2019 bauð Karl Smári ritstjóra Sjómannadagsblaðs Grindavíkur Óskari Sævarssyni að skrifa grein um Tyrkjaránið í Grindavík í blaðið. Óskar tók mjög vel í þessa hugmynd og löng og ítarleg grein birtist síðan í blaðinu fyrir sjómannadaginn 2019. Með greininni voru ýmsar myndir og kort sem ekki höfðu birst áður. Síðar um sumarið hringdi Hallur Gunnarsson, formaður Minja- og sjómannafélags Grindavíkur í Karl Smára og spurði hvort höfundar greinarinnar gætu ekki skrifað bók um þetta sama efni þar sem mjög lítið hafði verið skrifað um þennan atburð í sögu Grindavíkur. Það varð síðan úr og Hallur útvegaði mjög ríflegan styrk frá Grindavíkurbæ til útgáfu bókarinnar, Northern Captives. Ástæða þess að bókin var skrifuð á ensku var sú að höfundarnir áttu mikið efni til á ensku um þetta efni eftir að hafa birt greinar á ensku um Tyrkjaránið á Íslandi í ýmsum blöðum og tímaritum ásamt því að hafa þýtt Reisubók séra Ólafs Egilssonar á ensku og gefið þá bók út. Bókin Northern Captives sem út kom árið 2020 var þó aðeins upphafið að nokkrum bókum um Tyrkjaránið á Íslandi á ensku. Ári síðar kom út bókin Stolen Lives-The Story of the Barbary Corsair Raid on Heimaey sem er um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum og á síðasta ári 2022 kom út bókin Enslaved-The Story of the barbary Corsair Raid on East Iceland sem fjallar um Tyrkjaránið á Austfjörðum sem áður hafði mjög lítið verið skrifað um. Þessar þrjár bækur eru lang ítarlegasta heimild sem skrifuð hefur verið um Tyrkjaránið á Íslandi. Og nú í sumar er von á fjórðu bókinni sem fjallar um sama efni en út frá öðru sjónarhorni. Miklu veldur sá sem upphafinu veldur. Það má segja að



Kápa ítölsku útgáfunnar. Tölvuteikning eftir Adam Nichols.

þeir félagar Óskar Sævarsson og Hallur Gunnarsson hafi verið upphafsmenn að þessu mikla heildarverki um Tyrkjaránið á ensku ásamt útgáfustyrk frá Grindavíkurbæ. Til stendur að þýða þessar bækur á íslensku á næstunni.

Þessar bækur hafa vakið áhuga erlendra fræðimanna og bókaútgefenda. Fyrir utan bókina Northern Captives hefur sami útgefandi keypt útgáfuréttinn á Stolen Lives, bókinni um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrið að sú þýðing komi út síðar á árinu. Reisubók séra Ólafs Egilssonar, sem Karl Smári og Adam Nichols þýddu á ensku og út kom á ensku árið 2008 undir heitinu, The Travels of Reverend Ólafur Egilsson, hefur verið endurútgefin á ensku og verið þýdd og gefin út á hollensku og nú í maí kom út grísk þýðing bókarinnar. Frönsk þýðing bókarinnar er væntanleg á næstunni.

Karl Smári Hreinsson.

Karl Smári Hreinsson – Adam Nichols:

Sjóræningjaforinginn Jan Janszzon van Harlem – öðru nafni Morath Reis

Á aðfangadagskvöld árið 1640 varpaði hollenskt seglskip akkeri í höfninni í Safi, litlum hafnarbæ á Atlantshafsströnd Marokkó. Um borð í þessu skipi var hollenskur sendiherra sem hafði á höndum tvíþætt stjórnarerindi. Annars vegar að staðfesta sáttmála á milli Hollands og marokkóska soldánsins í Marakech og hins vegar að semja um lausn eins margra hollenskra þræla og mögulegt væri. Til þess að ná árangri í þessum viðkvæmu málum, þurfti sendiherrann að fá einhvern háttsettan mann til að kynna sig fyrir soldáninum. Sendiherrann hafði samband við landstjóra virkisins í Qualidia sem er þorp við ströndina um 55 km norður af Safi (nokkru sunnan við Casablanca). Landstjórinn sem hafði aðgang að soldáninum og gat þess vegna kynnt sendiherrann fyrir honum, reið sem skjótast ásamt 18 þjónum sínum til Safi og lét róa með sig út í hollenska skipið til fundar við hollenska sendiherrann.

Samkvæmt dagbókarfærslu eins farþeganna um borð í skipinu kom landstjórinn með mikilli viðhöfn til fundarins, þar sem hann sat á mottum og satínpúðum umkringdur þjónum sínum. Þessi auðugi og áhrifamikli valdamaður sem hollenski sendiherrann leitaði aðstoðar hjá var ekki einhver hirðmaður eða höfðingjasleikja sem hafði eytt lífi sínu í að þjóna kóngafólki í Marokkó. Hann var sjóræningi sem kominn var í land. Þar var á ferð enginn annar en Morath Reis eða Jan Janszzon frá Harlem í Hollandi sem þrettán árum áður hafði stýrt áhlaupinu á Grindavík sumarið 1627.



Karl Smári Hreinsson.



Adam Nichols.

Fríbýtarar

Á fyrrihluta 17. aldar voru uppi margir sjóræningar af misjöfnu sauðahúsi, bæði kristnir og múslímskir. Líf þeirra var sérstaklega hættulegt og erfitt, erfiðara en hægt er að ímynda sér í dag. Flestir þeirra voru drepnir, aðrir dóu úr sjúkdómum eða ýmsum plágum sem þá geisuðu. Margir enduðu í fátækt og eymd og aðrir hurfu sjónum manna. Múrað Reis hlýtur að hafa haft járnvilja, verið miskunnarlaus og jafnframt metnaðaðarfullur því ólíkt öðrum sjóræningjum á þessum tíma þá lifði hann ekki aðeins af heldur blómstraði á allan hátt. Morath Reis (nafn hans er ritað á ýmsa vegu) var fæddur í borginni Haarlem í Hollandi á áttunda áratug 16. aldar. Jan Janzsson van Haarlem eins og hann hét þá hóf sjóræningjaferil sinn sem fríbýtari í hollenska frelsisstríðinu 1568 -1648 á milli Hollands og Spánar sem kallað hefur verið áttatíu ára stríðið.

Með starfsleyfi til sjórána

Fríbýtarar höfðu leyfi yfirvalda til að stunda sjórán og voru því löglegir sjóræningjar. Stjórnvöld í Hollandi veittu þeim lagalegan rétt til sjórána með sérstöku leyfisbréfi (letter of marque) sem heimilaði þeim að ráðast á óvinaskip og taka herfang sem hluta af stríðsrekstrinum. Fríbýtararnir fluttu síðan herfangið til sinna heimahafna þar sem það var selt á uppboði sem lögmætur varningur og hagnaðinum var síðan deilt á milli þeirra sem fjármögnuðu aðgerðina. Oft var um gríðarmikinn gróða að ræða hjá þeim sem tóku þátt í sjóránunum.

Sjóræningjar

Jan Janzsson snéri sér hins vegar að hreinni sjóræningjastarfsemi, líklega vegna þess að gerður var tólf ára vopnahléssamningur á milli Hollands og Spánar (1609-1621) sem varð til þess að hollenskir fríbýtarar misstu atvinnuna, en ólíkt flestum öðrum hollenskum fríbýturum þá snéri Jan Janzsson ekki aftur til fyrri starfa sem kapteinn á verslunarskipi. Þessi kafli í lífi Jan



© Adam Nichols

Janzssons er óljós en árið 1618 endaði hann á einhvern hátt á Lanzarote (einni af Kanaríeyjunum) þar sem hann var tekinn til fanga í áhlaupi sjóræningja frá Alsír. Árásinni á Lanzarote var stjórnað af Soliman Reis hollenskum trúskiptingi. (Reis merkir kapteinn). Múslimar frá Norður-Afríku viðurkenndu evrópska trúskiptinga án vandræða og tóku við þeim eins og fullgildum meðlimum í samfélag múslima. Í Evrópu voru slíkir trúskiptingar almennt fyrirlitnir og þekktir sem trúníðingar og svikarar. Engu að síður tóku margir Evrópubúar upp íslam (múhameðstrú) og hófu nýtt og farsælt líf í Norður-Afríku, stunduðu viðskipti, giftust og stofnuðu fjölskyldur. Margir náðu frama og urðu viðurkenndir borgarar í samfélagi múslima.

Margir hollenskir fríbýtarar sem líkt og Jan Janszzon snéru sér að sjóránum og hófu sjóránin frá hafnarborgum í Norður-Afríku þar sem evrópskar hafnir voru þeim lokaðar. Þessir fyrrum fríbýtarar snérust til íslamstrúar. Hvort heldur sem þeir snérust til íslam af einlægri trúarsannfæringu eða einfaldlega af hentisemi er erfitt að vita, en hver sem ástæðan var þá voru trúskiptin ávísun á viðurkenningu samfélagsins og nýtt líf og margir þeirra nýttu sér það út í ystu æsar.

Jan Janszzon verður Morath Reis

Soliman Reis hafði einu sinni verið hollenskur fríbýtari sem þá hét Ivan de Veenboer, en um það leyti sem hann gerði strandhögg á Lanzarote hafði snúist til íslam og gerst fullgildur sjóræningjaforingi í múhameðstrúarlöndunum í Norður-Afríku. Þrátt fyrir þetta þá mannaði hann skip sitt með Hollendingum. Það sem í fyrstu leit út fyrir að verða martröð fyrir Jan Janzsson varð að einstöku tækifæri. Í Algeirsborg turnaðist hann og gerðist múslimi og tók upp nafnið Morath Reis og hóf sjóræningjaútgerð í samstarfi við Soliman Reis. Morath reyndist svo afburða snjall að Sóliman Reis gat verið rólegur í Algeirsborg á meðan Morath Reis stundaði sjórán. Þetta varð til þess að Morath fékk viðurnefnið Reis eða Morath kapteinn.

Farsæll og miskunnarlaus

Sjóræningjaforingjar urðu að vera miskunnarlausir. Öll þeirra afkoma krafðist þess að þeir réðust á skip og gerðu





Jan Janszzon, teikning eftir Adam Nichols.



Salé í Marokkó.



Kort af Norður-Afríku. Salé ofarlega til vinstri, Algeirsborg efst til hægri

strandhögg, rændu fólki og öllu fémætu sem þeir síðan seldu á markaðstorgum. Hótanir með þvingunum og ofbeldi voru hluti af starfi sjóræningjaforinga. Morath Reis fékk á sig orð fyrir að vera sérstaklega ógnvekjandi. Hann lét reglulega hýða eða berja nýja fanga til að láta þá upplýsa hvar verðmæti voru geymd eða falin í skipum sem hann hafði hertekið. Hollenski sendiherrann í Algeirsborg á þessum tíma hélt því fram að Morath Reis hefði látið berja menn til bana. Þetta hrottalega miskunnarleysi gerði Morath Reis sérstaklega farsælan sjóræningja og á nokkrum árum efnaðist hann á samstarfinu við Soliman Reis í Algeirsborg.

Gæfan er völtust vina

Rétt fyrir utan borgina Cartagena á Miðjarðarhafsströnd Spánar var lítill floti sjóræningjaskipa undir stórn Soliman Reis sem þá hafði aftur tekið til við sjórán. Þessi sjóræningjaskip réðust á nokkur hollensk skip sem voru á leið með saltfisk frá Nýfundnalandsmiðum. Í sjóorrustunni fór fallbyssukúla í annan fót Soliman Reis með þeim afleiðingum að honum blæddi út á þilfari skips síns. Við þetta misstu sjóræningarnir kjarkinn og hollensku skipin náðu að flýja og skriðu inn í höfnina í Cartagena til þar sem þau seldu farminn og gert var við skemmdir á skipunum.

Hafnarstjóri í Salé

Morath Reis hafði verið kapteinn á einu af skipum Soliman Reis. Eftir fall verndara síns yfirgaf hann Algeirsborg og settist að í borinni Salé á Atlantshafsströnd Marokkó. Morath Reis gat ekki hafa valið hentugri tíma til að setjast að í Salé þar sem borgin var þá að verða að miðstöð sjóræningja við Atlantshaf. Hann blómstraði vel í Salé, raunar mjög vel. Hann var ekki aðeins farsæll sjóræningjaforingi, hann varð einnig hafnarstjóri í Salé. Morath Reis hafði þar með yfirumsjón með öllum þáttum sem snéru að höfninni, herfanginu sem flutt var til hafnar, hertekna fólkinu, herteknu skipunum og í raun öllu sem við kom sjóræningjum í Salé. Hann fékk hlut af öllum sköttum og tollum og hluta að öllum hagnaði sem tengdist sjóræningjastarfseminni. Þessi umsvif gerðu hann bæði auðugan og áhrifamikinn. Þótt hann væri hafnarstjóri þá þýddi það ekki að hann þyrfti að vera stöðugt í landi og hann hélt áfram að fara í ránsferðir. Þessi tími var blómatími Múrað Reis, þá reis velgengni hans hæst í Salé og einmitt þá réðst hann til ránsferðar til Íslands.





Var það kannski veðmál?

Það er ekki vitað hvað varð til þess að Morath Reis fór í ránsferð til Íslands. Gamlar íslenskar heimildir segja að það hafi verið veðmál á milli tveggja sjóræningjaforingja sem varð upphafið að ránsferðunum til Íslands, til Grindavíkur, Austfjarða og til Vestmannaeyja:

„Af upptökum þeirra ferðalags kann ég ekki grannt né með nokkrum sannindum að skrifa. Þó hafa nokkrir meint, að þeir sem frá þeim sloppið hafa, að tveir hinir æðstu í Tyrkjans veldi skyldu hafa veðsett hvorir við aðra, að ei skyldi þaðan mögulegt til Íslands að sækja hinn minnsta stein, þess síður mann. Og er hann sínu kappi fram hélt, er þessa reisu voga og byrja vildi, settu þeir undir ærna peninga. Og eftir þessa veðsetningu sendi hann og útgerði 12 skip sem reisa skyldu til Íslands." (Skrif Kláusar Eyjólfssonar lögréttumanns um Tyrkjaránið skrifað fljótlega eftir að ræningjarir hurfu á braut).

Þeir voru ekki Tyrkir

Þessir tveir hinir æðstu í Tyrkjans veldi



Skip á leið til Salé. Tölvuteikning eftir Adam Nichols.

Til hamingju með daginn sjómenn!

NORTHERN LIGHT INN

Stjörnufiskur
Fiskverkun Grindavík
Staðarsund 10 - 240 Grindavík - Sími 897 6302



Salé. Qasba.



Salé í dag. Ljósmynd Adam Nichols.

voru í raun ekki Tyrkir. Líklega voru þeir sjóræningjakapteinar sem sátu að drykkju á einhverri hafnarkrá í Algeirsborg eða einhverri annarri hafnarborg. Það er ekki verri skýring en hver önnur að það hafi einnmitt verið veðmál á milli sjóræningjaforingja sem varð til þess að þeir réðust í ránsferð til Íslands. Þegar sjóræningjar voru ekki í ránsferðum eyddu þeir tíma sínum og fé í drykkju og veðmál. En úr því verður seint skorið hver ástæðan var til þess að þeir réðust til Íslandsfarar. Ekki er ólíklegt að 12 skip hafi upphaflega lagt af stað til Íslands en aðeins 4 þeirra náðu að komast alla leið. Þau skip voru undir stjórn Morath Reis og Morath Flamenco.

Landtaka í Grindavík

Morath Reis, gerði strandhögg í Grindavík og ætlaði síðan að ræna Bessastaði þar sem hirðstjórinn á Íslandi, æðsti fulltrúi Dana á Íslandi hafði aðsetur. Þar strönduðu ræningjarnir einu skipa sinna á Seilunni sem eru grynningar fyrir utan Bessastaði. Eftir að hafa losað skip sigldu ræningjarnir í vesturátt og réðust til atlögu við ensk fiskiskip sem þar voru á veiðunum á miðunum undan Vestfjörðum (um hundrað og fimmtíu enskir fiskibátar komu til Íslands sumarið 1627 til að veiða þorsk). Það er erfitt að vita nákvæmlega hversu mörgum mönnum Morath Reis og hans menn rændu. Í gömlum íslenskum heimildum segir að Morath Reis hafi hertekið um tólf Íslendinga í Grindavík, en það voru fáir miðað við að íbúar Grindavíkur og þar í kring voru þá líklega um eitthundrað. Ræningjarnir hertóku einnig áhöfn dansks kaupskips sem átti leið framhjá Grindavík á sama tíma og ræningjarnir voru þar.

Þótt fjöldi fanganna væri ekki mikill var þó tilefni til að halda veglega hátíð þegar skip Morath Reis kom til hafnar í Salé. Í fimmta kapítula Tyrkjaráns-sögu Björns á Skarðsá er lýsing á komu ræningjanna til Salé:

„En sem skipið hafnaðist, skutu þeir af tólf fallbyssum sjer til virðingar og fagnaðar frama. Því næst var blásið í trómet og belgpípur; hrósuðu svo sigri sín-


In Iokuls fiorder et Isa fiorder
1 Nortfiord
2 Veidiwick
3 Langa fiord
4 Skululsfiord
5 Altafiord
6 Seidisfiord
7 Hest fiord
8 Kfaufufiord
Septen
Occi dens
Meridi
WEST
LEND I NGA
FI ORDVNG
LENDI NGA
Bloe
Breida fiorder
Ball hökell
Getkans hökel
Auluos
Porlarks haffn
Skaga fiorder
Skaga neß
Nord fiord
Reykra fiord
Annuder fiord
Arnum fiord
Glama
Steingrinis fiord
Haums schwert
Dafer
Kostram
Hiatus
Lundur
Videy vel Widoe closter
Fons communitans lanas albas in nigras
Fons communitas lanas nigras in albas
Miliaria Germanica communia
Staps
Stadar sted
Snebels hökel
Londran gärt
Hellur fiord
Budur fiord
Kassidr ey
Herfey
Borger
Rößmala neß
Reikre neß
Eldey
Geye pu glasker
Geye eyar
Tang
Grinde wick
Klein wick
Herdfiar wick
Hafna neß
Ploe
Eirar
Thermæ
Haner
Hane fiord
Akranes
Mosfell
Bons heider
Biald breid
Blaskoger heid
Skalholt
Episcopalis schola
Halar
Hepßaß
Phott
Siglu neß
Siglu fiord
Malur ey
Drang ey
Aßtat
Vestkap
Puigeier
Nid
Kalla fiord
Brufa fiord
Var neß
Veradalsja
Reykiafiord
Gilsa fiord
Kalla fiord
Kroßa fiord
Kolla fiord
Fossa fiord
Gilts Fiorder
Haums fiord
Peturskestrant
Barda strant
Platey
Bilreyar
Balgar fiord
Grinsda fiord
Gamla wick
Hiaka fiord
Brim neß
Ondut neß
Krumwick
Gryts da
Alta fiord
Skegur
Strom fiord
Meladalur
Hiual
Fons Ceremonialis
Klu ka
Stap holt
Reikia dalur
Lunge
Bring nottr
Thermæ
Videy vel Widoe closter
Haner
Fontes ferruginosi
Kyla wick
Sellioge
Porlarks haffn
Hafna neß
Herdfiar wick
Klein wick
Grinde wick
Tang
Geye eyar
Geye pu glasker
Eldey
Reikre neß
Rößmala neß
Kassidr ey
Hellur fiord
Budur fiord
Londran gärt
Staps
Stadar sted
Snebels hökel
Ondut neß
Brim neß
Hiaka fiord
Gamla wick
Grinsda fiord
Balgar fiord
Platey
Peturskestrant
Barda strant
Haums fiord
Haums schwert
Dafer
Kostram
Hiatus
Lundur
Getkans hökel
Ball hökell
Auluos
Porlarks haffn
Hafna neß
Skaga fiorder
Skaga neß
Nord fiord
Reykra fiord
Annuder fiord
Arnum fiord
Glama
Steingrinis fiord
Bloe
Var neß
Veradalsja
Kalla fiord
Brufa fiord
Vestkap
Puigeier
Nid
Aßtat
Halar
Hepßaß
Phott
Siglu neß
Siglu fiord
Malur ey
Drang ey
Episcopalis schola
Biald breid
Blaskoger heid
Skalholt
Bons heider
Hiual
Meladalur
Mosfell
Akranes
Videy vel Widoe closter
Haner
Fontes ferruginosi
Ploe
Eirar
Thermæ
Sellioge
Kyla wick
Fons communitans lanas albas in nigras
Fons communitas lanas nigras in albas
Grinde wick
Klein wick
Herdfiar wick
Hafna neß
Tang
Geye eyar
Geye pu glasker
Eldey
Reikre neß
Rößmala neß
Miliaria Germanica communia
5
10
15


ISLANDIA.
Grims ey
Olafs fiord
Rolskey
Kaur
Hrollebs fiord
Platey
Skiallandi fiorder
Lundey
Reick fiord
Hrun hopn
Rampr hopn
Sutturngs wick
Bolla fiord
Pistils fiord
Langa neſs
Paga neſs
Gunolps fiord
Mid fiord
Pena fiord
Dygru neſs
Hopna fiord
Papey
Reidt fiord
Bern fiord
Horna fiord
NORD
FIORDUNG
LENDINGA
AVSTT
FIORDVNG
Hekla promontorium
Westmanna vel Pestilia ear
Per Gerardum Mercatorem
Cum Priuilegio
Ori ens

um; hverjir með þeim mjög samglöddust, er þeir sáu herfang þeirra."

Járngerðarstaðafólki rænt

Áhlaupið á Grindavík var vel skipulagt en hrottalegt. Árásarmennirnir ætluðu sér að taka fólk lifandi – þannig að hægt væri að flytja það til Salé og selja það í þrældóm með hagnaði. En harkalega var tekið á þeim sem veittu mótspyrnu. Í Tyrkjaráns-sögu Björns á Skarðsá má lesa í þriðja kapítula:

„Síðan fóru víkingar í land, ræntu búðir kaupmannsins, en hann var flúinn og allir þeir dönsku með honum, er á landi voru, og höfðu áður falið nokkuð af vöru sinni, því sem þeir gátu undan komið. Þá næst fóru víkingarnir heim til bæjarins á Járngerðarstöðum, tóku þar Guðrúnu Jónsdóttur, kvinnu Jóns Guðlaugssonar, er þar bjó. Þeir báru hana nauðuga frá bænum, hraklega með farandi, og á veginum kom þar bróðir hennar, er Filippus hjét, og vildi hafa liðsinnt henni. Hann særðu þeir og börðu, og lá hann þar eptir hálfdauður. Einnig kom þar að litlu síðar annar hennar



Skip á leið til Salé.
Tölvuteikning eftir Adam Nichols.



Algeirsborg, Höfnin.



Sjóræningjaskip. Tölvuteikning eftir Adam Nichbols.

bróðir, Hjálmar að nafni. Hann var ríðandi. Af honum tókun þeir hestinn og reiddu hana (Guðrúnu) ofan að sjónum. Hjálmar sló þá einn Tyrkjann nokkur högg með járnsvipu, sem hann hafði í hendi sinni, en sá hjó til hans aptur með hnífnum og svo annar og hinn þriðji og stungu hann jafnframt, en Hjálmar var vopnlaus og fjell hann síðan óvígur. Tyrkir ræntu fje úr bænum á Járngerðarstöðum, því er þeir vildu. Þeir tóku Halldór Jónsson, bróður Guðrúnar. Hann og aðrir flýðu ekki, því þeir meintu, að ekki mundu mannrán gjörast þótt fjárstuldir mættu verða. Einnig tóku Tyrkjarnir þrjá sonu Guðrúnar: Jón, sem elztur var, skólagenginn, Helga og Hjeðinn, enn bróðir hennar einn, er Jón hjet, var einn af þeim átta, er sjálfkrafa fram fóru að finna skipið."

Stefnan sett á Salé

Eftir áhlaupið á Grindavík og strandið við Bessastaði og síðar afskipti af ensku fiskiduggunum komst Morath Reis að því að ensk herskip voru á svæðinu sem send höfðu verið til að vernda enska fiskiskipaflotann. Í stað þess að taka áhættu á að mæta vopnuðum herskipum ákvað hann að snúa aftur til Salé með herfang sitt.

Íslandsferðir afskrifaðar

Hvorki Morath Reis né nokkur annar sjóræningjakapteinn snéri aftur til Íslands í ránsleiðangur. Siglingin til Íslands var löng og áhættusöm og allur undirbúningur sem nauðsynlegur var til að ráðast í slíka ránsferð varla áhættunnar virði. Morath Reis hélt þó uppi fyrri háttum sínum og stundaði sjórán á svæðinu umhverfis Gíbraltarsund og fór jafnvel norður í Ermarsund. Sumarið 1631 réðst hann á Baltimore, lítið sjávarþorp á suðurströnd Írlands og hafði á brott með sér yfir hundrað manns, aðallega konur og börn.

Ótraust ástand í Salé

Á árunum á milli árásanna á Grindavík og Baltimore á Írlandi hafði Morath Reis haldið stöðu sinni sem hafnarstjóri í Salé. En breytingar höfðu gerst í Salé. Árið 1627 hafði borgin lýst yfir sjálfstæði


Óskum
sjómönnum
til hamingju
með daginn
Samhentir

frá marokkóska soldáninum í Marrakech. Innanríkispólitík Salé varð æ flóknari og íbúar hennar lentu í átökum við íbúa borgarinnar handan árinnar. Sumarið 1631 var ástandið í Salé orðið ótryggt og hættulegt þannig að Morath Reis ákvað að selja hertekna fólkið frá Baltimore í Algeirsborg en ekki í Salé. Franskur förumunkur sem var í Algeirsborg nokkrum árum áður lýsti þrælasölunni á eftirfarandi hátt:

Það var aumkunarvert að sjá þessa vesalings fanga boðna upp, því að þeir aðskildu konurnar frá eiginmönnum sínum; og börnin frá feðrum sínum. Þeir seldu eiginmennina öðrum megin og eiginkonurnar hinum megin og hrifsuðu dætur þeirra úr örmum þeirra og ekkert þeirra átti nokkra von um að þau hittust aftur. (Pierre Dan, Histoire de Barbarie).

Ríkisstjóri í Oualidia

Eftir að hafa selt fanga sína í Baltimore snéri Morath Reis aftur til Marokkó en þó ekki til Salé. Þess í stað fór hann til Oualidia í Marokkó, þar sem hann tók við stöðu ríkisstjóra frá marokkóska soldáninum og settist þar að en stundaði aldrei sjórán eftir það. Það síðasta sem við heyrum af Morath Reis er stutt færsla í dagbók eins farþega skips hollenska sendiherrans, dagsett 22. ágúst 1641. Eftir það hverfur hann úr sögunni – fyrir utan eina mögulega tilvísun. Í ævisögu annars hollensks sjóræningja, Claes Gerritszoon Compaen, er Morath Reis sagður hafa „átt slæmt endadægur". Hugsanlega. En þetta hljómar þó fremur eins og siðaboðskapur það eru engin gögn sem styðja þessa staðhæfingu. Í stað þess fáum við þá mynd af Morath Reis á síðasta æviskeiði hans að hann var auðugur, málsmetandi og mjög virtur einstaklingur, borgarstjóri og trúnaðarmaður soldánsins, hann bjó við lúxus umvafinn umhyggjusömum þjónum.

Allir spinna sinn æviþráð

Morath Reis var sjóræningi sem hafði það að atvinnu að hertaka saklaust fólk og selja það í þrældóm. En hann var einnig mjög greindur og fær og ferill hans þróaðist frá því að hann var fríbýttari, síðan sjóræningi með lögmæta pappíra til sjórána og því næst varð hann hafnarstjóri og að lokum virtur stjórnmálamaður.

Ólíkt mörgum öðrum sjóræningjum á hans dögum féll hann ekki í bardaga eða endaði ævi sína sem þræll og hann sóaði ekki gróða sínum. Þess í stað fann hann sér athvarf í erlendu landi og endaði lífdaga sína, að því er virðist, í sátt og samlyndi við umhverfi sitt og samferðarfólk. Ekki endilega að hann ætti sérstaklega skilið friðsælt og áhyggjulaust ævikvöld, miðað við fyrra líferni, heldur hafði hann lagt grunninn að hlutskipti sínu á síðasta hluta stormasamrar ævi.



Adam Nichols afhendir Halli Gunnarssyni að gjöf teikningu sína af Jan Janszzon í apríl 2023.



Algerirsborg á 17. öld.

Heimildir sem vitnað er til:

Björn Jónsson á Skarðsá. Tyrkjaráns -saga samin 1643. Reykjavík 1866.

Pierre Dan. Historie de Barbarie, et de ses corsairs, des royaumes, et des villes d´Alger, de Tunis, de Salé, et de Tripoly. Paris 1649

Minning

Guðjón Einarsson skipstjóri

Fæddur 11. apríl árið 1947 - Dáinn 11. febrúar 2023

Guðjón Einarsson frá Ásgarði var fæddur 11. apríl árið 1947. Hann lést þann 11. febrúar 2023.

Foreldrar Guðjóns voru þau hjón frá Ásgarði í Grindavík, Einar Dagbjartsson útgerðarmaður og Laufey Guðjónsdóttir frá Höfn í Vestmannaeyjum.

Systkyni Guðjóns eru Dagbjartur, látinn þann 18. október 2017, Kolbrún og Halldór.

Eiginkona Guðjóns var Elínborg Ása Ingvarsdóttir, látin 5. ágúst 2019, þau eignuðust fjögur börn, eitt þeirra er látið, fyrir átti Guðjón einn son.

Guðjón ólst upp í Grindavík í föðurhúsum og lauk Grunnskóla Grindavíkur, en var kominn á sjóinn áður en skólaslit fóru fram.

Hann byrjar með föður sínum á Ólafi GK 33, 1961 þá 14 ára. Guðjón fer svo á Þorbjörn GK og er á Geirfugli GK þar til hann fer í Stýrimannaskólann og lýkur skipstjórnarprófi árið 1967.

Hann er stýrimaður á ýmsum vertíðarbátum frá Grindavík næstu árin, m.a. Albert GK, Arnfirðingi GK og á Grindvíkingi



GK. Guðjón verður skipstjóri á Geirfugli GK árið 1977 og tekur við fleiri bátum hjá Fiskanesi h/f, m.a. Skarfinum GK og Gauk GK, við tóku hefðbundnar vetrarvertíðir og síldveiðar.

Guðjón var öflugur með nótina og var m.a. á loðnuveiðum með Valaberg GK og Berg VE.

Guðjón tók svo við Reyni GK og er með hann allt þar til Fiskanes h/f sameinast Þorbirni h/f árið 2000.

Fram til ársins 2008 er Guðjón skipstjóri m.a. á Ágúst GK, Hafbergi GK og síðast á Grímsnesi GK.

Eftir nær hálfrar aldar sjómennsku fór Guðjón í land og tók til starfa á golfvelli Grindvíkinga. Þaðan lá leiðin í Optimar h/f, hann tók þar til hendinni fram að dánardægri.

Gaui og Ella bjuggu síðustu æviárin að Víðigerði 21.

Guðjón var heiðraður af Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur á sjómannadag þann 3. júní 2018.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur minnist Guðjóns og Elínborgar með hlýhug og vottar aðstandendum þeirra samúðar.

Blessuð sé minning þeirra hjóna.

M/s Kampen 6000 tonna flutningaskip fórst þann 1. nóvember 1983, undan Mýrdalssandi



Guðjón Einarsson ásamt áhöfn sinni

„VIÐ ÁTTUM eftir um sex sjómílur að þýska skipinu þegar það hvarf skyndilega af radarnum hjá okkur. Þá vorum við búnir að sigla um tvær mílur frá því að kallið kom frá Vestmannaeyjaradíó en þá vorum við við Hjörleifshöfða," sagði Guðjón Einarsson, skipstjóri á Skarfi GK 666, þegar blm. Morgunblaðsins ræddi við hann í Vestmannaeyjahöfn laust eftir klukkan fimm í gærmorgun.

Skarfurinn var þá nýlega kominn inn með þrjá skipverja af þýska flutningaskipinu Kampen, tvo lifandi og við ágæta heilsu, þann þriðja látinn. „Það voru sex eða átta menn á björgunarfleka úr gúmmí þegar við komum á slysstaðinn," sagði Guðjón. „Við tókum strax einn af flekanum og á meðan þeir á Hópsnesinu voru að taka fleiri um borð hjá sér urðum við varir við einn mann, sem hékk á trjádrumb aftan við bátinn hjá okkur. Honum náðum við fljótlega um borð. Mennirnir voru allir ataðir svartolíu, sem hlýtur að hafa komið úr þýska skipinu, en það var mjög erfitt að ná á þeim taki." Guðjón sagði að áhöfnin á Skarfi hefði náð þriðja manninum af björgunarflekanum eftir nokkurn barning. „Við settum út bát með tveimur mönnum. Þeir náðu að koma böndum á manninn og flytja hann um borð til okkar. Þá var enn ræna með honum en það lífsmark slökknaði fljótlega. Við gerðum á honum ítrekaðar lífgunartilraunir en eftir um kiukkutíma var augljóst, að hann var dáinn.

Hinir tveir mennirnir voru ágætlega rólegir og virtust ná sér furðu fljótt." Tveir sjúkraliðar úr varnarliðsþyrlu sigu niður að Skarfinum, því þar var talin ástæða til að veita læknishjálp manninum, sem síðar reyndist látinn. Guðjón Einarsson skipstjóri sagði að illa hefði gengið að koma bandarísku sjúkraliðunum um borð. „Þeir reyndu fyrst með annarri þyrlunni en maðurinn, sem var kominn í taug úr henni vingsaðist svo rosalega, að þeir urðu að snúa frá, enda var þá sú þyrla orðin eitthvað bensínlítil. Þá tók hin þyrlan við á meðan sú fyrri fékk bensín úr Herkúlesvélinni og þaðan komu þessir tveir menn, sem voru með okkur.

Þeir komust fljótlega að þeirri niðurstöðu, að þeir gætu ekkert gert fyrir þann Þjóðverjanna, sem okkur gekk ekki að lífga við." Guðjón sagði að björgunarstarfið hefði gengið vel þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður.

„Við fundum mennina strax, meðal annars vegna þess að við sáum ljóstýrur á flekanum hjá þeim. Það var éljagangur þegar við komum fyrst á slysstaðinn en síðan lagaðist skyggnið mikið og var sæmilegt þegar við lögðum af stað til Eyja um ellefuleytið," sagði skipstjórinn á Skarfi GK 666.

Minning

Jón Ragnarsson skipstjóri og útgerðarmaður

Fæddur 4. ágúst 1937 - Dáinn 28. júní 2022.

Jón fæddist á Skagaströnd 4. ágúst 1937. Hann lést 28. júní 2022. Jón var sonur hjónanna Ragnars Magnússonar og Steinunnar Jónsdóttur. Ragnar faðir Jóns var kosinn fyrsti formaður Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur, þegar að stofnuð var sjómannadeild innan Verkalýðsfélags Grindavíkur árið 1956.

Jón byrjaði 12 ára að stunda sjóinn með föður sínum á sumrin og reri með honum á trillu sem Ragnar átti fyrir norðan.

Jón var 15 ára gamall þegar hann kom til Grindavíkur 1953 til þess að fara á vertíð með Guðmundi Karlssyni frá Karlsskála sem þá bjó á Skagaströnd og var að taka við Þórkötlu Gk sem Hraðfrystihús Þórkötlustaða var þá nýbúið að festa kaup á.

Jón var tvö ár með Gvendi Karls, sem næst tók við Þorgeiri GK, hjá sömu útgerð. 1957 rær hann á Stellunni GK með Gunnari Gíslasyni frá Vík.

Jón fer í Stýrimannaskólann '58 til '59 og lauk 120 tonna réttindum og verður þá stýrimaður hjá Símoni Þorsteinssyni á Mána GK sem kom nýr til Hraðfrystihúss Grindavíkur 1960.

1963 er Jonni orðinn skipstjóri á Vísi KE og um haustið tekur hann við Sigurbjörgu SU.

Jón fer á ný í Stýrimannaskólann og



lýkur Fiskimannaprófi 1965. Árið 1968 festir hann kaup á Vísi KE í félagi með bróður sínum Gesti ásamt Vilmundi Ingimarssyni, og gerðu út í 3 ár, þá selja þeir og kaupa Sigurfara AK, sem verður Reykjaröst GK. Að ári liðnu selja þeir útgerðina til Vísis h/f.

Jonni byrjar hjá Gjögri h/f 1975 og tekur þá við Oddgeiri ÞH 222 og er með hann til ársins 1983, hann er svo skipstjóri óslitið til ársins 2006 með Vörð ÞH 4 á vetrarvertíðum á netaveiðum, trolli og á síld.

Eftir rúmlega hálfrar aldar sjómennsku lét hann gott heita.

Eftirlifandi eiginkona Jóns er Kristín Thorstensen, þau eignuðust 3 börn; Magnús, Ólínu og Steinunni.

Jón Ragnarsson var heiðraður af Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur á sjómannadag 6. júní árið 2010.

Jón var einnig heiðursfélagi Vísis, félags skipstjórnar og stýrimanna á Suðurnesjum.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur minnist Jóns með hlýhug og vottar aðstandendum hans samúðar.

Blessuð sé minning hans.



Jón Ragnarsson aflakóngur á vertíð 1989.

Minning

Guðmundur Eggertsson frá Laufási

Fæddur 8. ágúst 1927- Dáinn 11. ágúst 2022

Guðmundur fæddist í Innstu Tungu í Tálknafirði og byrjaði ungur til sjós. Á unglinsárum réri hann með föður sínum frá Tálknafirði, og svo á ýmsum bátum fyrir vestan, meðal annars á línuveiðum við Grænland.

Guðmundur kemur til Grindavíkur um 1950 og stundaði upp frá því sjómennsku á fjölda bátum og togurum og var um tíma á fraktskipum.

Um árabil var Guðmundur með eigin útgerð og á langri starfsævi tókst hann á við margvísleg störf til sjós og lands.

Guðmundur var einn af stofnfélögum Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur árið 1956.

Guðmundur var heiðraður af Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur á sjómannadag árið 2000.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur minnist Guðmundar með hlýhug og vottar aðstandendum hans samúðar.

Blessuð sé minning hans.







Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.

Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið
Siglingaráð

Samgöngustofa



Hugleiðing

Ljósmynd Eyjólfur Vilbergsson

Hugleiðing á sjómannadag

Það sækir að mér uggur og syrtir að í bráð.

Sjómannadagurinn var fyrst haldinn árið 1938. Við höfum því í 85 ár haldið daginn hátíðlegan. Þar minnumst við sjómanna þessa lands, lífs og liðinna. Íslendingar hafa háð lífsbaráttu til sjós og lands allt frá upphafi byggðar. Baráttu sem oft hefur verið harðsótt og kostað fórnir.

Mikið hefur breyst hvað varðar sjómannslífið og er það vel. Vinnutíminn og frítíminn er afmarkaður og tryggir að sjómenn og fjölskyldur þeirra eiga sinn tíma saman. Vinnuöryggi sjómanna hefur breyst mikið í áranna rás. Reglur um búnað til að tryggja öryggi þeirra er vel fylgt eftir og er alltaf í endurskoðun og þróun. Þrátt fyrir það vitum við að slysin gerast og menn farast. Sorgin sækir okkur heim eins og alltaf þegar dauðinn kveður dyra. Og það er alltaf erfitt þegar hafið tekur menn og skilar þeim ekki til baka.

Í þessum sálmi gætir höfundurinn verið að lýsa ferli sorgarinnar. Þegar dimman sækir að þannig að við sjáum ekki, byrgir hún okkur sýn. En um síðir sjáum við að ljósið er þarna líka.

Það sækir að mér uggur og syrtir að í bráð.
Ég sé þig ekki lengur, hvar er þín mikla náð?
Ég geng um grýtta vegi og glata minni trú
í köldum kynjaheimi. Hvar ertu, Guð minn, nú?

Ég treysti ekki lengur að takir þú við mér
og traðka því á öllu sem mönnum heilagt er.
Í gleymsku get ég horfið en gleði skortir mig.
Hvað ertu, Guð, að gera? Ég gleymdi' að spyrja þig.

En mitt í dagsins amstri ég mæti þér og finn
að mögulega varstu hér alltaf, Drottinn minn.
Í hjarta mínu heyri ég hljóma orðin þín.
Með tregafullum tóni þú talar enn til mín.

Þú lýsir mér í dimmu og læknar hverja sorg.
Mig leiðir fram um vegu og ert mín trausta borg.
Mér undur lífsins færir þá ást sem best ég skil.
Svo ef ég opna augun þá ertu, Guð minn, til.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ég óska sjómönnum, fjölskyldum þeirra og öllum Grindvíkingum til hamingju með daginn og bið ykkur Guðsblessunar í leik og starfi.

Séra Elínborg Gísladóttir

Eðvarð T. Jónsson

Flóðið mikla
í Grindavík 1925



Básendaflóðið er í minnum haft sem eitt skelfilegasta sjávarflóð sem gengið hefur yfir Ísland á sögulegum tíma. Miklu minna hefur verið rætt og ritað um það geigvænlega sjávarflóð sem varð í Grindavík 21. janúar 1925 og gaf að sögn manna á þeim tíma Básendaflóðinu lítið eftir. Einu opinberu heimilda um hamfarirnar í Grindavík þennan dag er að finna í smáfrétt á bls. 4 í Alþýðublaðinu tveimur dögum eftir flóðið. Þar segir að hús hafi fokið, skemmdir orðið á jörðum á Kjalarnesi, í Kjós, á Stokkseyri og Eyrarbakka auk þess sem 6 heyhlöður hafi fokið í Árnessýslu og þök rofið þar á húsum auk þess sem allt ætlaði um koll að keyra í öðrum sjávarþorpum á Suðurnesjum og í Reykjavík. Blaðið nefnir ekki það gríðarlega tjón sem varð á húsum og jörðum í Grindavík.

Einu raunverulegu heimildirnar um voðaflóðið í Grindavík þennan sögulega dag er að finna í grein sem þjóðkunnur grindvískur vísindamaður, Bjarni Sæmundsson, skrifaði um þessar hamfarir í mars sama ár. Einar G. Einarsson kaupmaður í Garðhúsum skrifaði einnig örstutta frétt um það í Morgunblaðið tveimur dögum eftir flóð. Bjarni fór á flóðasvæðin í Grindavík tveimur dögum eftir hamfarirnar og fullyrðir að flóðið hafi ekkert gefið eftir Háeyrarflóðinu sem varð 2. janúar 1653, og jafnvel ekki hinu annálaða Básendaflóði 8.-9. janúar 1799, „að minnsta kosti ekki, þar sem það varð mest“, segir Bjarni.

Háeyrarflóðið varð í hvössum útsynningi og ógurlegum sjávargangi austur af Reykjanesi. Mörg verslunarhús brotnuðu eða skemmdust illa, tún spilltust og skip brotnuðu víða, þó mest í Grindavík, Eyrarbakka og Selvogi. Á Eyrarbakka drukknuðu hestar og kýr í húsum. Heilar fjölskyldur flúðu upp á hóla og hæðir meðan verst lét, sumir héldu sér uppi á húsbitunum en aðrir stóðu af sér flóðið uppi á húsþökum. Einn maður drukknaði í Einarshöfn en níu fórust á skipi frá Eyrarbakka í þessu sama veðri.

Áður en við hyggjum nánar að stórfróðlegri grein Bjarna Sæmundssonar um flóðið í Grindavík skulum við rifja stuttlega upp söguna af Básendaflóðinu.

Básendaflóðið

Básendaflóðið varð í náttmyrkri og fárviðri þann 9. janúar árið 1799 í einhverri kröppustu lægð sem farið hefur yfir Ísland á sögulegum tíma. Þetta er mesta skaðræðisflóð sem orðið hefur fyrr og síðar á Íslandi og olli gífurlegum usla og tjóni á fólki, skipum, húsum, gripum, vörum, túnum og mannvirkjum, mest frá Þjórsá og allt vestur um Snæfellsnes. Miklar skemmdir urðu á 187 bátum og skipum og reyndar munu þau flest hafa brotnað í spón. Timburkirkjuna í Hvalsnesi tók upp í heilu lagi í veðrinu,

og sást aldrei aftur. Kirkjur fuku einnig á Nesi við Seltjörn og brotnuðu illa í Kirkjuvogi og á Kálfatjön. Breið, fremsti bærinn á Akranesi, eyðilagðist alveg og í Staðarsveit urðu nokkrar jarðir óbyggilegar. Verslunarhúsið í Ólafsvík fauk, og Búðakaupstaður skemmdist mikið. Á Eyrarbakka braut flóðið vöruhúsið og á annað hundrað skepnur drápust. Seltjarnarnes varð að eyju í flóðinu og engin leið var að komast þaðan til Reykjavíkur. Í Grindavík spilltust 5 hjáleigur, völlinn tók af tveimur þeirra, tún skemmdust mjög víða og 100 sauðfjár drápust. Þar brotnuðu sex skip en átta skemmdust.

Kaupstaðurinn sögufrægi að Básendum á Miðnesi varð rústir einar í flóðinu og byggðist aldrei aftur. Kaupmaðurinn þar, Hinrik Hansen, flýði með konu og börn inn á Stafnes og komust þau við illan leik að hjáleigunni Loddu en vinnukona þeirra drukknaði í flóðinu.

Um Básendaflóðið orti skáldið Kristinn Pétursson:

Básendaflóðið bruddi grjót og hremmdi byggðina á skelfilegri vetrarnóttu, gósshlöður tætti, grundvellinum sökkti, girðingu blés á dreif í vallarsvörðinn. Hafsjó af tárum, hrinum formælinga hæfði ei minna gjald en endalokin.

Grindavíkurflóðið 21. janúar 1925

Í grein sem Bjarni Sæmundsson skrifaði í Vísi þremur mánuðum eftir hamfarirnar segir að þótt flóðið hafi valdið miklu tjóni víða á Suðvesturlandi hafi það gert langmestan usla í Grindavík, þó aðallega Járngerðarstaðahverfinu, þar sem verslunin var og mest byggðin. Ástæðan var sennilega sú, að sögn Bjarna, að þegar flóðið hófst gekk vindur til úr suðaustri í hásuðurs og þá stóð veðrið og sjórinn beint inn á Járngerðarstaðavíkina. Annars staðar í sveitinni voru skemmdirnar aðallega vegna grjótburðar sjávar á tún og jarðspellum utangarðs.



Völlur

Dagbjartur Einarsson frá Garðhúsum, síðar Ásgarði og Guðjón Einarsson frá Hliði, byggðu saman húsið og bjó Guðjón á efri hæð hússins.

Húsið stóð á mótum túnanna, Helgavallar, Vallarhúsa og Rafnshúsa. Enn má sjá móta fyrir sökkli í túnsverðinum.

Myndina teiknaði Margrét Dagbjartsdóttir eftir minni 22. janúar 1993.

Ólafur Rúnar Þorvarðarson tók hús á Margréti í leit sinni af mynd af húsinu og til urðu þessar teikningar, mynd af húsinu hefur ekki fundist.

Húsið mölbrotnaði í flóðinu og fórst þar allur búpeningur. Tókst heimilsfólki að flýja upp túnin að Garðhúsum þar sem því var tekið opnum örmum. *Mynd: Ólafur Rúnar.*



Eðvarð T. Jónsson - Flóðið mikla

Um hádegið var flóðið orðið eins hátt og hæsta stórstraumsflóð, en á þriðja tímanum náði það hámarki og fór nálega 3 metra upp fyrir það eða allt að tveimur metrum yfir lægri tún og flatir utangarðs. Auk þess fyllti sjórinn allar lautir og flæðitjarnir og fór langt upp fyrir bæi, sumstaðar jafnvel góðan kipp upp í hraunin sem þar eru allt í kring.

Hús nærri umflotin

Bjarni segir að upp úr svo nefndri Litlubót hafi sjórinn flætt upp með túngörðunum á Járngerðarstöðum, fyllt tjörnina þar og náð langt upp í Bóndastekkatún, kippkorn fyrir ofan Járngerðarstaði eða um 1 km. frá sjó. „Þar fanst keila rekin!“ segir Bjarni. Sjórinn braust inn fyrir utan lendingarnar, flæddi yfir öll tún og garða þar fyrir innan, upp á milli Garðhúsa og Krosshúsa, yfir alla túngarða þar á milli og alveg upp að hrauni. Járngerðarstaðir og Garðhús, býlin sem eru einna lengst frá sjó, voru nærri umflotin. Í þriðja lagi braust sjórinn inn niður undan Járngerðarstöðum inn í tjörn sem er í djúpri laut fyrir neðan bæinn, og fyllti lautina svo að sjórinn féll upp á hlaðið á Járngerðarstöðum og nærri því upp að Garðhúsum. Hvítfyssandi boðar fóru þar um lægri tún þar fyrir neðan. Bjarni segir að lítið hafi vantað á að flætt hefði yfir varnargarðinn góða, hraunklöppina Sölvhól, fyrir framan tjörnina á Járngerðarstöðum. Sjógusurnar gengu yfir klöppina.

Malarkambarnir að mestu horfnir

Þegar Bjarni frétti af flóðinu ákvað hann að bregða sér sjálfur suður til þess að sjá þessa „viðurstyggð eyðileggingarinnar“ sem hann hafði heyrt um í höfuðstaðnum. Svo vel vildi til að jörð var alauð þegar hann kom og flest með sömu ummerkjum og Ægir hafði skilið við Grindavík þennan minnisstæða dag. Honum varð strax ljóst að engu hafði verið logið um hamfarirnar og hann varði fyrsta deginum til þess að kynna sér afleiðingarnar með augum vísindamannsins.

Það fyrsta sem hann tók eftir var að háu malarkambarnir sem sjórinn hafði hlaðið fyrir framan hverfið voru nánast horfnir. Þeir höfðu víða verið svo háir að varla sást til sjávar af túnunum. Nú hafði sjórinn sorfið mjög af þeim og sumstaðar jafnað þá alveg við jörðu. Hann hafði skolað þeim inn á túnin fyrir ofan ásamt þykku lagi af sandi og þar með voru horfnir allir túngarðar sem staðið höfðu innan við kampana, auk matjurtagarðannna, sem næstir voru sjónum.

Í grein sinni segir Bjarni: „Jafnvel heima á Járngerðarstöðum, voru kálgarðaveggirnir fallnir. Á túnunum vou rastir af vikurmolum, sem fyrir mörgum öldum höfðu skolast á land í eldgosum og smám saman grafist djúpt í sandflatirnar fyrir utan hverfið. Nú hafði sjórinn rótað þessu upp og borið það á túnin. „Dálaglegur áburður það!“, segir Bjarni. En til viðbótar hafði sjórinn borið þang og þara á túnin annarsstaðar, og sumstaðar lá þang uppi á háum hraunklöppum, langt frá sjó. og sýndi hve hátt sjórinn hafði komist.

Örkin hans Nóa

Mikið tjón hafði orðið á húsum. Einkum hafði sjórinn brotið sjávarhús eða skolað þeim til og í þeim var mikið skemmt af salti, afla og áhöldum. Tekist hafði að laga mörg þessara húsa á nokkrum vikum og jafnvel var búið að reisa ný. Vetrarvertíð fór í hönd og án þessara húsa gátu menn ekki verið á vertíðinni. Bærnir sem næst voru sjónum höfðu orðið verst úti en þeir voru Völlur, Vallarhús, Hrafnshús og Ekurhús. Á Velli, í Vallarhúsum og Ekurhúsum höfðu stórar túnspildur farið undir sand og grjót. Á Velli og í Hrafnshúsum tók upp hlöður og fjós og í Ekurhúsum fór timburbaðstofan. Skepnuhúsin stóðu eigi allfjarri þessum bæjum en voru samt lítið brotin. Þau höfðu losnað af grunni í flóðinu og flutu nú eins og örkin hans Nóa en til allrar hamingju voru þau mannlaus og skepnulaus því mönnum og skepnum hafði verið bjargað í tíma. Á Velli drápust um 20 lömb í húsi sem stóð nærri sjó og hafði alveg skolað burt. Annars týndist fátt af skepnum. Út með sjónum fyrir utan hverfið voru víða sendnar flatir og hraunhellur á víxl, en skeljasandur og kampar við sjóinn. Jarðvegur allur var mjög upprifinn og sandinum hafði skolað langt inn á land, jafnvel inn yfir næstu tún, og valdið stórskemmdum á högum og túnum.



Ljósmynd Eyjólfur Vilbergsson.



Ljósmynd Jón Steinar.

Vísindamaðurinn valinkunni frá Grindavík

Náttúrufræðingurinn þjóðkunni, Bjarni Sæmundsson, fæddist á Járngerðarstöðum í Grindavík 15. apríl 1867 og lést 6. nóvember 1940. Bjarni lauk stúdentsprófi við Lærða skólann árið 1889, þá 22 ára gamall. Síðan hélt hann til Kaupmannahafnar og nam landafræði og náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla, lauk prófi þar árið 1894 og kenndi náttúrufræði við Lærða skólann í Reykjavík næstu 29 ár.

Bjarni samdi fyrstu kennslubækurnar í náttúrufræði fyrir íslenska skóla og voru þær áratugum saman kenndar í barnaskólum landsins. Meðal annarra kennslubóka eftir hann eru Dýrafræði handa gagnfræðaskólum og Landafræði handa gagnfræðaskólum auk þess sem hann skrifaði kennslubókina Sjór og loft sem kennd var í náttúrufræðideildum menntaskólanna í áratugi.

Bjarni er þó þekktari fyrir rannsóknir sínar í fiskifræði. Danskur dýrafræðingu, Johannes Schmidt, kom hingað til lands til að rannsaka lífríki hafsins umhverfis Ísland á rannsóknaskipinu Thor vorið 1903. Johannes fékk Bjarna til að taka þátt í leiðangrinum og upp frá því hélt Bjarni rannsóknum áfram á grunnsævinu við Suður- og Suðvesturland. Þar rannsakaði hann hinar ýmsu fisktegundir fram til ársins 1930.

Bjarni hætti kennslu 1923, þá 56 ára gamall. Hann tók saman gríðarlega viðamikla þekkingu sína á íslenskri náttúru og náttúrufari í bókinni Fiskarnir sem kom út 1926 en síðan komu bækurnar Spendýrin árið 1932 og Fuglarnir 1936.

Bjarni var formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags frá 1905-1940. Fyrir merkar vísindarannsóknir og framlag til náttúrurannsókna var Bjarni Sæmundsson kjörinn heiðursdoktor við Hafnarháskóla á 450 ára afmæli skólans árið 1929.



Bjarni Sæmundsson

Gleggsta vottinn um hafrótið mátti sjá í Malarendum fyrir utan Járngerðarstaði („voru ranglega nefndir Vörðunes á korti herforingjaráðsins," segir Bjarni). Þar var nú mjög stórgrýttur kampur þar sem gríðarstór björg lágu á hákampinum, eina eða tvær mannhæðir yfir vanalegu stórstraumsflæðarmáli. Nú hafði kampurinn lækkað að mun og mörg af þessum björgum voru komin inn á grasflatirnar fyrir innan. Bjarni segir að eitt þeirra hafi verðið á að giska tveir og hálfur metri að stærð og nálega þrjú tonn að þyngd. Það lá um 20 metra uppi á flötinni og hafði líklega komið ofan úr hákampinum.

Grindvíkingar vanir úfnum sjó

Stýrishús með undirhúsi af enskum botnvörpungi var nú komið upp á flatirnar fyrir ofan djúpt lón í Litlubót og gnæfði þar eins og turn. Botnvörpungurinn hafði strandað fyrir utan Járngerðarstaði fyrir mörgum árum og lengst af legið í kafi í lóninu. Þýskur botnvörpungur sem hafði strandað árið áður, 1924, við Staðarmalir, var líka farinn á kreik og kominn upp á hákamp í Staðarbót, „rétt eins og hann ætlaði að heilsa upp á prestinn á Stað", segir Bjarni.

Hann segir að það hafi verið mikið lán fyrir Grindvíkinga að flóðið kom um miðjan dag. Menn hafi séð hættuna og getað gengið rólegir að björgunarstarfinu sem var erfitt og sóttist seint vegna ofsaveðurs og sjódrifs.

Orðrétt segir Bjarni í grein sinni:

„Grindvíkingar eru vanir að sjá framan í úfinn sjó, og ædrast ekki úti á miðum, en að vaða sjóinn í mitti eða axlir á ógreiðfærum vegum innan um gaddavírsgirðingar og annan farartálma með kvenfólk og börn í fangi, og fá svo ólögin á sig og verða að bjarga sér undan þeim upp á fallandi garða, það voru þeir ekki vanir við, en alt gekk þó slysalaust. Sumir fóru um túnin á bátum, og tóku fólk út



um gluggana. Hefði flóðið komið um dimma nótt og enginn getað séð hvað eiginlega var að gerast er líklegt að felmtur hefði gripið marga, og sennilegt að manntjón hefði orðið og það eigi lítið.“

Miklar búsifjar

Um tjónið sem þetta olli í Grindavík skrifaði Einar G. Einarsson kaupmaður í Garðhúsum (og frændi Bjarna) stutta frétt í Morgunblaðið tveimur dögum eftir flóðið, föstudaginn 23. janúar. Þar segir m.a.:

„Niðri við lendinguna sem mjög eyðilagðist, braut sjórinn og tók með sér 12 saltskúra og eyðilagðist í þeim mikið af salti og öðru verðmæti. Margir róðrarbátar brotnuðu og skemdust. Fjöldi af sauðfje hefir drukknað í flóði þessu, bæði í húsum og til og frá með fjörunum. Fjöldi fólks hefir flúið úr húsum sínum og gistir í nótt hjá nágrönnum, er hærra búa frá sjó. Enn er ekki frjett um tjón það, sem kann að hafa orðið í Þórkötlustaða- og Staðarhverfum, en búast má við því svipuðu. — Manntjón varð ekki en þó skall hurð svo nærri hælum, að úr tveim húsum, sem standa langt uppi á túnum, varð að bjarga fólkinu á bátum, og úr öðru þeirra að brjóta glugga til þess að ná því. Tjónið er mikið með tilliti til efnahags þeirra sem þar búa.“

Lífæð þorpsins í veði

Bjarni Sæmundsson segir það ógerning að meta tjónið til peninga sem varð á húsum, salti, matvælum, túnum, matjurtagörðum og girðingum. Hann telur það nema að minnsta kosti 20 þús. kr., (hátt í 40 millj. kr. á núvirði). Jarðspellin utan túna og garða er útilokað að meta, segir Bjarni, en að vísu hafi efnahagur Grindvíkinga verið í góðu lagi á þessum tíma vegna gætni og atorkusemi fólksins í öllum framkvæmdum og góð nýtni þess á allt sem það aflar. Fátt var um ríkisbubba í Grindavík á þessum árum og slík upphæð hefði orðið þungur skattur á þorpið. „Það er þó ekki það versta,“ heldur Bjarni áfram. „Þetta mun lagast með tíð og tíma en alvarlegast er að hverfið liggur nú berskjaldað fyrir öllum nýjum flóðum — og stórflóð geta komið á hverjum vetri, þótt vonandi verði langt að bíða annars eins flóðs og þessa í vetur því að bæði túngarðarnir og einkum hinir náttúrlegu varnargarðar, kamparnir, eru fallnir, og úr því þarf að bæta hið bráðasta.“

Verkfræðingur einn hafði gert áætlun um að varnargarður fyrir hverfið myndi kosta rúmar 100.000 krónur (um 180 millj. á núvirði) og það var meiri upphæð, en sveitin öll gat undir risið.



Ekki hafði verið leitað til hins opinbera um hjálp en hana verður að veita, segir Bjarni, bæði Grindvíkingum og öðrum sem hafa orðið fyrir slíku tjóni, og þótt hún yrði ekki veitt öll í einu, myndi hún samt koma að liði. Í Járngerðarstaðahverfinu yrði fyrst og fremst þörf á skjólgarði fyrir lendingarnar og uppsátrið — og hann yrði varla mjög dýr — en verði skjólgarður ekki reistur er útræðið, lífæð þorpsins, í veði. Fylla þurfi síðan sérstaklega í tvö skörð eða lægðir, að mati Bjarna, þar sem kamparnir hafa sópast burtu og hætta sé á enn frekari niðurgreftri sjávar á þessum stöðum því að djúpt er þar á klöppum. Sumstaðar séu þó klappir sem myndu halda, og eitthvað af kömpunum myndu standast öll „skikkanleg“ flóð.

Bjarni segir að lokum:

„Afleiðingunum af algeru aðgerðarleysi skal ég ekki lýsa. Í útlöndum býst ég við að ríkið mundi telja það sjálfsagt að bæta úr aðalþörfinni, allsherjar varnargarði fyrir plássið og í fullu trausti þess, að þeir sem hugsa eiga um velferð lands og lýðs bregðist vel við hjálparbeiðni Grindvíkinga og annarra, sem orðið hafa illa úti í þessu voðaflóði.“

NÁM Í VEIÐARFÆRATÆKNI



Fisktækniskóli Íslands býður upp á nám í veiðarfæratækni.

Fisktækniskóli Íslands hefur umsjón með kennslu faggreina í veiðarfæratækni.

Námið hentar fólki sem er starfandi við veiðarfæragerð eða á fiskiskipum þar sem færni í veiðafæratækni er krafist. (netagerð)

Auðvelt er að taka námið með vinnu þar sem námið fer fram í fjarnámi á moodle.fiskt.is
Faggreinum er skipt niður á tvær annir þannig að nemandinn hefur val um námshraða.

Frekari upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans: **www.fiskt.is**

FISKTÆKNISKÓLINN
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

info@fiskt.is • www.fiskt.is • s:412-5966

HD

www.hd.is

Í tilefni sjómannadags óskum við sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

HD hefur ávallt haft sterka tengingu við íslenskan sjávarútveg. Endurnýjun og tæknivæðing fiskiskipaflotans sem og vaxandi umsvif í fiskeldi kalla á fjölbreyttari viðhaldsþjónustu en áður, þjónustu eins og sívöktun vélbúnaðar, ástandsgreiningar sem og almenna viðhaldsþjónustu.
HD útvegar vélbúnað, dælur og tæknilega þjónustu fyrir sjávarútveg og fiskeldi.





Hollvinasamtökin „Áttæringurinn" færa Grindvíkingum „Grindavíkurskip" teinæring eða tíróinn áttæring með Grindavíkurlagi, fullbúið áraskip með rá og reiða. Skipið verður til sýnis gestum og gangandi n.k. sjómannadag.

Haukur Aðalsteinsson:

Skipasmiðurinn og saga árabátanna á Suðurnesjum

Haukur Aðalsteinsson, skipasmiður og rithöfundur, hefur undanfarna áratugi safnað heimildum um sögu árabáta og vélbátavæðingu á Suðurnesjum á 19. öld og fyrstu áratugi síðustu aldar. Bent skal á að Haukur skrifaði vandaða og stórmerka grein um útgerðina í Grindavíkurhreppi á árunum 1754-1845 í Sjómannadagsblað Grindavíkur árið 2013. Þá hefur hann einnig viðað að sér heimildum og ritað um þilskipin á Suðurnesjum. Árbók Suðurnesja hefur birt eftir hann greinar um þilskipaútgerðina hér suður með sjó á tímabilinu 1804-1896 en Haukur hefur einnig rannsakað þessa útgerð á árunum 1896-1904.



Haukur Aðalsteinsson

Í bók sem kom út á síðasta ári rekur Haukur einnig sögu bændaútgerðarinnar í Vogum og á Vatnsleysuströnd. Bókin heitir „Út á Brún og önnur mið - Útgerðarsaga Vatnsleysustrandarhrepps til 1930. Minja og sögufélag Vatnsleysustrandar gaf út bókina en í henni er rakin saga bændaútgerðarinnar í Vogum og á Vatnsleysuströnd allt frá elstu fáanlegu heimildum fram á þriðja áratug tuttugustu aldar þegar vélbátar höfðu leyst árabátana af hólmi. Sagt er frá áhrifum Viðeyjarklausturs á svæðinu, konungsútgerð, spítalafiski, sjósókn, netaveiðideilum, saltfiskverkun, sjóbúðum og þilskipaútgerð. Bókin byggir á viðamikilli könnun frumheimilda í fornbréfasafni, Þjóðskjalasafni og fleiri skjalasöfnum sem gefur í mörgum tilfellum nýja sýn á söguna, bæði sögu svæðisins sem og sjósóknar þar. Hún er öllum áhugasömum um útgerðarsögu mjög fróðleg lesning og merkileg heimild um lífshætti þeirra sem sóttu sjóinn og byggðu landið fyrr á öldum.

Haukur segist hafa haft áhuga á útgerð og bátum frá blautu barnsbeini.

„Ég hef lifað og hrærst í þessum málum alla mína tíð. Ég er alinn upp við sjávarsíðuna, í Brunnastaðahverfinu á Vatnsleysuströnd, nánar tiltekið Suðurkoti. Ég fór fyrst til sjós í nokkur ár á bátum úr Vogunum og síðan frá Keflavík en jafnframt stundaði ég vinnu á sumrin hjá Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Þar hef ég unnið alla tíð síðan."

Allt frá upphafi Íslandsbyggðar var árabáturinn eitt helsta tæki fólks við sjávarsíðuna til sjálfsbjargar. Hann var hluti af daglegu amstri fólks og áhrifavaldur í lífi þess og starfi. Báturinn var forsenda þess að maðurinn gat nýtt sér hafið til framfærslu. Í þúsund ár var hann fiskibátur Íslendinga, oftast knúinn afli mannsins þar sem hver og einn ræðari lagði til orku af sjálfum sér. Þó að tími árabátanna sé löngu liðinn lifa áfram með þjóðinni ótal tilvitnanir og orðtök frá fyrri tíð sem vitna um mikilvægi hans fyrir líf og störf þjóðarinnar.

Fyrir um tíu árum smíðaði Haukur Aðalsteinsson, skipasmiður, tvíæring með sama lagi og notaður var í öllum þingsóknum Gullbringusýslu fram á nítjándu öld. Við gerð bátsins studdist Haukur við heimildir um fiskibát við Faxaflóa eftir teikningu úr leiðangri Joseph Banks frá 1772 og lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu, verðlaunaritgerð Skúla Magnússonar landfógeta frá 1785. Í ritgerðinni lýsir Skúli m.a. bátagerðum og ýmsu sem tilheyrir útgerðinni og þar koma einnig fram mál tvíærings sem eru þau sömu og komu fram á teikningunni frá 1772. Á þessu tímabili var tvíæringur aðalfiskibáturinn við sunnanverðan Faxaflóa og algengur allt fram á miðja nítjándu öld. Árið 1790 voru t.d. í öllum þingsóknum Gullbringusýslu eða á svæðinu frá Elliðaárósum til Krýsuvíkur við fiskveiðar um 720 skip og bátar en þar af voru 585 tvíæringar.

Algengur fiskibátur

Við báðum Hauk að segja lesendum Sjómannadagsblaðsins frá gamla tvíæringnum og tildrögum þess að hann hóf sjálfur að smíða slíkan bát.



Hollvinasamtökin „Áttæringurinn" færa Grindvíkingum „Grindavíkurskip" teinæring eða tíróinn áttæring með Grindavíkurlagi, fullbúið áraskip með rá og reiða. Skipið verður til sýnis gestum og gangandi n.k. sjómannadag.

Grindavíkurskipið

Myndin hér að ofan sýnir „teinæring" tíróinn áttæring sem liggur milli Þorbjörns h/f, þar sem móttökurnar eru nú og gegnt Steinum. Á þeim tíma er myndin var tekin var fjárhús t.v. og neðan við bátinn.

Eins og sjá má er skipið illa farið og mætti það örlögum sínum þarna.

Myndin var í fórum Gunnars Tómassonar og er úr myndinni Sölku Völku sem tekin var í Grindavík árið 1954.

Hér að öllum líkindum komið skip það sem Þjóðminjasafn Íslands lét teikna upp og eru þær teikningar í Íslenskum Sjávarháttum eftir Kristján Lúðvíksson. Notast er við þær teikningar við nýsmýði „Grindavíkurskipsins".

Heimildarmenn eru Ólafur Rúnar Þorvarðarson og Gunnar Tómasson, gagnaöflun um nafn þessa skips er í gangi, algengt var að skipin væru kennd við bæina.

„Þótt uppruni tvíæringsins sé óþekktur er ástæða til að ætla að hann hafi verið algengur fiskibátur við Flóann allt frá fornu fari samanber lýsingu Skúla Magnússonar," segir Haukur. „Skúli segir að sótt hafi verið á tveggja manna förum frá ómuna tíð í Hafnarfirði og við Stapa. Bátnum lýsir Skúli þannig að hann sé það mjór að tveir menn geti ekki setið og róið á sömu þóftu. Hann er niðurmjór og valtur en léttur og skriðdrjúgur í róðri, jafnvel er hægt að hafa við áttæring í róðri ef logn er eða vindur á móti. Ekkert stýri er á bátnum og honum því stjórnað með árum undir róðri. Ef bátnum er siglt er stýrt með svokölluðu rófustýri, en það er gert með því að ár er fest við borðstokk og hún notuð til stýringar."

Stærðir árabáta

„Íslenska árabátnum er jafnan skipt í stærðir," heldur Haukur áfram, „og samkvæmt heimildum eru þeir skilgreindir eins og áratal þeirra gefur til kynna: tvíæringur, feræringur, sexæringur, áttæringur, teinæringur, og tólfæringur. Það var því mikill munur á stærðum skipa og báta sem gengu til sjóróðra og má segja að þar hafi ólíkar aðstæður ráðið. Á Suðurnesjum má skipta svæðinu um Garðskaga. Utan eða sunnan við voru stærstu skipin, en innan við Skaga voru minni skip og bátar.

Aðalmál tvíæringsins eða utanmál byrðings voru að mesta lengd milli stafna um 5,4m, breidd um miðju l,4m og dýpt um miðju 0,56m. Þannig var báturinn talinn hafa burðargetu um 900 kg. Þar af var þungi áhafnar og búnaðar um borð áætlaður um 200 kg. Var því hægt að hlaða afla í bátinn allt að 700 kg. Og var þá hleðslan miðuð við að eftir stæði eitt



Björgvin í nausti 1929—30. Á myndinni eru talið frá stafni: Bjarni frá Búfu í Kjós, sem lengi réri hjá þeim félögum á Járngerðarstöðum. Jón Tómasson, símstjóri í Keflavík, Sveinn Sigurþórsson frá Kollabæ í Fljótshlíð, Tómas Sigurþórsson frá Kollabæ í Fljótshlíð, sem lengi var í stjórn Dagsbrúnar. Þá er það Þorvaldur Klemensson, faðir Tómasar. Þá Tómas Þorvaldsson, Gestur bóndi í Sólheimum í Hreppum, Gunnar Hálfdánsson og Eiríkur Tómasson.

borð fyrir báru. Á bátnum var sótt jafnt á handfæri og á net eftir að þau komu til sögunnar, en á færaveiðum var legið við stjóra meðan setið var fyrir fiski."

Stórútgerð á tveggja manna förum

Haukur segir okkur nánar frá tildrögum þess að hann byrjaði að smíða bátinn.

„Hugmyndina fékk ég þegar ég skoðaði heimildir um árabátaútgerðina á Suðurnesjum á tímabilinu 1750 til 1840 í tengslum við svokallaðan spítalafisk. Eftir að hafa kannað þessar heimildir var ljóst hvað þessi stærð af bát hafði verið algeng innan Faxaflóa á því tímabili og var í rauninni þar aðalfiskibáturinn. Má segja að á innanverðum Stakksfirði hafi þá verið rekin stórútgerð á tveggja manna förum. Undirbúningur að minni smíðinni hófst í lok fyrsta áratugarins en smíðin stóð yfir í rúm tvö ár eða frá haustdögum 2009 og lauk 2013. Báturinn var smíðaður í Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Undirbúningurinn fólst aðallega í að útbúa eða forma mót fyrir smíðina og var m.a. gert líkan af bátnum í hlutföllum 1/5 og kom þá í ljós eitt og annað sem þurfti að lagfæra. Að því loknu var sett upp grind, hálf gjörð í fullri stærð þar sem línur voru lagðar og eftir því útbúin mót.

Við smíði bátsins var farið eftir þeim aðalmálum sem koma fram á teikningu frá 1772 og þeim lýsingum sem er að finna í ritgerð Skúla um bátinn. Aðalmál bátsins í lengd, breidd, og dýpt ásamt



Lagt af stað í róður árið 1922 eða 1923. Þorvaldur Klemensson formaður við stjórn á teinæringi sínum og vaskur maður í hverju rúmi.



M/B Hrungnir (Hrungnir þýðir Jötunn, en Þorsteinn Hrungnir var sonur Molda-Gnúps, sem var landnámsmaður í Grindavík.) Á myndinni eru talið frá mastrinu: Tómas Þorvaldsson, Sigmundur Guðmundsson, sem lengi hefur verið stýrimaður á Víkingi og nú á Vigra. Hinir eru allir dánir, en þeir eru Magnús Ívarsson, Vilbergur Aðalgeirsson, sem var kunnur formaður í Grindavík og Sigurður Jónsson frá Hópi, velþekktur Grindvíkingur. HRUNGNIR var einn fyrsti dekkbáturinn, sem smíðaður var fyrir Grindvíkinga.

lengd kjalar ráða því mestu um lögunina. Útfærslur á einstökum smíðahlutum eru ekki endilega svo gamlar en þó er reynt að fylgja gömlu smíðalagi eftir í meginatriðum eins og kostur er. Smíðaefnið er mest eik og fura. Eik er í kjöl og stefnum. Fura er í byrðing, kjalbaki, böndum og borðstokk en greni í þóftum. Byrðingurinn er skarsúð, sjö umför, festur saman með hnoðsaum og ró, samskeyti borða eru blaðfelld. Böndin eru felld að súðarborðunum og fest á súðina með hnoðsaum og ró.

Bönd og botnfellur (rengur og bunkastokkar) eru ein samfella og samskeyti blaðfelld. Bönd eru staðsett við þóftur sem eru tvær auk bita. Til viðbótar er eitt band í hvoru rúmi og að auki sitt hvort bandið í barka og skut. Stafnlok og stafnlokseyru eru í stöfnum og ná endar upp á borðstokk eins og aðrir bandaendar. Hnýflar og þóftukrappar eru úr eik.“

Keipur, hái og hamla

„Ræði eru fjögur, þ.e. umbúnaðurinn sem árin rær um. Ræðin nefnast hömluræði og eru mjög gömul útfærsla. Á Íslandi er það þekkt allt aftur til Sturlungaaldar. Ræðinu er skipt í þrjá hluta, keipur, hái og hamla eða hömluól. Þekktar samlíkingar eru til í málinu út frá hömlunni. Að hamla var að halda árarblaðinu í sjó til þess að draga úr ferð bátsins.

Af orðinu er væntanlega komið orðið hemill sem í dag væri bremsa. Að eitthvað dragist á langinn eða dragist úr hömlu er einnig tengt hömlunni í samlíkingu við að árin dragist á langinn úr hömlunni. Einnig er orðið hömlulaust en það átti við þegar hömlubandið vantaði eða hafði bilað og var þá stjórnlaust. Árar eru úr furu og heitir árin stokkaár en henni er skipt í fjögur heiti: hlummur, stokkur, leggur og blað. Þegar kemur að siglingu bátsins verður



Þessi mynd var tekin í Grindavík árið 1936. Mótorbátar athafna sig við bryggjuna sem hægt var að skjótast upp að og landa fiski.



Þessi mynd var tekin í uppsátrinu á Járngerðarstöðum. Þorvaldur Klemensson, formaður, faðir Tómasar er lengst til hægri á myndinni, en drengirnir eru talið frá hægri: Synir hans þrír, þeir Guðlaugur Þorvaldsson, háskólarektor (með svarta húfu). Við hlið hans er Tómas Tómasson, forseti bæjarstjórnar Keflavíkur, þá viðmælandi vor Tómas Þorvaldsson, forstjóri og formaður SÍF (í Ijósum buxum). Um þetta leyti var Tómas byrjaður að vinna að fiskveiðum. Upp í skipinu er móðurbróðir hans, Eiríkur Tómasson. Þekktur maður í sinni tíð en dó ungur, aðeins 42 ára gamall. Myndin er tekin fyrir 1930.

að segjast að hún er nokkur ráðgáta og að um hana liggi ekki fyrir örugg vitneskja. Á teikningunni frá 1772 er sýnd stelling fyrir siglu en á þessum tíma eða í lok átjándu aldar var skautaseglið eða þverseglið, en aðalseglið eins og verið hafði frá fornu fari. Hugmyndir um líklega þróun seglbúnaðar í Faxaflóa gera ráð fyrir að breytingar verði á siglingu á fyrri hluta 19 aldar og að annar seglbúnaður komi þá til, s.s stórsegl og fokka. Í lýsingu Skúla um siglubúnað bátsins koma fram nokkur nýmæli eða öllu heldur lýsing á siglugerð sem er frábrugðin hefðbundnu siglutré, en er þó skýrt orðuð. Þar segir m.a. að á tvíæringum séu einnig höfð segl en þau verða ekki notuð nema í undanvindi. Einnig segir þar að sigla þeirra sé sperra sem hvíli út við báða hástokkana á fremri þóftunni. Heimildir um þessa útfærslu á siglu virðast vera torfundnar nema sem neyðarsigling. Ekki er þó hægt að draga upp nákvæma mynd af siglingu bátsins út frá þessum lýsingum en helst má ætla að seglið hafi verið útfærsla af þríhyrnu og því ekki ósvipað og stagfokka varð seinna."

Þilskipin

Haukur segir, að hann hafi byrjað að lesa það sem skrifað hafði verið um þilskipin á Suðurnesjum og taldi sig þekkja þar til. Hann fór fljótlega að renna grun í að ekki væri öll sagan sögð og ýmislegt skorti á heildarmyndina, t.d. í Skútuöldinni hjá Gils Guðmundssyni og í Sjómannasögunni sem Vilhjálmur Þ. Gíslason skrifaði á sama tíma og Gils.

Í viðtali við Sjómannadagsblaðið segir Haukur, að þegar hann las um Suðurnesjaskipin hafi honum sérstaklega fundist eitthvað vanta og tæpt á öðru, einkum þar sem fjallað er um útgerð Jóns Daníelssonar um aldamótin 1800. Sagt var frá því að þessi útgerð hefði verið til en síðan ekki söguna meir. Hann gerði sér því ferð í Þjóðskjalasafnið til að kanna hvort ekki mætti finna betri upplýsingar um þessa útgerð. Þá rakst hann á langt og mikið bréf, sem skrifað var að tilsögn Jóns Daníelssonar og er sennilega ekki frá honum sjálfum. Þar var fjallað um lífshlaup Jóns og um skútutímabilið þar sem hann kom við sögu allt frá 1800 og frameftir. Þessu gerði hann síðan skil í grein sem hann nefndi „Þilskipaútgerð í Vogum á fyrri hluta nítjándu aldar" og birtist í Árbók Suðurnesja 1994. Önnur grein um þetta tímabil „Þilskip á Suðurnesjum" birtist síðan í Árbók Suðurnesja 1998. Síðar einbeitti hann sér að mótorbátaútgerðinni á Suðurnesjum og hefur safnað nokkuð ítarlegum upplýsingum um þetta tímabil.

Vélbátaútgerðin á Suðurnesjum

Vélbátaútgerð hófst frá Suðurnesjum fyrir 125 árum þegar vélbátur hóf fiskiróðra frá Sandgerðisvík fyrstur vélbáta í febrúarmánuði árið 1907. Í tilefni þessara tímamóta skal nú minnast liðinna tíma og fjalla um viðgang útgerðarinnar á frumárum hennar eða fyrstu tvo áratugina. Við gefum Hauki Aðalssteinssyni orðið.

„Við upphaf vélvæðingar á

Suðurnesjum var þar fyrir hefðbundin útgerð róðrarbáta rekin eftir aldagamalli hefð og fyrirkomulagi og aðstæður þannig að á vetrarvertíð var róið til fiskjar út frá nánast hverjum bæ þar sem lendingu var komið við. Skútuútgerð hafði ekki fests í sessi og róðrarbátaútgerðin í Faxaflóa var í lægð eftir kreppuna sem varð með komu ensku togaranna fyrir aldamótin. Það var því stöðnun í atvinnumálum á Suðurnesjum þegar fyrstu vélbátarnir komu þar til sögu, en með þeim voru innleiddar nýjungar í útgerðarháttum sem breytti atvinnumálum á svæðinu.

Aðstaða til að halda báta í öruggri höfn var ekki fyrir hendi við sjávarplássin á Suðurnesjum í upphafi vélaaldar. Þó voru til staðar bryggjur nothæfar til löndunar í Keflavík. Hafnaraðstæður réðust af náttúrulegum aðstæðum á hverjum stað, og var bátum lagt við legufæri þar sem fært þótti fyrir opnu hafi. Aðstæður voru mjög misjafnar en bestu hafnarskilyrði voru talin vera í Sandgerðisvík og í Vogavík. Í Keflavík voru erfiðleikar með bátana í austan og norðaustanáttum en út af Garðinum voru aðstæður alverstar þar sem reynt var að halda bátum við festar og brotnuðu fyrstu vélbátar Garðmanna þar hver af öðrum."

Gammur var fyrstur

„Eins og áður segir hófst vélbátaútgerðin á Suðurnesjum í Sandgerði þegar Björn Gíslason kaupmaður í Reykjavík gerði út þaðan þrjá vélbáta til fiskveiða. Fyrstur kom báturinn Gammur og var hann gerður út til fiskveiða á vetrarvertíð, fyrstur vélbáta frá Suðurnesjum. Um vertíðarlok bætti Björn öðrum bát við útgerðina og um Jónsmessu bættist svo þriðji vélbáturinn við. Vélbáturinn Gammur var um 12 smál. að stærð, skarsúða tvístöfnungur með 12 hestafla, 2 cylindra Möllerupvél, smíðaður í Reykjavík af Bjarna Þorkelssyni árið 1905. Hann var einn af fyrstu þilfarsbátum sem smíðaðir voru hér á landi fyrir vél og sá stærsti sem þá hafði verið smíðaður.

Þótt ekki væri það nýtt að sjá þilfarsbát liggja fyrir festum í Sandgerðisvík, þá voru það mikil tíðindi og tímamót í útgerðarsögu Suðurnesja þegar vélbát var þar lagt fyrir ankeri í febrúarmánuði árið 1907 til að stunda þaðan fiskveiðar yfir vetrarvertíð. Áhöfnin á bátnum voru 6 menn, formaður var Magnús Þórarinsson frá Flankastöðum og vélamaður var Olav I. Olsen vélsmiðjueigandi til margra ára í Ytri Njarðvík. Ekki fara sögur af aflabrögðum í þessari frumraun vélbátaútvegs á Suðurnesjum, en

„Á þessum árum, eða eftir 1920, þá eru það yfirleitt tveir og þrír menn sem eiga saman skip og þeir tóku til sín „útgerðarmenn" en það voru vinnumenn og smábændur ofan úr sveitum. Þeir voru nefndir „útgerðarmenn" því þeir voru gerðir út í verið af sveitaheimilum. Þaðan er útgerðarmannsnafnið komið".

Tómas Þorvaldsson 1919-2008.
Tómas Þorvaldsson, úr viðtali Sjómannablaðsins Víkings 1976.



Myndin er af sama skipi, Björgvin frá Grindavík, en á bak við það sést fyrsta skipið sem var „dekkað" úr opinni trillu í Grindavík, Sæborg, en á það skip fiskaðist mjög mikið. Við skipið standa talið frá stafni: Magnús frá Skúfholti í Holtum, Tómas Þorvaldsson, Haraldur Teitsson frá Hvammstanga, en hann réri 10 vertíðir hjá okkur, og Eiríkur Tómasson. Þann sem stendur í stafni hefur Tómasi ekki tekist að bera kennsl á, en maðurinn með hattinn er Kristján heitinn Bender, rithöfundur og stjórnarráðsfulltrúi, Þorgeir Þorleifsson, bróðir Skúla, glímukappa og svo er það Þorvaldur Klemensson, formaður, segir Tómas.

„Lending á stóru áraskipi í vör var vandasamt verk“

Til þess þurfti útsjónarsemi og verksvit. Þýðingarmiklir voru svonefndir „skiphaldsmenn” eða „frammámenn” en í þann starfa voru valdir hraustustu og stærstu mennirnir.

Þeir fóru fram á bóg og þegar að þeir töldu sig botna í fjörunni, þá stukku þeir fyrir borð. Reyndar var bógurinn nú nefndur „Sax” sbr að fara fram á sax eins og það var nefnt. Þegar að aldan reið undir skipið að aftan settu þeir bökin undir kinnunginn til þess að hindra að skipið steitti í fjörunni, og svo þegar að útsogið féll undan skipinu létu þeir það síga út svo mikið að það flyti. Þetta var vandasamt verk og aðeins á færi sterkustu manna. Þetta gerðu þeir á meðan verið var að „seila út” kasta fiskinum fyrir borð í seilarólum. Frammámenn nutu virðingar og heyrði ég oft sagt frá því að þessi eða hinn hafi í svo og svo mörg ár verið skiphaldsmaður hjá þessum eða hinum formanninum. „Þetta var því virðingarstaða”.

Tómas Þorvaldsson, úr viðtali Sjómannablaðsins Víkings 1976.



Fiskur á seilum í flæðarmálinu í Grindavík áður en bryggjurnar komu. Fiskurinn flýtur í seilarólunum og verið er að draga hann upp og flytja yfir á burðarólar, eins og greint er frá í samtalinu. Á myndinni eru talið frá vinstri: Ólafur Sigurþórsson frá Kollabæ í Fljótshlíð, sem síðar var lengi gjaldkeri Mjólkursamsölunnar, Guðmundur Tómasson, sem einnig var ættaður austan úr Fljótshlíð, nú látinn fyrir mörgum árum og Sveinn Sigurþórsson frá Kollabæ.

tímamótanna ber hins vegar að minnast þar sem markað var upphaf að nýjum útgerðarháttum, þar sem gamli tíminn var að víkja fyrir nýjum og vélaraflið tók við af árabarningi.“

Vélbáturinn Karl Jensen

„Þetta sama ár um vorið 1907 eignaðist útgerðin á Suðurnesjum sinn fyrsta vélbát þegar 3 Keflvíkingar festu kaup á níu tonna vélbát Karl Jensen frá Norðfirði í eigu Gísla Hjálmarssonar kaupmanns. Þessi bátur mun vera fyrsti vélbátur sem menn af Suðurnesjum eignuðust. Kaupendurnir voru: Ólafur Jónatansson, Steinn Ólafur Jónsson og Grímur J. Sigurðsson. Ekki liggja fyrir nægar heimildir um útgerð bátsins í þeirra eigu, en ljóst er að hún átti fljótlega við fjárhagserfiðleika að stríða og ekki er vitað hvort bátnum hafi nokkuð verið haldið út af hálfu þeirra félaga, en útgerðin var komin í þrot í ársbyrjun 1908.

Júlíus og Vonin

Tvo vélbáta eignuðust Suðurnesjamenn árið 1908. Annar var Júlíus í Keflavík og hinn var Vonin í Vogum. Júlíus var 7,3 brúttótonn að stærð smíðaður í Danmörk með 7 hestafla Bornholmvél, 1 cylinder með glóðarhaus. Um kaupin var stofnað hlutafélagið Vísir og voru hluthafar 24. Vonin var 7,11 brúttótonn að stærð. Báturinn var smíðaður í Reykjavík á árinu 1908 af Otta Guðmundssyni og var sjósettur í lok ársins. Vélin var 8 ha. af Alpha gerð. Eigendur bátsins voru fjórir og allir úr Vogunum. Á næstu árum komu svo vélbátarnir hver af öðrum. Fyrsti vélbátur Garðmanna, Gautrekur, kom árið 1910. Fyrsti vélbátur sem Miðnesingar eignuðust var Hugur árið 1911, og sama ár eignuðust Njarðvíkingar sinn fyrsta vélbát, Ársæl.“

Sá fyrsti í Grindavík

Í grein sem Skúli Magnússon, sagnfræðingur, skrifaði í Morgunblaðið 15. september 2015, segir að einn af þeim sem fyrst festu kaup á vélbát í Grindavík var Einar G. Einarsson, kaupmaður í Garðhúsum. Hann rak verslun og fiskverkun í Grindavík og leið fyrir samgönguleysi og seinagang sem þá var á flutningum öllum. Akvegur var þá enn ekki kominn alla leið til Grindavíkur svo geysilegt erfiði var að fá þangað nauðsynjar með skipum og koma afurðum út í þau til útflutnings. Nær ógjörningur var t.d. að fá salt og þungavörur til Grindavíkur í því skipaleysi sem fylgdi stríðsárunum. Einar keypti því 11 smálesta vélbát 1916, að því er fram kemur í 5. bindi skipabóka Jóns Björnssonar. Hlaut báturinn nafnið Þorbjörn. Hversu lengi Einar átti bátinn eða hvað um hann varð er óljóst en ekki er ólíklegt að hann hafi verið seldur þegar vegasamband komst á til Grindavíkur 1918 og bílfært varð til Reykjavíkur. Hvergi kemur fram að Einar hafi á þessum árum gert út vélbát til fiskveiða í Grindavík og því er trúlegt að vb. Þorbjörn hafi aðeins verið notaður til flutninga, eins og fram hefur komið. Árið 2016 voru því 100 ár frá upphafi vélbátaútgerðar í Grindavík.

Í grein Hinriks Bergssonar í Sjómannadagsblaðinu 2001 er líka að finna fróðleik um elstu vélina sem vitað er um úr bát í Grindavík.

17 vélbátar gerðir út á vetrarvertíð 1914

Haukur tekur nú aftur við frásögninni:

„Á vetrarvertíðinni 1914 voru gerðir út til fiskveiða 17 vélbátar útgerðarmanna á Suðurnesjum. Auk þess voru aðkomubátar taldir vera l5, langflestir í Sandgerði. Þannig lágu vélbátar við festar inn á Vatnsleysuvík, Vogavík, Njarðvík, Keflavík, við Leim og í Sandgerðisvík. Vélbátaútgerð var þá hafin í byggðarlögum við Faxaflóa og í Sandgerði, en ekki í Höfnum og í Grindavík. Róðrarbátaútgerðin var enn aðalútvegurinn. Á vetrarvertíð var haldið úti 115 róðrarbátum til fiskveiða af hálfu útgerðar á Suðurnesjum og á þeim voru um 870 sjómenn. Á vélbátum heimamanna voru um 150 menn. Fjöldi sjómanna á bátum Suðurnesjamanna á vetrarvertíðinni 1914 var því liðlega 1000.

Fyrstu þilfarsbátarnir

Fyrstu þilfarsbátarnir fyrir vél voru skarsúða tvístöfnungar með eina siglu og án stýsishúss. Seglbúnaður var stórsegl, klýfir og fokka og voru seglin nauðsynlegur hluti af búnaði bátsins, þau voru öryggistæki ef vél bilaði en léttu annars undir gang. Stærð báta fyrstu árin var almennt um 6 -10 brúttótonn. Gangvélin var oftast 1 cylinder glóðarhaus og gekk fyrir steinolíu. Afl vélarinnar var nálægt 1 hestafl á hvert brúttótonn bátsins. Ganghraði var um 6 mílur.

Þannig er í aðalatriðum lýsing á



Þessi mynd er tekin í Grindavík árið 1936. Myndin sýnir Björgvin að snúa og skipstjóri þar er Tómas Þorvaldsson.

fyrstu dekkuðu vélbátunum. Engin tæki voru um borð til að létta störfin, engin björgunartæki, ekkert spil en veiðarfæri voru dregin á höndum og vistarverur voru í lúkar framskips.

Vélbátaeign heimamanna

Eftir að um það bil 10 ár voru liðin frá því að vélbátaútgerð hófst frá Suðurnesjum, eða í árslok 1917, samanstóð vélbátaeign heimamanna af 28 bátum sem voru samtals um 300 brúttotonn. Þar af voru 6 bátar 12 tonn og stærri. Á vetrarvertíð það ár voru gerðir út af heimamönnum 24 vélbátar og var afli þeirra nálægt því að vera 2900 tonn úr sjó. Aflahæstu bátar voru með um 270 tonn. Að auki voru svo vélbátar á vegum útgerða Akurnesinga í Sandgerði. Eflir ævintýralega tilraun dansks auðjöfurs og mistök á útgerðarrekstri frá Sandgerði, tóku íslenskir útgerðarmenn að gera þaðan út vélbáta, Matthías Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi í nokkur ár en síðan settu útgerðarmenn á Akranesi mark sitt á framvinduna og varð Sandgerði fljótlega einn aðalútgerðarstaður vélbáta á Íslandi.

Ævintýralegar breytingar

Breytingar sem þarna urðu á aðeins einum áratug voru nánast ævintýralegar. Á vetrarvertíðinni 1917 lágu 36 vélbátar við í Sandgerðisvík og fjöldi útilegubáta sem höfðu einhver viðskipti við útgerðarstöðvar þar var svipaður, þannig að nálægt 70 vélbátar réru þaðan eða höfðu viðdvöl á vetrarvertíð. Fjöldi sjómanna og verkafólks sem starfaði við útgerðina hefur því verið á milli 700-800 manns, sem var margfalt sá íbúafjöldi sem fyrir var á staðnum.

Akurnesingar fyrirferðarmiklir

Allt frá upphafi áttu aðkomandi útgerðir stærstan þátt í viðgangi útgerðar frá Sandgerði. Akurnesingar áttu þar stórann hlut að máli. Haraldur Böðvarsson og Loftur Loftsson ráku þar sitt hvort fyrirtækið, gerðu út eigin báta, keyptu fisk af öðrum og versluðu með útgerðarvörur. Í aðalatriðum má segja að allri vélbátaútgerð Akurnesinga á vetrarvertíð hafi verið haldið úti frá Sandgerði á þessum árum með fáum undantekningum, og að þar hafi því verið einskonar útver útvegsmanna frá Akranesi þar sem allur fiskur var fluttur upp á Akranes til fullverkunar. Var þessi tilhögun allt fram til síðustu ára þriðja áratugsins en þá flutti Akranesútgerðin báta sína heim eftir að afli tók að glæðast á þeirra heimaslóð.

Hækkun fiskverðs

Upphaf þriðja áratugsins var um margt erfiður útgerðinni, lækkandi fiskverð eftir stríð og sölutregða á saltfiski settu svip sinn á fyrri hluta tímabilsins. En áratugurinn var einnig tími nýjunga og breytinga. Vélbátar sem nær eingöngu höfðu stundað fiskveiðar með línu og net fóru að leggja áherslu á síldveiðar til viðbótar við aðrar veiðar, en áður hafði síldveiði þeirra nær einungis verið til beituöflunar. Um miðjan áratuginn voru vélbátar frá Suðurnesjum farnir að sækja til síldveiða fyrir Norðurlandi. Þorskafli jókst og um miðjan áratuginn var meðalafli vélbáta á Suðurnesjum um 240 tonn. Aflahærri bátar voru að fá um 350 tonn.

Þróun vélvæðingar

Á árinu 1927 við lok þessa tímabils sem hér hefur verið til umfjöllunar voru liðin 20 ár frá því að vélbátaútgerð hófst frá Suðurnesjum. Frumárin voru liðin en þróun vélvæðingarinnar fetaði áfram inn til framtíðar. Þó að tæknilegar framfarir á fyrstu árum vélvæðingar virðist ekki hafa verið stórvægilegar hefur samt verið um stöðuga þróun og endurbætur að ræða frá fyrstu tíð. Stærri bátar voru smíðaðir og ný gerð tók við af þeirri eldri.

VEIÐARFÆRA
ÞJÓNUSTAN
ehf

ÞJÓNUSTA :







HÖNNUN VEIÐARFÆRA
Hönnun veiðarfæra: Hönnum veiðarfæri frá grunni ef með þarf. Einnig sjáum við um breytingar og lagfæringar á veiðarfærum til að aðlaga þau að óskum kaupenda.

UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIÐARFÆRA
Sjáum um uppsetningu og frágang veiðarfæra að óskum kaupenda.

VIÐHALD VEIÐARFÆRA
Yfirförum allar gerðir veiðarfæra.

VÍRAR, HÓLKAR, 600TN VÍRAPRESSA
Eigum á lager flestar gerðir vinnsluvíra og kranavíra. Erum með 600tn vírapressu, og þrykkjum bæði ál og stálhólka með hefðbundnum augum með eða án kóssa. Erum einnig með stálaugu f/ víra og vírmanillu.

ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
Erum með rockhopperpressu. Setjum upp og lagfærum lengjur af öllum stærðum og gerðum, að óskum kaupenda. Eigum ávallt til á lager rockhopperdiska 10-24" í ýmsum þyngdum. Einnig erum við með milligúmmí af flestum stærðum. Setjum einnig upp fótreipi fyrir dragnætur og humartroll.

KEÐJUR OG LÁSAR
Stálkeðjur 9-32mm og galvanisíraðar 4-32mm frá Trygg í Noregi. Patentlása frá Parson og Silverline, og járnavara frá Markussen.

NET TÓ OG GARN
Net tó og garn frá Hampiðjunni, Cotesi og Euronet í Portugal.

ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
Eigum efni í færi, sérta, baujur, belgi, teina og fleirra

NETAFELLING OG AFSKURÐUR
Tökum að okkur netafellingu og afskurð.

SKILJUR
Setjum upp og sjáum um viðhald á Sort-V smáfiskaskiljum og rækjuskiljum.

SJÓFATNAÐUR
Sjófatnaður, vettlingar, hnífar, brýni og ýmislegt fyrir útgerðina.

Frekari upplýsingar færðu áwww.veidarfaeri.is

VEIÐARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230



Landmenn á Björgvin 1937. Þeir eru talið frá vinstri: Kristján Bender, Þorgeir Þorleifsson, Haraldur Teitsson frá Hvammstanga, Árni Rögnvaldsson frá Sauðárkróki, Gunnar frá Guttormshaga, (bróðir Guðmundar Daníelssonar rithöfundar) og Þorvaldur Klemensson bóndi og formaður á Járngerðarstöðum.

Ankerisvindur voru með fyrstu tækjum til að létta störfin og um 1915 voru komin afdráttarspil fyrir línu og net. Árið 1918 var fyrst sett rafmagn í íslenskan fiskibát, og fyrsti Suðurnesjabáturinn var rafvæddur um 1920.

Þróun vélarinnar á þessum tíma varð úr þungbyggðum mótor með glóðarhauskveikingu sem gekk fyrir steinolíu yfir í háþrýstan mótor sem gekk fyrir hráolíu svokallaðan Semi-diesel eða undanfara dieselvélarinnar. Fyrstu semi-dieselvélarnar voru settar í vélbáta frá Suðurnesjum árið 1926. Um svipað leyti var farið að setja nýja tegund af léttbyggðum vélum í opna báta sem áttu eftir að setja svip sinn á framtíðina og varð til þess að árabátunum var endanlega lagt til hliðar. Þar með hófst nýr kafli vélvæðingar og svokallaðar trillur komu til sögunnar.

Engar hafnarbætur

Á þessu tímabili voru engar hafnarbætur gerðar fyrir vélbáta og sat því við það sama frá upphafi, vélbátar lágu fyrir festum þar sem fært þótti. Báts tapar urðu margir sem rekja mátti til óhappa við legufæri, en 14 vélbátar Suðurnesjaútgerða urðu ónýtir eftir að hafa ýmist strandað, rekið upp eða sokkið við legufæri á tímabilinu. Þrír vélbátar fórust með allri áhöfn samtals 16 mönnum.

Í árslok 1927 var vélbátaeign Suðurnesjaútgerða 23 bátar samtals 345 brúttótonn. Árið var það aflabesta frá upphafi vélaaldar, aflamagn án síldarafla var um 7600 tonn úr sjó. Meðalafli var því um 330 tonn á bát, aflahæstu bátar voru með um 470 tonn. Aðalútgerðin var í Keflavík, en útgerðin þar átti 11 báta, í Njarðvík átti útgerðin 6 báta, í Gerðahreppi 3 báta, í Vatnsleysustrandarhreppi 2 báta, og í Miðneshreppi einn bát. Enginn þiljaður vélbátur var þá í eigu útgerðar í Grindavík eða í Höfnum.

Annmarkar stríðsins

Heimsstyrjöldin fyrri, 1914-1918, setti verulega svip sinn á útgerðina. Eftir nokkuð stöðugt verðlag árin á undan urðu nú miklar verðhækkanir á öllum vörum. Aðfluttar vörur til útgerðarinnar voru auk veiðarfæra, aðallega olía og salt. Almennt verðlag er talið hafa hækkað um 350% á þessu tímabili. Þó að almennt hafi aðföng til útgerðarinnar hækkað í takt við verðlagshækkanir skar verð á salti sig frá.

Á þessum tíma hækkaði salt um tífalt í verði. Verkunarkostnaður á saltfiski fjórfaldaðist fram til 1918 og áttfaldaðist í raun til ársins 1920. Á sama tíma (1914-1918) hækkaði verð á fullverkuðum fyrsta flokks þorski um 320 %. Má því segja að fiskverð hafi tæplega fylgt almennum verðhækkunum á þessu tímabili.

Þrátt fyrir annmarka stríðsins má segja að það hafi í fyrstu blásið nýju lífi í útgerðina. Útlenskum togurum fækkaði á miðunum og Íslendingar höfðu meira svigrúm til veiða. Fiskverð hækkaði og aukinn kraftur var settur í veiðarnar. Vélbátum fjölgaði, betri og stærri bátar voru smíðaðir og úthaldstíminn lengdist. Á þessu tímabili endurnýjaði útgerðin á Suðurnesjum vélbátaflotann og bætti. Innlend skipasmíði elfdist og voru nær allir nýir vélbátar sem komu til Suðurnesja á stríðsárunum smíðaðir hér.

Lokahugleiðing um Suðurnesin

Fiskveiðar hafa um aldir verið stundaðar frá Suðurnesjum enda víða stutt í fengsæl fiskimið þegar fiskur var nægur á grunnslóð. Eftirsótt var að fara þangað í ver og stunda sjó róðra á vetrarvertíð og svæðið sem heild var ein stærsta verstöð landsins. Ýmsar sagnir og annálabrot benda þar til talsverðra umsvifa í útgerð, en ekki liggja fyrir öruggar heimildir um umfang útgerðar á Suðurnesjum á fyrri öldum. Um aldamótin 1700 var hnignunar skeið og er talið að útgerð hafi þá verið mun minni en áður var. Þegar kemur til sögu um miðja átjándu öld liggja fyrir haldbærar heimildir um umfang og stöðu útgerðarinnar. Jarðir voru þá flestar í eigu yfirvalda,



F.v. Ólafur R Sigurðsson formaður hollvinasamtaka Áttæringsins, Eggert Björnsson, bátasmiður, Einar Jóhann Lárusson, bátasmiður, Gunnar Tómasson framkvæmdastjóri Þorbjarnar h/f og Hafliði Aðalsteinsson bátamiður og formaður félags áhugamanna um bátasmíðar í Breiðafirði.

biskupsstólsins í Skálholti og konungs. Útgerðin var í höndum þessara aðila ásamt ábúendum jarðanna. Einstaka embættismenn og efnaðir bændur tóku einnig þátt í útgerð. Að lokum var svo einnig önnur aðkomuútgerð sem var aðallega frá inn nesjum Faxaflóa eða frá öðrum þingsóknum úr Kjalarnesþingi.

Úfið og opið haf

Mikill munur var á stærðum þeirra skipa og báta sem gengu til sjóróðra frá einstökum stöðum innan svæðisins. Segja má að þar hafi ólík aðstaða ráðið hvernig til var skipað þar sem einn sótti á úfið og opið haf en annar á sléttari sjó inni í flóa. Í því tilliti má því skipta svæðinu um Garðskaga þar sem utan eða sunnan við voru stærstu skipin sexræðingar og stærri, en innan við Skaga voru minni skip og bátar. Skiptingin á hvað var skip eða bátur gerði ráð fyrir að feræringar og stærri væru skip en þaðan af minni voru bátar. Þegar sagt er til um stærðir skipa og báta þá eru þær samkvæmt hefðinni skilgreindar eins og áratal þeirra gefa til kynna. Þannig er t.d. sexróið skip eða sexæringur, einnig nefndur sexræðingur eða sexahringur, oftast með sjö menn í áhöfn en gjarnan er gert ráð fyrir að á skipum sexrónum og stærri sé í áhöfn einum fleiri en áratal segir til um, þ. e. formaður eða stjórnandi skips. Þó er þekkt, að einkum á stærri skipum voru oft yfirskipsmenn eða aukamenn og einnig að áttæringar voru oft tírónir. En á minni skipum og bátum væri áhöfn eins og áratal eða mönnun segir til um. Annars má segja að flóran hafi verið nokkuð víðfeðm og að róið hafi verið á bátum með allt frá einum manni upp í stærstu skipin tólfæringa með allt að 16 manna áhöfn.

Verslunarstaðir á Suðurnesjum

Jarðir á Suðurnesjum voru þá flestar í eigu Skálholtsstóls og konungs. Á þessum tíma voru verslunarstaðir á Suðurnesjum í Grindavík, Básendum og í Keflavík, og var hverju þeirra afmarkað verslunarsvæði á einokunartímanum. Eftir að einokun verslunar var aflétt lagðist Grindavíkurverslun fljótlega niður, en verslun í Básendum lagðist af eftir flóðið mikla undir aldamótin. Keflavík var þá orðin eini verslunarstaðurinn á Suðurnesjum. Útgerðin tók miklum breytingum á þessum tíma. Konungs og Stólsútgerð var aflögð. Teknar voru upp veiðar á þorski í net og verkun í salt jókst. Meginútgerðin færðist frá útnesjum inn á Faxaflóa.

Dæmigerð strandbyggð

Suðurnes er nú á tímum samheiti á því svæði eða umdæmi þeirra hreppa sem mynda Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Umdæmið nær frá mörkum Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps við Hvassahraun og allt til Krísuvíkur að mörkum Árnessýslu. Byggðin á svæðinu er dæmigerð strandbyggð sem hefur myndast vegna hlunninda sjávar og sem íbúarnir hafa haft viðurværi sitt af, en þó einkum af sjávarafla. Jarðirnar eða lögbýlin voru þær einingar sem myndaði byggðina en innan umráða eða á landi býlisins voru síðan ýmis afbýli, hjáleigur og þurrabúðir sem voru mismörg en fjöldinn réðst af þeim möguleikum sem staðsetningin bauð upp á sem oftast var aðgengi að góðri lendingu og í nágrenni fiskislóðar. Víða urðu því til svokölluð hverfi þar sem byggðarkjarni myndaðist umhverfis býlið. Um miðja átjándu öld voru á Suðurnesjum um 60 lögbýli og hálflendur auk afbýla. Um 1780 eru talin vera 255 heimili á öllu svæðinu. Fiskveiðar voru stundaðar frá hverju býli eins og hentugast var á hverjum stað, en víðast hvar mátti stunda veiðar að einhverju leyti allan ársins hring en aðaláhersla var þó lögð á veiðar á þorski á vetrarvertíð.

Eðvarð T. Jónsson tók saman

Öld er liðin frá smíði síðasta áttæringsins

Ljósmyndir: Óskar



Fannar Jónasson bæjarstjóri Grindavíkur og Ólafur R Sigurðsson handsala samstarfs og styrktarsamning. 9. september 2020, sendu hollvinir erindi til Grindavíkurbæjar um aðstoð við að hrinda í framkvæmd smíði á áttæringi með Grindavíkurlagi.



Við undirritun smíðasamnings 3. nóvember 2022. f.v. Sigurður Bergsveinsson ritari F.Á.B.B.R. og Hafliði Aðalsteinsson formaður F.Á.B.B.R. og yfirsmiður verkefnis, Óskar Sævarsson stjórnarmaður í Hollvinasamtökum Áttærings, Marta Karlsdóttir, gjaldkeri samtakanna og Ólafur R. Sigurðsson formaður.







Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

Sjómanna Félag Íslands

Papa´s Pizza
426 99 55
www.papas.is

KVOTAN
MENNINGARHÚS

BANI
MEINDÝRAVARNIR
Hallur J. Gunnarsson
Sími 821 5304 - banar@banar.is

GRINDIN
Trésmiðja og verktakar

Gröfuþjónusta
Palla Gísla

Félag skipstjórnarmanna

GILDI

HS VEITUR

HAPPDRÆTTI das

TANNLÆKNASTOFA GRINDAVÍKUR

Optimal

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi

ALLT
FASTEIGNASALA

Sjómennt
www.sjomennt.is

Sjómannastofan
VÖR
Restaurant

ÍSFÉLAG GRINDAVÍKUR HF.

ENOR

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur

Europcar

VÉLFAG
INTELLIGENT PROCESSING

H. ÖNUNDARSON
STÁLSMIÐJA

STÁLSMIÐJAN
FRAMTAK
EHF

Stólpi Gámar
Gámar eru okkar fag

Verkalýðsfélag
Grindavíkur



Hátíðardagskrá sjómannadagsins 12. júní 2022

Sjómannadeginum var fagnað með veglegri dagskrá sem hófst með sjómannamessu samkvæmt hefð í Grindavíkurkirkju.

Hefðir og venjur hafa skapast eftir að heiðrun sjómanna var færð af hátíðarsviði við höfnina í Grindavíkurkirkju. Við klukknahljóm ganga inn kirkjugólfið með hátíðarbrag þeir aðilar sem virkan þátt taka í messuhaldinu.

Að þessu sinni voru í farabroddi sjómannshjónin Júlíus M. Sigurðsson og Hólmfríður Karlsdóttir, ásamt syni þeirra Andra Karli Júlíussyni sem bar blómsveig þann sem jafnan er lagður að minnisvarðum Von, til minningar um drukknaða og týnda sjómenn. Júlíus og Hólmfríður fluttu einnig ritningarorð.

Að baki þeim komu svo formaður Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur, Einar Hannes Harðarson og þeir sjómenn sem heiðra skyldi ásamt eiginkonum þeirra.

Séra Elínborg Gísladóttir sóknarprestur Grindavíkurkirkju þjónaði fyrir altari og naut góðs stuðnings kirkjukórsins og organista kirkjunnar, Erlu Rutar Káradóttur.

Sigurður Sverrir Guðmundsson, 1. stýrimaður á Tómasi Þorvaldssyni GK 010 flutti minni sjómanna með góðri ræðu um sjómannstíð.

Tveir ungir menn, þeir Jón Emil Karlsson og Bergsveinn Ellertsson, fluttu nokkur angurvær og falleg sönglög.

Að síðustu fór fram heiðrun aldraðra sjómanna sem Einar Hannes stjórnaði og honum til halds við flutning æviágripa var Vilhjálmur Árnason, þingmaður Grindvíkinga.

Lögreglumenn umdæmisins stóðu heiðursvörð er kirkjugestir gengu úr kirkju og fylktu liði í skrúðgöngu að minnisvarðanum Von, Kvennakór Grindavíkur undir stjórn Bertu Drafnar Ómarsdóttur flutti nokkur vel valin lög.

Lagður var blómsveigur að minnisvarðanum og séra Elínborg fór með blessunar og bænaorð. Blómsveigur er ávallt lagður að minnismerki um týnda menn í Staðarkirkjugarði.

Loks var haldið á hátíðarsvæði við Kvikuna og dagskrá hófst á hátíðarsviði.

Ræðumaður dagsins var Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra og var gerður góður rómur að hans máli. Skemmtidagskrá var vegleg og við tóku hefðbundin atriði sjómanndags undir stjórn Steingríms E. Kjartanssonar, formanns Sjómannadagsráðs S.V.G. Látum myndirnar tala sínu máli.

Samkomutakmörkunum vegna faraldurs Covid-19 var aflétt í lok febrúar 2022 og mannlífið rétt að byrja að taka við sér. Hátíðarhöld fjölskyldu og sjómannahátíðarinnar Sjóarans Síkáta fóru í alla staði vel fram og mannlífið blómstraði að nýju.









© Eyjólfur Vilbergsson

© Eyjólfur Vilbergsson



Sjómannadagurinn 2022 - Ljósmyndari: Hallur J. Gunnarsson












KONKORD KASTLE











Heimsókn v/s Óðins til Grindavíkur 11. júní 2022



Snemma að morgni laugardags fyrir sjómannadag lagði Óðinn úr höfn frá Reykjavíkurhöfn áleiðis til Grindavíkur.

Skipherra í siglingunni var Vilbergur Magni Óskarsson, fyrrverandi stýrimaður og skipherra Landhelgisgæslunnar og núverandi skólastjóri Skipstjórnarskólans.

Í áhöfn hans var einvalalið, m.a. forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, munstraðir og gestir voru úr röðum félaga í Hollvinasamtökum Óðins sem gengu í þær stöður sem þurfti að sinna, og okkar maður Sigurður Jónsson skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK var í brúnni. Einnig komu til móts við athöfnina sendiherra Japans á Íslandi og sendiráðsfólk og fleiri góðir gestir.

Um hádegisbil í blíðskaparveðri kom Óðinn á víkina og fékk góða móttöku skipa í skemmtisiglingu hátíðarinnar ásamt björgunarskipum björgunarsveitarinnar og Bjarna Þór lóðs.

Skömmu eftir að skipið lagðist að bryggju hófst hátíðarathöfn sem Egill Þórðarson loftskeytamaður Óðins stýrði. Tilefnið var m.a. að vígja nýtt formastur sem Takeyoshi Kidoura, eigandi skipasmíðastöðvar í Japan, afhenti sem þakklætisvott fyrir stuðning Íslendinga eftir hamfarir flóðbylgju á strendur Japans árið 2011.

Við þessa athöfn tóku m.a. til máls forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, Gunnar Tómasson framkvæmdastjóri Þorbjarnar h/f, Guðmundur Hallvarðsson formaður Hollvinasamtaka



Óðins, þá fór Magni skipherra með sjóferðabæn sr. Odds V. Gíslasonar og séra Elíborg Gísladóttir flutti blessunarorð.

Að athöfn lokinni var skipið opið gestum Sjóarans síkáta. Varðskipsmenn tóku á móti gestum við landganginn og mönnuðu nokkra vel valda staði í skipinu. Gestir fengu upplýsingabækling í hendur og fundu sér leið samkvæmt skipulagi sem þar var að finna.

Óhætt er að fullyrða að móttökur hafi verið góðar, um 1500 gestir komu og nutu leiðsagnar um hið fornfræga skip, safnaskipið Óðinn, hið fyrsta á Íslandi með slíka skráningu og fullgilt haffærniskírteini.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur í samvinnu við Þorbjörn h/f og Vísir h/f kostuðu siglingu skipsins.










大漁
OMAS ÞORVALDSSON GK 10











Móttaka í Vör



Að athöfn lokinni um borð í Óðni var haldið til kaffisamsætis í Sjómannastofunni Vör.

Vilhjálmur Lárusson, vert í Vör, tók á móti gestum með hlaðborði af tertum og öðru góðu meðlæti.

Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna og vélstjórafélags Grindavíkur, bauð gesti velkomna, til máls tóku m.a. Guðmundur Hallvarðsson formaður hollvinasamtaka Óðins. Flutti hann þakkarorð og skiptust Einar og Guðmundur á góðum gjöfum.

Meðal góðra gesta voru m.a. okkar gamli góði formaður, Sævar Gunnarsson, í góðum félagsskap Guðmundar Helga Þórarinssonar, formans V.M.

Hallur Gunnarsson, formaður Minja og Sögufélags Grindavíkur, færði forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni að gjöf nýútkomna bók um Tyrkjaránið í Grindavík.

Áhafnarmeðlimum Óðins var einnig boðið til samsætis og nutu góðra veitinga.

Óðinn lagði úr Grindavíkurhöfn seinnipart dags og hélt áleiðis til Reykjavíkur.

Ég færi Hollvinasamtökum Óðins bestu kveðjur og þakkir fyrir góð kynni.
Ritstjóri.






EON






HOLLVINASAMTÖK VARÐSKIPSINS ÓÐINS
ÓÐINN
STOFNUÐ 2006
Sjómanna og vélstjórafélag
Grindavíkur
11.júní 2022
Þökkum góða móttökur vegna komu
Varðskipsins Óðins





Ljósmynd: Eyjólfur Vilbergsson

Frá vinstri: Kristín Arnleif Gunnþórsdóttir, Sigurgeir Þór Sigurgeirsson. Ólína Þorsteinsdóttir, Sigurður Gunnarsson. Enok Bjarni Guðmundsson, Anna Sigríður Björnsdóttir. Hólmfríður Birna Hildisdóttir, Gunnar H.B. Gunnlaugsson. Steinunn Gestsdóttir, Tryggvi Sæmundsson og Einar Hannes Harðarsson.

Enok Bjarni Guðmundsson stýrimaður.



Enok er fæddur þann 23. október árið 1943.

Foreldrar hans voru Guðmundur Sveinbjörnsson sjómaður og Enika Hildur Enoksdóttir húsmóðir.

Eiginkona Enoks er Anna Sigríður Björnsdóttir og eiga þau tvo syni.

Enok ólst upp í Bolungarvík, gekk þar í Barnaskólann fram til 13 ára aldurs, þá flytur fjölskyldan í Hafnarfjörð og verður Enok gagnfræðingur árið 1960.

Það sama ár hefst sjómennskan. Hann byrjar sem beitningamaður á Hugrúnu Í.S. frá Bolungarvík og um haustið er hann kominn suður, fer á togarann Surprice um skeið og svo tekur við sjósókn á ýmsum vertíðarbátum, Hafnfirðing, Faxa o.fl.

1970 fer Enok í Stýrimannaskólann og klárar nám með stýrimannsréttindum ’72.

Við tekur stýrimannsferill á fjölmörgum skipum og bátum fram til 1979, má nefna Tindastól GK, á Hvalveiðum á Hval 8., Jóhannes Gunnar GK, Óskar Halldórsson RE o.fl.

1979 er Enok orðinn stýrimaður á Fjölni GK 17 og er þar til áramóta ’82 og fer þá yfir á Sighvat GK 57 hjá Vísi h/f.

Á Sighvati rær Enok óslitið til áramóta 1990 og lýkur þá sínum sjómannsferli sem telur fjóra áratugi.

Eftir að í land er komið vinnur Enok hjá Vísi h/f og lýkur sinni starfævi í apríl árið 2019.

Enok og Anna fluttu með fjölskyldu sína til Grindavíkur haustið 1980. Þau búa núna að Staðarhrauni 40 hér í bæ og njóta þar efri áranna.

Enok Sigurðsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Gunnar H.B. Gunnlaugsson skipstjóri.



Gunnar er fæddur í Reykjavík þann 20. janúar 1943.

Foreldrar hans voru Gunnlaugur B Kristinsson frá Miðengi í Grímsnesi og Hanna Jónsdóttir úr Gufudalshrepp í austur Barðastrandasýslu.

Eiginkona Gunnars er Hólmfríður Birna Hildisdóttir og eiga þau 5 börn.

Gunnar elst upp í Reykjavík, hann gengur í Melaskóla og þaðan í Laugarnesskólann og lýkur gagnfæðaprófi.

Hann er snemma kominn á sjóinn, áhuginn var mikill. 13 ára er hann munstraður messagutti á Gamla Brúarfoss, aldusrtakmark var 14 ár, en sannleikanum var aðeins hnikað til!

Þaðan lá leiðin á togarann Ólaf Jóhannesson frá Patreksfirði, þá tóku við skipsrúm á ýmsum bátum og togurum allt til ársins 1966, þá lá leiðin í Stýrimannaskólann og útskrifast Gunnar með skipstjórnarpróf 1967.

Gunnar er svo stýrimaður á Ögra RE næstu árin og endar með skipið í Afríku þegar hann var seldur þangað.

Á Vopnafirði er hann stýrimaður á Kristjáni Valgeir NS, Fiskanes h/f kaupir skipið og verður Grindvíkingur GK. Gunnar fylgir með til Grindavíkur og er stýrimaður með Björgvini, Venna, allt til ársins 1980.

Næstu 15 árin er Gunnar skipstjóri á Þorsteini GK í eigu Hóps h/f, hefðbundnum vertíðarbát frá Grindavík, á netaveiðum á



vetravertíð og síldveiðum að hausti til. 1995 lýkur hans sjómannstíð.

1971 flytur fjölskyldan til Grindavíkur og byggir sér hús á Selsvöllum 17.

Nú búa þau hjónin í Garðabæ við Strikið 8 og njóta þar efri áranna.

Gunnar H.B. Gunnlaugsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Sigurður Gunnarsson vélstjóri.



Sigurður er fæddur þann 25. október 1949 í Ólafsfirði.

Hann er sonur hjónanna Gunnars Björnssonar og Birnu Björnsdóttur frá Ólafsfirði.

Eiginkona Sigurðar er Ólína Þorsteinsdóttir frá Ólafsfirði og eiga þau 3 börn.

Sigurður ólst upp á Ólafsfirði og sleit þar barnsskónum og gekk í Grunnskóla Ólafsfjarðar.

Hann er kominn á sjóinn 14 ára gamall með föður sínum á trillu, ári síðar er hann fyrst skráður í skipsrúm og er þá kominn á Ármann ÓF, 20 tonna bát á nótaveiðar á ufsa.

Sigurður er svo á ýmsum bátum frá Ólafsfirði á snurvoð og síld, 1966 er hann kominn á Hrafn þriðja GK á síld með Ólafi Sæmundssyni.

1968 fer Sigurður í Vélskóla Íslands og útskifast með vélstjórnarréttindi 1970.

Við tekur vélstjórn á vertíðarbátum, er kominn á Ögmund ÁR og svo á Jóhannes Gunnar GK frá Grindavík '71 með Sveini Sigurjónssyni sem var þá að hefja útgerð og er þar til ársins 1976.

Þá flytur hann til Grindavíkur og ræður sig til skips hjá Jens Óskarssyni á Hópsnes GK og er þar óslitið til ársins 1987 er hann lýkur sjómennsku.

Fyrst um sinn er í land er komið starfar Sigurður hjá Íslandslax en er svo fljótlega kominn í Martak og er þar enn, í hlutastarfi síðustu árin.

Sigurður kom að félagsmálum, var í stjórn Sjómannafélagsins um skeið og starfaði ötullega að uppbyggingu Sjómannastofunnar Vör, félagsaðstöðu félagsins og var í byggingarnefnd.

Einnig sat hann í stjórn knattspyrnudeildar U.M.F.G. í 20 ár.

Sigurður og Ólína búa í Laut 35 í Grindavík og njóta þar efri áranna.

Sigurður Gunnarsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og öflugt starf fyrir félagið.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Sigurgeir Þór Sigurgeirsson matsveinn.



Sigurgeir er fæddur í Hafnarfirði þann 3. nóvember árið 1947.

Sigurgeir er sonur hjónanna Sigurgeirs Helgasonar og Þórunnar Helgadóttur frá Hafnarfirði.

Eiginkona Sigurgeirs er Kristín Arnleif Gunnþórsdóttir og eiga þau tvö börn.

Sigurgeir ólst upp í Hafnarfirði og gekk í miðskólann í Flensborg.

15 ára gamall er hann kominn á sjó og byrjar á síðutogaranum Júní frá Hafnarfirði og þaðan lá leiðin á Grundfirðing frá Grundarfirði.

1964 er Sigurgeir kominn til Grindavíkur og ræður sig á Geirfuglinn GK með Guðjóni Einarssyni og er þá orðinn matsveinn, kokkur á sjó, það átti fyrir honum að liggja út starfsævina.

Hann starfar með Fiskanesmönnum um áratuga skeið, er lengi á Geirfuglinum, þá fer hann yfir til Venna á Grindvíking GK gamla og 1978 sækja þeir nýjan Grindvíking til Noregs.

Í 17 ár er Sigurgeir á nótaveiðum á Grindvíkingi GK, einnig var farið á rækjuveiðar og fryst um borð á sumrin.

Er í land var komið þá tók við eldamennska í Fiskanesi og fljótlega tók hann við sem veitingamaður í Sjómannastofunni Vör og sá um reksturinn í 12 ár.

Ekki var setið auðum höndum og kom Sigurgeir víða við sem matráður næstu árin, var í Offisera klúbbnum á vellinum, fyrstur með Bláa Lónið og eldaði nú síðustu árin í Víðihlíð, dvalarheimili aldraða Grindvíkinga.

Sigurgeir var einnig sundlaugarvörður í Sundlaug Grindavíkur um skeið.

Þau hjónin búa í Víðigerði 20 hér í bæ og njóta þar efri áranna.

Sigurgeir Þór Sigurgeirsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og vel rekinn rekstur veitinga í Sjómannastofunni Vör.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Tryggvi Sæmundsson vélstjóri.



Tryggvi er fæddur í Reykjavík þann 4. desember 1955.

Foreldrar hans voru Sæmundur Sigurtryggvason bílstjóri og Þuríður Guðmundsdóttir ljósmóðir frá Reykjavík.

Eiginkona Tryggva er Steinunn Gestsdóttir frá Grindavík og eiga þau 3 börn.

Tryggvi slítur barnsskónum í Reykjavík og lýkur gagnfræðinámi frá Vogaskóla.

17 ára gamall er hann kominn til sjós og í skipsrúm á síðutogarann Hjörleif RE og við taka hörku karfatúrar á Grænlandsmið.

Hann rær á vertíðum frá Eyrarbakka og Vestmannaeyjum og er kominn til Grindavíkur 1978 og byrjar með Eyjólfi Vilbergssyni á Þórkötlu GK, og síðar Hauki í Höfn á Már GK og fleiri vertíðarbátum í Grindavík.

1985 lýkur Tryggvi námi á vélstjórnarbraut frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hefur útgerð á Garðari GK með tengdaföður sínum Gesti Ragnarssyni og Reyni Garðari Geststssyni um nokkurra ára skeið.

Tryggvi réðst þá til starfa hjá Íslandslaxi og starfar þar í áratug, er svo kominn

á Þorstein Gíslason GK og rær með Víkurbræðrum til aldamóta.

Við taka nokkur ár við smíðavinnu og aftur er Tryggvi kominn á sjóinn, hann lýkur svo sjómensku sinni sem vélstjóri á Verði ÞH 4 árið 2016, vegna heislubrests þó hugur segði annað.

Tryggvi starfaði lengi að félagsmálum Sjómannafélagsins og var í stjórn félagsins og varaformaður um margra ára skeið.

Tryggvi Sæmundsson: Sjómanna og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og öflugt starf fyrir félagið.

Sjómanna og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.



StapaPrent
- Síðan 1984 -
Vesturbraut 8
230 Reykjanesbær
Sími 421 4388
stapaprent@stapaprent.is
Við hönnum og prentum
nánast allt sem þú þarft!



Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki
og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn
Maron ehf.





Sjómannadagsræða

Kæru hátíðargestir, mig langar að byrja á því að þakka þann heiður að fá að vera ræðumaður dagsins og óska okkur öllum til hamingju með þennan dag og að við getum notið hans saman.

Sigurður Sverrir Guðmundsson heiti ég, fæddur og uppalinn í Grindavík. Hef búið hér alla tíð að tveimur árum undanskildum þegar ég bjó í Keflavík, og eins furðulega og það kann að hljóma þá var það mín eigin ákvörðun, enda eru þessi tvö ár í litlu minni hjá mér. Mig minnir að ég hafi verið 14 ára þegar að ég fór á sjó með pabba sem háseti í 2 róðra á fiskitrolli. Þá var hann skipstjóri á Sigurði Þorleifssyni GK, og aftur árinu eftir um sumarið. Þegar að ég var á mínu 16. ári fór ég á netaveiðar í páskafríinu mínu í grunnskólanum og síðan á rækju og það aftur með pabba. Róið var frá Ísafirði. Hafði ég farið með honum oft áður á sjó, þá sem forvitinn pjakkur. Stóð til að fara í framhaldsskóla um haustið sem að ég gerði með miklum glans, svo miklum að ég var fallinn á öllu í mætingu eftir einn og hálfan mánuð, meira að segja íþróttum. Þá var ekkert annað að gera en að prófa að fara á sjóinn og fékk ég tækifæri á Hrafni Sveinbjarnasyni GK og þrátt fyrir að foreldrar mínir hafi líklega verið



Sigurður Sverrir Guðmundsson

honum miklu þakklátari en ég á þeim tíma, þá mun ég alltaf bera virðingu fyrir því að Hilmar Helgason sem að þá var skipstjóri hafi gefið mér tækifærið sem og svo mörgum öðrum. Þarna var ég 16 ára og mennirnir um borð hafa örugglega verið að rifna úr spennu að sjá þetta heljarmenni koma um borð, því ekki er ég mikill um mig í dag, en þá var ég líklega helmingi rýrari samt sem áður en ég er í dag. Mér er mjög minnisstætt að fyrsti maður sem að ég hitti spyr mig hvort að ég sé að fara með og ég segi já. Þá segir hann „það fara bara klósettpappír og númer 1 og 2 í klósettið“. Já ég var greinilega ekki lengur heima hjá mér, það var nokkuð ljóst, en þegar að ég hugsa til baka þá held ég að betri staður hafi ekki verið til fyrir mig þá. Enginn til að gera hlutina fyrir þig, engar afsakanir, enginn sérmeðhöndlun, heldur þú stendur fyrir þínu eins og allir aðrir. Þarna voru stórkostlegir karlar, sem fengu ekki einu sinni frí lengur frá erfiðum unglingum í landi heldur þurftu að þola hann líka út á sjó.

Einhvern veginn þarna þrátt fyrir að geta ekki setið kyrr í skóla, ekki átt neitt sérstaklega gott með að fara eftir fyrirmælum og verið svolítið týndur, þá fannst mér ég vera kominn á minn heimavöll þarna.

Fékk útrás fyrir alla þessa orku á jákvæðan hátt og fannst ég vera að leggja mig fram og með metnað í því að vinna hratt og vel og horfði ég upp til og bar virðingu fyrir þessum mönnum sem ólíkt mér voru flestir með konur og börn



í landi. Voru þeir allir af vilja gerðir að kenna og sýna manni rétt vinnubrögð, passa uppá að maður væri ekki að fara framúr sér og ana í einhverja vitleysu.

Árið 2003 fór ég á Grindvíking GK og var þar í hálft ár og síðan aftur á Hrafn Sveinbjarnar GK þangað til að árið 2006, þá fór ég á trillur á línu og það var eftirá að hyggja líklega ein af mínum stærstu ákvörðunum atvinnulega séð sem að ég hef tekið. Því þarna komst ég að því að ég hefði mikinn áhuga á því að læra skipstjórn. Ég var vissulega með pungaprófið sem að ég hafði tekið í 10. bekk en aldrei spáð neitt sérstaklega í því. Ég taldi að þetta væri ekki fyrir mig. Annað kom heldur betur á daginn, ég var á trillum í 5 ár og þar skiptast menn á að vera í öllum störfum um borð, fáir karlar á og þú þarft að kunna öll störfin. Fékk ég að vera skipstjóri einhverja róðra á þessum trillum og kveikti þetta áhuga minn. Að þessum 5 árum liðnum hringdi ég heim eins og ég kalla það, um borð í Hrafn Sveinbjarnarson GK og þar svaraði maður símanum sem að eiginkonu minni, börnum og foreldrum ólöstuðum hefur meðvitað eða ómeðvitað mótað mig manna mest, Sigurður Jónsson, og töluðum við lengi saman og fór svo að ég fékk að koma aftur heim. Þar var eins og maður hefði verið þar deginum áður, frábært andrúmsloft, skemmtilega óheflaður húmor og samheldni. Það er nefnilega það sem að ég hef alltaf elskað við að vera partur af þeirri áhöfn sem fór svo yfir á Tómas Þorvaldsson GK. Það er þessi samheldni og sumir myndu líklega kalla þetta fíflagang en þar er samt virðing og samheldni, við tókum meira að segja þátt í að gera sjónvarpsseríu, sem að er langt út fyrir kassann hjá mér, því að þegar það er verið taka myndir af mér lít ég út eins og fólk sem fór í myndatökur í Villta vestrinu, allir með sama svipinn svo óþægilegt finnst mér það, en nóg um það. Fór svo að ég skráði mig í fjarnám í Stýrimanna-



skólanum og þar sem að það voru hátt í tuttugu ár frá því að ég hafði verið í skóla og einnig í fullri vinnu þá var það brekka. Man vel eftir því þegar að ég fór í fyrstu vinnuhelgina í skólanum og settist í stólinn og langaði helst að hlaupa út og mundi af hverju mér gekk svona vel í framhaldsskólanum, því að fyrir ofvirkan mann með athyglisbrest þá er þetta eins og fangelsi. Það sem að ég vissi ekki þá var að þetta hafði allt sínar skýringar og 38 ára gamall fékk ég að vita að ég væri með ADHD.

Þegar Þorbjörn HF fór í breytingar á sínum skipastól þá hafði það mikil og hröð áhrif á mína stöðu um borð. Var ég þá bátsmaður, mjög fljótlega 2. stýrimaður. Var ég þá einungis með 45 metra réttindi til skipstjórnar þegar Sigurður Jónsson skutlar mér heim úr fundi í Hrafni Sveinbjarnarsyni og spyr mig hvað ég eigi mikið eftir af skólanum og ég spurði hann þá hverju hann væri að velta fyrir sér, og þá býður hann mér að verða 1. stýrimaður hjá sér. Að sjálfsögðu sagði ég já og var á bleiku skýi þangað til að ég áttaði mig á hversu mörg fög ég þurfti að taka í tvær annir í skólanum, og þeir sem þekkja mig vita eflaust að ég svaf ekkert sérstaklega mikið þá nótt. Þá kemur aftur að því og útskýrist betur hvað ég á við með að móta mig, að þarna er maður sem að sér mikið meira í manni heldur en maður nokkurn tímann sjálfur, þannig hefur það alltaf verið, ekki bara þegar hann bauð mér 1. stýrimanns plássið. Ýtir manni stanslaust áfram á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, langt út fyrir þann kassa sem maður er vanur að vera í og það er algjörlega ómetanlegt. Það að sanna fyrir sjálfum sér og öðrum



að maður geti látið sýna drauma rætast er alltaf mikill sigur og fá stuðning frá konu og börnum til þess er líka ómetanlegt, þó hún hafi tekið það fram eftir að ég útskrifaðist að ég ætti vinsamlega ekki að gera þetta aftur. Fórum við úr Siggagengi yfir á Tómas Þorvaldsson GK þegar hann var keyptur til Þorbjarnar og hefur það verið mikill skóli og frábært tækifæri að fara yfir á það skip. Margt nýtt að læra og sjá. Þar kom aftur berlega í ljós þessi samheldni og kraftur, ósérhlífni í þessari áhöfn sem að ég er svo stoltur að vera partur af, því að fara yfir á annað skip sem enginn af okkur hefur verið á áður er gríðarlega mikið verkefni. Er hann nú í breytingum í Hafnarfirði þar sem er verið að gera gott skip enn betra.

Það á líka að hrósa fyrirtækjum sem í mínu tilviki er Þorbjörn HF fyrir að þora og vilja að gefa, þó að ég sé engin unglingur en var samt reynslulaus í brú, tækifæri til að sanna sig og láta reyna á mína getu því að það er ekki sjálfgefið. Ég lít á það sem forréttindi að vera að gera það sem ég geri í dag, svo ekki sé minnst á það, (það eru ekki allir sammála mér) að sjá rauðu ljósin í möstrunum langt út á sjó á landleið er tilfinning sem er bara hægt að upplifa, ekki útskýra.

Takk fyrir mig og gleðilega hátíð.

FROST

ÞEKKING, REYNSLA OG **GÓÐ ÞJÓNUSTA**

Kælismiðjan **Frost er brautryðjandi** á sviði **kæli- og frystilausna.** Við vinnum af fagmennsku og áreiðanleika með okkar viðskiptavinum, og leggjum áherslu á **grænar lausnir, öryggi** og **orkusparnað.**

Náið samstarf við helstu framleiðendur og birgja gerir Kælismiðjunni Frost kleift að bjóða hagkvæm verð og vöru sem ber af hvað varðar **gæði og endingu.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af vörum og miðum að því að auka skilvirkni og **hámarka gæði og arðsemi fyrir þig.**

Kælismiðjan Frost ehf. | Fjölnisgata 4b - 603 Akureyri
Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | Háheiði 9 - 800 Selfossi | Kolding - Danmörku

Hátíðarkvöldverður í lok sjómannadags 2022









































SJÓMANNAHEILSA

Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn

Sérhæft fyrirtæki í heilbrigðismálum starfsfólks í sjávarútvegi
www.sjomannaheilsa.is

HEILDARLAUSN *í siglingatækjum*

SAILOR® COBHAM SERVICE PARTNER



FREMSTIR Í FJARSKIPTUM

- Ný fjarskiptalína sem er einföld í notkun.
- Allar talstöðvar með upptöku og endurspilun á kölluðum skilaboðum.
- Sónar er umboðsaðili SAILOR á Íslandi.
- Fáðu tilboð í SAILOR hjá okkur í nýsmíðar eða uppfærslur á eldri búnaði.
- **Verðið kemur á óvart!**

TRANBERG®



- Sterkbyggðir kastarar úr ryðfríu stáli.
- Fáanlegir í Xenon, Halogen og LED.
- Fjarstýrð geislabreidd.
- Hitaelement í mótorhúsi.
- Gott og þægilegt stjórnborð.
- Söluhæstu leitarkastararnir í Noregi.



TRANBERG LEITARKASTARAR

JRC gæðatæki
– ekki sætta þig við annað!



JMR–5400 RADAR

- Nýr black Box radar, fáanlegur í X-band og S-band.
- Ný tækni gerir smæstu báta mjög sýnilega.
- Ný tækni tryggir einstaka virkni á styttri skölum.
- Ný tækni á clutterum bætir virkni í slæmum veðrum og sjó.
- Kortaoverlay mögulegt á radarmynd.
- Hægt að tengja við wide screen skjái.

SONIC KAIJO DENKI



KDG-300 DOPPLER STRAUMMÆLIR

- Sá langdrægasti á markaðnum! Sýnir straumhraða og stefnu á allt að 300m dýpi.
- Fjögurra geisla straummælir. Sýnir fjórar dýptarmælismyndir.
- Sýnir nákvæma straumstefnu og -hraða á fimm dýpislögum, með botnlæsingu.
- Dýptarmælir 30° í bak/stjór, fram/aftur, virkar niður að 500m.

Sjón er sögu ríkari
– verið velkomin að skoða skjáveggjakerfi í sýningarsal okkar!

SKJÁVEGGUR Í BRÚNA



- Ný gerð skjáveggjalausnar sem komin er góð reynsla af í íslenskum skipum.
- Margar útgáfur á framsetningu mynda frá tölvum, siglingatækjum, fiskileitartækjum, myndavélum, vélgæslukerfum, sjónvarpi og fleiru.
- **Öllu stjórnað á einfaldan hátt með einni mús.**

FLIR® *Sjáðu ...*
á nóttu sem degi!



FLIR HITAMYNDAVÉLAR

- Ný gerð fjarstýrðra hitamyndavéla, einstök upplausn!
- Getur blandað saman hitamynd og hefðbundinni mynd.
- Öflug veltuleiðrétting, mikill munur í slæmu veðri.
- Nýtt og uppfært stjórnborð.
- **Kíktu í heimsókn, sjón er sögu ríkari!**

Sónar ehf
Hvaleyrarbraut 2
220 Hafnarfjörður
Sími **512 8500**
sonar@sonar.is
www.sonar.is

SÓNAR

www.gp.is



Vopnað bankarán
og gömul beinagrind í helli

Ljósmynd: Kr.Ben.

Segja má að tuttugsta og fyrsta öldin hafi byrjað með ískyggilegum hætti í Grindavík þegar ungur og vopnaður Keflvíkingur rændi þar útibú Landsbankans. Pilturinn hafði skömmu áður framið rán í Sparisjóði Hafnarfjarðar og sloppið með ránsfenginn, alls um 1.6 milljónir króna. Þetta nægði honum enganveginn og aðeins tveimur mánuðum síðar lét hann til skarar skríða í Grindavík. Þar hafði hann tæpa milljón upp úr krafsinu. Á aðra viku tók að hafa hendur í hári hans eftir Hafnarfjarðarránið, en hann var handsamaður aðeins 25 mínútum eftir ránið í Grindavík og átti nú yfir höfði sér ákæru fyrir tvö vopnuð bankarán.

Neitaði að hafa ógnað starfsfólki

Pilturinn viðurkenndi sök sína vafningalaust fyrir Héraðsdómi Reykjaness þegar hann var spurður hvort hann hefði framið bankarán í Sparisjóði Hafnarfjarðar í apríl 2003 og síðan aftur í Landsbankanum í Grindavík sama ár. „En ég ógnaði samt aldrei neinum," sagði pilturinn um þann hluta ákærunnar sem fjallaði um vopnaburð hans.

Í fyrra ráninu fór hann inn i útibú Sparisjóðs Hafnarfjarðar við Reykjavíkurveg og stökk þar yfir afgreiðsluborðið með hníf í annarri hendi og nælonsokk yfir höfði. Á örskömmum tíma tókst honum að hrifsa hátt á aðra milljón úr skúffu eins gjaldkerans, hljóp síðan út og hvarf sjónum manna. Lögreglu tókst að hafa hendur í hári hans eftir að fjölmiðlar birtu myndir af honum úr öryggisvél bankans. Pilturinn játaði verknaðinn við yfirheyrslu og vísaði á þann hluta ránsfengsins sem hann var ekki búinn að eyða. Í kjölfarið var honum sleppt úr haldi.

Grindavíkurránið

Ekkert heyrðist frá strák fyrr en tveimur mánuðum síðar. Þá lét hann til skarar skríða í Grindavík og fór vopnaður hnífi inn í bankann í hádeginu þegar flestir starfsmenn voru í matarhléi. Hann hafði sama háttinn á og í Firðinum, stökk yfir afgreiðsluborðið og tæmdi gjaldkeraskúffuna.

Starfsmenn gerðu lögreglu strax viðvart og settir voru upp vegatálmar við allar útgönguleiðir í Grindavík. Ræninginn sást síðan á hlaupum út úr bænum og hvarf fljótt sjónum manna. En tæpum hálftíma eftir ránið stöðvaði lögreglan fólksbifreið á Reykjanesi á leið til Hafna og handtók þar 19 ára gamlan pilt sem svipaði til lýsingar á brotamanninum. Hann var þó ekki klæddur sama fatnaði og ránsmaðurinn hafði verið í og ekkert þýfi fannst í bílnum. Umfangsmikil leit hófst strax að þýfinu með aðstoð leitarhunda og björgunarsveitarmanna. Pilturinn var færður til Keflavíkur og gekkst þar við ráninu. Ítalskir ferðamenn fundu þýfið í námunda við Reykjanesvita nokkrum dögum síðar. Vopnið fannst líka, eldhúshnífur með um 20 cm löngu blaði.

Í ljós kom við yfirheyrslur að það var lífsgæðakapphlaupið en ekki óreglan sem leiddi unga manninn út í bankarán. Hann staðhæfði að hann hafi ekki

ætlað að fjármagna fíkniefnaneyslu með bankaránum enda hefði hann aldrei neytt fíkniefna og varla bragðað áfengi um dagana. Ástæðan fyrir báðum ránunum var einfaldlega sú að honum langaði í nýjan bíl.

Lá á bakinu með hönd undir hnakka

Þann 15. júlí 1967 fannst gömul beinagrind, belti og hnífur í svonefndum Dátahelli skammt norðan við Gígahæð. Beinagrindin var talin vera af amerískum hermanni sem sennilega hefði villst og orðið úti einhvern tíma á sjöunda áratugnum. Það voru þrír bandarískir sjóliðar af Keflavíkurflugvelli sem fundu beinin í hellinum sem er skammt frá þjóðveginum, um 2.5 km norðan fjallsins við Svartsengi. Þeir sögðu að beinagrindin hafi legið innst inni í þessum fimm metra djúpa helli og þeim hafi brugðið í brún þegar þeir sáu hversu stór hún var. Þetta hafi greinilega verið mjög stórvaxinn karlmaður og engu líkara en að hann hafi lagt sig til svefns með aðra hönd undir hnakka eins og hann ætti sér einskis ills von. Gat var á höfuðkúpunni en með öllu óljóst hvernig hann hafði fengið það. Að vísu lá stór steinn við aðra öxlina á honum og var



Af vettfangi bankaráns
Ljósm. Hilmar Bragi

sjóliðunum sagt, að steinninn hefði sennilega dottið á höfuð mannsins eftir að hann var látinn. Beinunum var síðan komið fyrir í geymslu í Fossvogskapellu og hellinum gefið nafn dátanna þriggja sem fundu beinin.

Þessi beinafundur í helli skammt frá Grindavík vakti að vonum mikla athygli og strax var ráðgert að senda þangað fornleifafræðing frá Þjóðminjasafninu til að kanna hvort þar væru einhverjar frekari leifar að finna. Hann fór strax daginn eftir í hellinn með betri ljós og fann þá gamalt leðurbelti, sylgju og hnífsblað, hvorutveggja mjög ryðfallið og sylgjan brotin í tvennt. Þessum hlutum var komið til Þjóðminjasafnsins. Í blaðaviðtali sagði Gísli Gestsson safnvörður að ógerningur væri að segja til um hve gamlir þessir hlutir væru. Svona sylgjur hefðu verið notaðar um aldaraðir en þó mætti giska á að þeir væri ekki yngri en frá 19. öld, en gætu verið miklu eldri, kannski 400-500 ára.

Seinna vöknuðu spurningar um steininn sem lá við hlið beinagrindarinnar og gatið á höfuðkúpunni. Spurt var hvernig og hvaðan steinninn hefði getað dottið á höfuð mannsins eftir að hann var látinn, og jafnvel hver hefði látið hann detta. Þeirri spurningu er ósvarað enn í dag.



Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn



Stakkavík ehf

Fiskvinnsla

Bakkalág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Sími: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is



Til hamingju með daginn sjómenn!
Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með daginn.

Slippurinn AKUREYRI

DNG BY SLIPPURINN AKUREYRI



Alexander John Polson útgerðarmaður

Alexander John Polson fékk afhenta nýsmíði frá bátamiðjunni Trefjum í Hafnarfirði á vormánuðum í fyrra. Ekki tókst í tæka tíð að finna bátnum pláss í blaði síðasta árs og er hér með bætt úr því.

Nýi báturinn er af gerðinni Cleopatra 31 og er hann 9.6 metrar á lengd og mælist 8.5 brúttótonn, og ber nafnið Research líkt og fyrri skip sem „Alex“ hefur gert út í gegnum tíðina.

Alexander er skipstjóri á nýja bátnum og fer á strandveiðar í sumar.

Alex er fæddur í Whalsey á Hjaltlandseyjum og ólst þar upp og fór snemma á sjóinn, var á ýmsum fiskibátum, lengst af á snurvoð, 1970 er hann kominn í eigin útgerð og sló svo til með fænda sínum og gerðist meðeigandi í nýsmíði á 25 metra löngum báti og fóru á trollveiðar á Lýsing. Síðan kom hver nýsmíðin af annarri, glæsileg uppsjávarveiðiskip sem ávallt



báru nafnið „Research".

2018 láta þeir smíða í Tommyfjord í Noregi nýjan Research sem enn er í notkun hjá útgerðinni. Alex er nýbúinn að selja sinn hlut í útgerðinni, skipin voru bæði á makríl og síldveiðum útbúnir bestu mögulegu kælingu og sigldu þeir oftast til Noregs og lönduðu á hæstu verðum sem sést hafa.

Alex byrjaði að venja komur sínar til Grindavíkur 1998 og var þá að leita sér lækninga í Bláa lóninu.

Kom hann oft milli úthalda á Research og ílengdist hér og fjárfesti í raðhúsi á Höskuldarvöllum. Hann kynnist Gróu Sigurbjörnsdóttur, sem varð svo eiginkona hans þann 07.07. 2007 og byggðu þau sér hús að Vesturhópi 5 og una þar hag sínum vel.

Ritstjóri.





Research

SKIPAÞJÓNUSTA ÍSLANDS ehf.



Vörusala | Skipavöktun | Málningarvinna | Háþrýstiþvottur | Tankahreinsun | Dælubílar | Kranabílar

S. 561-7580 - www.skipa.is - skipa@skipa.is - Grandagarði 18 - 101 - Reykjavík








SJÓMANNADAGURINN 2023

PGV

FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA

Óskar sjómönnum / konum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn









PGV Framtíðarform ehf. framleiðir einangrandi, viðhaldslitla og orkusparandi glugga og hurðir úr uPVC efni. Margir litir í bóði. Tilvalið í sumarbústaðinn, veiðikofann, heilsársúsið.

Að auki bjóðum við upp á PVC þakrennur og niðurföll, sólpallaefni sem aldrei þarf að bera á, þakkantsefni í mörgum stærðum og gerðum ásamt miklu úrvali lita.
Hafðu samband, veldu viðhaldslítið og notaðu frítíma þinn í annað en málningar-og viðhaldsvinnu.

BÆJARHRAUNI 24, 220 HAFNARFIRÐI | ÆGISGATA 2A, 240 GRINDAVÍK | 510-9700 | PGV.IS | PGV@PGV.IS

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA

- Fyrir Íslenskt veðurfar
- Fallegri gluggar
- Næturopnun
- Upplitast aldrei
- Ryðfríar læsingar
- 10 ára ábyrgð á PVC
- Hvaða stærð sem er
- Mismunandi útlit
- Margir litir
- Meira öryggi
- Meiri einangrun
- Meiri ending



Nýsmíði:
Hulda Björnsdóttir GK 11

Þórhallur Gunnlaugsson vélstjóri er eftirlitsmaður með nýsmíðaverkefni Þorbjörns h/f í Gijon á Spáni; hann sendi okkur pistil og myndir sem sýna framvindu verksins.

Þórhallur Gunnlaugsson fæddur á Þingeyri við Dýrafjörð 28.09. 1960, og ólst þar upp.

Foreldrar Kristín Kristjánsdóttir húsmóðir og verkakona og Gunnlaugur Magnússon vörubifreiðastjóri og afgreiðslumaður.

Stundaði nám við Barnaskólann á Þingeyri og Héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði.

Eins og nánast allir sem ólust upp í sjávarþorpunum á þessum árum fór ég að vinna í fiskvinnslu með skóla frá 12-13 ára aldri. Var lögskráður í mitt fyrsta skipsrúm 15 ára gamall í afleysingu á Framnes ÍS 608 á net í páskafríi vorið 1976. Þegar skóla lauk um 3 vikum síðar á línu í fast pláss, um haustið það ár í fyrsta skipti á togara Framnes I ÍS 708, varð 16 ára í minni annarri veiðiferð þar um borð.

Hóf nám við Vélskólann haustið 1977, fyrst á Ísafirði og síðan í Reykjavík, lauk 4. stigi vorið 1981, starfaði sem vélstjóri á bátum og togurum á námsárum. Var á togurunum frá Þingeyri eftir Vélskólann. Fyrst á Framnesi ÍS 708, síðan á Sléttanesi ÍS 808, tók námssamning meðfram sjómennsku í Vélsmiðju KD á Þingeyri, sveinspróf haustið 1985.

Útgerðartæknir frá Tækniskólanum vorið 1987, stundaði sjómennsku meðfram námi á Sléttanesi ÍS 808, varð yfirvélstjóri þar 1989. Þorbjörn í Grindavík kaupir skipið haustið 1999, gefur því nafnið Hrafn GK 111, kom með skipinu til Grindavíkur, hef starfað hjá Þorbirni í Grindavík síðan þá sem yfirvélstjóri á Hrafni GK þar til þeir lögðu því og seldu síðan til Rússlands. Þá voru rúm 30 ár frá því ég var fyrst lögskráður þar um borð.

Frá 1. des 2014 yfirvélstjóri á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK 255, þar til um síðustu áramót, þá flutti ég mig yfir til Gijón á Spáni og starfa sem eftirlitsmaður/yfirvélstjóri við nýsmíði Þorbjarnar hjá Armon skipasmíðastöðinni. Skipið hefur fengið nafnið Hulda Björnsdóttir GK 11, áætlað er að sjósett verði í haust, í september, fullbúið á vormánuðum 2024, þá siglum við til Grindavíkur.

Sambýsliskona mín er Izabela Lecka, fóstursonur Jakub Lecki, 2 barnabörn, 9 og 4 ára.



Þórhallur Gunnlaugsson vélstjóri og eftirlitsmaður.



Mynd af Hrannari J Emilssyni útgerðarstjóra, með Þórhalli Gunnlaugsyni eftirlitsmanni, Sævari Birgissyni hönnuði, og Hyrti I. Eiríkssyni þjónustustjóra, myndin er tekin við fundahöld í Armon í Gijón, ég hef verðið hérna staðsettur síðan um áramót. Þeir félagar mínir koma hingað á 2 til 3 mánaða fresti.



Stálið skorið, 900 tonn af stáli fara í smíðina.



Í byrjun maí ´22 fór skipið að taka á sig mynd og skipshlutar komnir til samsetningar.



Aðalvél skipsins er frá Man í Þýskalandi, vélin var sett saman og prufukeyrð í Indlandi. Hér er Þórhallur með starfsmönnum Man á Indlandi.







Til hamingju með daginn sjómenn!

Marport óskar sjómönnum & fjölskyldum
þeirra innilega til hamingju með daginn.

MARPORT

MARPORT

MARPORT.COM

ICELAND USA SPAIN NORWAY FRANCE SOUTH AFRICA UK



MD Vélar í þjónustu við útgerðina í 33 ár
Reynsla | Þekking | Ráðgjöf



MITSUBISHI MARINE ENGINE
Partner for sales & services

Eigendur og starfsmenn
MD Véla
Senda sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
innilegar kveðjur
í tilefni sjómannadagsins 2023

Solé Diesel

MD VÉLAR | VAGNHÖFÐA 12 | 110 REYKJAVÍK
Sími: 567 2800 | e-mail: mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is



Húsnæðismál Fisktækniskólans í uppnámi

-10 ára afmæli og aðsókn hefur aldrei verið meiri segir Ásdís Pálsdóttir, verkefnastjóri Fisktækniskóla Íslands í Grindavík.



„Staða okkar er sú að ef ekki verður ljóst í lok vorannar hvert stefnir í húsnæðismálum skólans um næstu áramót þá getum við ekki tekið inn nemendur í haust og yrðum þá að vinna út frá því að stöðva starfsemina um næstu áramót. Þetta er óviðunandi staða og ekki í nokkru samræmi við þann kraft sem er í skólastarfinu hjá okkur og þá miklu ásókn sem er í nám í Fisktækniskólanum. Nú þegar við fögnum 10 ára afmæli skólans er aðsókn meiri en nokkru sinni en á sama tíma hefur óvissan um framtíðina í starfseminni ekki verið meiri,“ segir Ásdís Pálsdóttir, verkefnastjóri Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Um næstu áramót mun skólinn missa það húsnæði sem hann hefur verið í hjá Landsbanka Íslands fyrir litla upphæð á ári en skólinn hefur enn engin opinber framlög fengið til reksturs húsnæðis. Eftir að Landsbankinn sagði skólanum upp húsnæðinu frá næstu áramótum er því mikil óvissa ríkjandi um starfsemina.

Vantar húsnæði – ekki yfirbyggingu

Ásdís segir að í reynd hafi Landsbankinn verið stærsti bakhjarl Fisktækniskólans



á undanförnum árum með því að leggja honum til húsnæði í Grindavík endurgjaldslaust. Fyrir vikið hafi skólinn fram að þessu ekki fengið framlag frá ríkinu til að standa straum að rekstri húsnæðis, líkt og aðrir sérgreinaskólar og menntastofnanir fái og nú þegar taka þurfi á leigu húsnæði fyrir skólann hafi hann ekki tekjustofn til að mæta því. Enn sem komið er hafi ákall um aðkomu stjórnvalda að málinu ekki borið árangur.

„Við erum því í lausu lofti með hvað á að verða um starfsemina en bindum auðvitað vonir við að því stórslysi verði forðað að skólinn þurfi að draga saman seglin eða jafnvel hætta starfsemi. Það er eitthvað sem ekki má gerast hjá þessari sjávarútvegsþjóð. Við höfum á undanförnum árum starfað náið með erlendum systurstofnunum okkar og höfum meðal annars fylgst með skólum í Noregi sem hafa verið að vaxa hratt, enda afar vel búið að allri uppbyggingu náms, húsnæðis og annarra þátta. Ég hefði gjarnan viljað sjá slíkan metnað fyrir grunnnámi í sjávarútvegi hér á landi," segir Ásdís og bætir við að vegna vaxtar Fisktækniskólans á síðustu árum hafi verið orðið ljóst fyrir nokkru að hann þyrfti sem fyrst á rúmbetra húsnæði að halda.

„Við þurfum ekki stórt húsnæði né yfirbyggingu – það er enginn að tala um það. En til þess að rekja okkar hlutverk og laða til okkar ungt fólk á framhaldsskólaaldri þá þurfum við að vera smart, flottur skóli sem er áhugaverður í þeirra augum og hefur að bjóða áhugavert nám. Þetta er okkar framtíðar fólk í sjávarútvegi sem er svo mikilvægt fyrir sjávarútveginn að grípa og kynna þeim undirstöðu íslensks sjávarútvegs," segir Ásdís.

Þróun námsins sprottin af þörf í greininni

Fyrir utan grunnnámið sem Fisktækniskólinn hefur byggt upp á 10 árum hefur skólinn einnig byggt upp framhaldsnám og sértækar námslínur. Dæmi um hið síðarnefnda er Marel vinnslutækni þar sem lögð er áhersla á kennslu í því allra nýjasta í tæknivæddri fiskvinnslu. Fisktækniskólinn tók sömuleiðis við námi í veiðarfæragerð sem nú heitir veiðarfæratækni, hann er einnig með ört stækkandi nemendahóp í fiskeldisnámi og gæðastjórnunarnám við skólann hefur náð vinsældum langt út fyrir sjávarútvegsgreinina.

„Síðan við hófum starfsemi fyrir 10 árum hefur orðið gjörbylting í tæknivæðingu fiskvinnslunnar sem í dag er hátæknivæddur matvælaiðnaður. Ég er ekki í vafa að grunnmenntun okkar í því hvað sjávarútvegur er hefur skilað sér mjög vel inn í þá þróun sem þar hefur orðið. Sama er að segja um framhaldsnámið okkar, hvort heldur er gæðastjórnunin, haftengda nýsköpunin, fiskvinnslutæknin eða fiskeldið. Allar þessar námsleiðir hafa orðið til í nánu samstarfi við fyrirtæki í sjávarútvegi og þær hafa sprottið upp úr þörf fyrirtækjanna fyrir fólk með betri grunnþekkingu. Þróunin hjá okkur í námsleiðum í fiskeldi á allra síðustu árum er mjög gott dæmi um þetta og við heyrum hjá stjórnendum fiskeldisfyrirtækjanna hversu mikils virði það er að starfsfólkið byggi á sama þekkingargrunni í daglegum störfum sínum. Við erum þess vegna ekki í nokkrum vafa um að starfsemi Fisktækniskólans er sjávarútvegi og þjóðfélaginu mikils virði. Verðmætunum sem í þessari fræðsluuppbyggingu skólans felast má ekki glata," segir Ásdís.

Mikil þörf fyrir sérgreinaskóla í sjávarútvegi

Segja má að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði hafi á vissan hátt verið forveri Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Á sínum tíma varð Fiskvinnsluskólinn að deild innan Flensborgarskóla en sú tenging þótti ekki hafa verið uppbyggingu náms í fiskvinnslu til framdráttar. Þörfin fyrir sérgreinaskóla í fiskiðnaði var áfram til staðar og á þeim grunni varð Fisktækniskólinn Íslands til fyrir réttum 10 árum.

„Við erum í dag með 130 skráða nemendur og um 40 nemendur í fiskeldi. Það leikur þess vegna enginn vafi á hver þróunin er hvað varðar þörf fyrir Fisktækniskólann," segir Ásdís og svarar því aðspurð að margir staðir vilji fá starfsemina til sín.

„Já, það eru margir sem sækjast eftir að fá Fisktækniskólann til sín en það breytir því ekki að við verðum að fá þann sama grunn og aðrar mikilvægar menntastofnanir byggja á, þ.e. að geta staðið straum að rekstri húsnæðis fyrir starfsemina. Vonandi heyra stjórnvöld og sjávarútvegsgreinin ákall okkar um að þessari óvissu verði rutt úr vegi hið fyrsta og að við getum snúið okkur að því að halda áfram að byggja upp grunnmenntun, sjávarútvegsgreininni til heilla. Það er okkar ósk og von sem að Fisktækniskóla Íslands stöndum," segir Ásdís.





ÞORBJÖRN HF.

Hafnargötu 12, 240 Grindavík
Sími 420 4400 - Fax 420 4401

Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum
Grindvíkingum hamingju- og
heillaóskir á sjómannadaginn

VÍSIR
FÉLAG SKIPSTJÓRNARMANNA
Á SUÐURNESJUM
Hafnargötu 90 - 230 Keflavík - Sími 421 4942

Traustur og framsækinn samstarfsaðili við sjávarútveginn



www.tgraf.is
426-7660 / 692-3692
tgraf@tgraf.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020 2022

2019 2022 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

SKIPAÞJÓNUSTA STÝRINGAR ÖLL ALMENN RAFÞJÓNUSTA IÐNAÐUR MANNVIRKI

TG RAF

Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn

HH SMÍÐI ehf.

FMS

Aðalskrifstofa:	422-2400	Vaktsímar
Grindavík:	422-2420	824-2403
Sandgerði:	422-2410	824-2401
Hafnarfjörður:	422-2460	824-2406
Patreksfjörður:	422-2470	895-8931
Ísafjörður:	422-2430	824-2404
Siglufjörður:	422-2440	899-7807
Höfn:	422-2450	824-2407

FMS hf

Til þjónustu reiðubúnir

www.fms.is

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson / Fuglar












VOOT
Óskum sjómönnum og fjölskyldum
þeirra innilega til hamingju með daginn
ALLT TIL ÚTGERÐAR
OG VINNSLU
ALLT Á EINUM STAÐ
www.voot.is
Skarfagörðum 4
104 Reykjavík
s. 581-2222
Ólafsbraut 19
355 Ólafsvík
s. 841-1205
Norðurtangi 1
600 Akureyri
s. 841-1322

Framkvæmdir framundan og staða verkefna



Í sumar verða u.þ.b. 1600 m2 af þekju á Suðurgarði brotnir upp og svæðið steypt aftur vegna sigs í þekju. En verkið mun kosta um rétt rúmar 57 milljónir kr. og er hlutur hafnarinnar af heildarkostnaði um 13 milljónir kr. H.H. smíði átti lægsta tilboðið í verkið og var samið við fyrirtækið í kjölfar opnunar útboða 2. maí 2023. Áætluð verklok eru í ágúst 2023.

Brimvarnagarður við SV enda innsiglingarinnar

Enn er unnið hörðum höndum að því að koma ytri brimvarnagarði á Samgönguáætlun. Samhliða þeirri pólitík sem rekin er víðsvegar í okkar stjórnkerfum varðandi Samgönguáætlun, vinnur Vegagerðin að ýmsum undirbúningi m.a. að finna hentugar grjótnámur í þetta mikla mannvirki. Hentug grjótnáma er námusvæði sem gefur mikið af stærsta grjótflokki sem til þarf í ysta lag garðsins. Í sjálfan enda garðsins þarf líklega að steypa 30 tonna einingar til þess að standast verstu veðrin.

Mikilvægur þáttur í þessari vinnu er að samþætting þekkingar sérfræðinganna saman við reynslu staðkunnugra í því skyni að finna skynsamlegustu niðurstöðuna. Skipstjórnarmennirnir skipstjórnamanna af aðstæðunum sem ríkja í Grindavík. Helsta markmið með gerðunum er eins og margoft hefur komið fram er að tryggja öryggi þeirra sem fara um innsiglinguna og um leið má vænta þess að öryggisviðmiðin varðandi ölduhæð í innsiglingu hækki um 1-2 metra eftir gerð og stærð skipa og ýmissa tilbrigða ölduáttar og öldutíðni, vindátt og vindstyrk.



Sigurður A. Kristmundsson hafnarstjóri.

Sigurður Jónsson skipstjóri á Tómasi Þorvaldssyni og Ragnar Pálsson ásamt hafnarstjóra áttu fund með sérfræðingum hafnarsviðs Vegagerðarinnar um möguleika breyttrar innsiglingarinnar í Grindavík. Skipstjórnamennirnir ásamt undirrituðum eru fullvissir um að brimvörnin muni auka öryggi skipa og áhafna umtalsvert frá því sem nú er, en Sundboðann þarf að fjarlægja svo fullt gagn verði af þessum nýja garði. Keyrsla og úrvinnsla úr reiknilíkani Vegagerðarinnar fyrir hafnir styður þá ályktun sem byggir á margra ára reynslu

Veturinn 2023

Janúar í ár fór vel af stað og var talsvert meira landað í þeim mánuði en í fyrra. Veðurlag í febrúar er oft á tíðum slæmt. Þetta ár var engin undantekning, febrúar mætti með offorsi og látum. Það lægði seint og um síðir sem orsakaði samdrátt um rúmlega 1500 tonn í afla sem var landað í okkar höfn miðað við í fyrra. Heimaskipin lönduðu í öðrum höfnum vegna illskuveðurs. Veðrið í mars var í verra lagi en þrátt fyrir það var rúmlega 700 tonnum meiri afla landað í ár en í fyrra. Minni afli barst á land í apríl og maí en helsta skýring á því er ekki veðurfarið sem reyndar var fínt heldur má rekja samdráttinn til skorts á aflaheimildum.

Samantekið

1. Halda þarf uppi viðvarandi þrýstingi á stjórnvöld um að setja fjármuni í þessi brýnu verkefni. Stjórnvöldum ber að taka ákvarðanir sem þeir eiga auðvelt með að rökstyðja. Ákvörðun um þessa framkvæmd á að vera auðvelt að rökstyðja, enda eru Vegagerðin og innviðaráðherrann, Sigurður Ingi, sem sagði á fundi með bæjastjórnarmönnum að ekki væri spurning hvort heldur hvenær framkvæmdir fara af stað. Það er verkefni okkar heimamanna að passa að verkið verði ekki sett neðst í bunkann.
2. Tvö til þrjú ár tekur að klára framkvæmdir eftir að komið er grænt ljós frá stjórnvöldum.
3. Halda þarf áfram að vega og meta bestu kostina við gerð garðsins og efnistöku samhliða dýpkun í ytri rennu. Sú vinna fer fram á mjög breiðum grunni þ.e. með sérfræðingum og okkar reynsluboltum í skipstjórnarstéttinni.
4. Ávinningur framkvæmdarinnar er:

a. Öruggari innsigling, bætt orðspor og aukin tækifæri
b. Færri frátafir vegna vondra skilyrða í innsiglingu
c. Auknar tekjur hafnarinnar og auknar tekjur í samfélaginu öllu

Með auknum umsvifum í fiskeldi á landi hér allt um kring um okkur liggja tækifæri sem við munum vera fær til að grípa með tilkomu öruggari innsiglingu. Auk þess er rétt að minna á það að innsiglingin okkar er barnalega einföld þegar vel viðrar. Því ættum við að sjálfsögðu að horfa einnig til þess að auka umsvifin yfir þá mánuði sem veðrið er til friðs. Frá maí til október eru veðrin og aðstæður í innsiglinu kjörin fyrir flutningaskip og smærri skemmtiferðaskip. Okkar er að nýta tækifærin sem okkur geta boðist. Annað hvort förum við áfram eða aftur á bak, ólíkt því hvernig spilun er háttað í streymisveitum er kyrrstaða ekki í boði í raunheimum. Það er ekkert hægt að ýta á pásu meðan verið er að poppa...

Sjómenn og fjölskyldur
Innilega til hamingju með daginn
Sigurður A. Kristmundsson
Hafnarstjóri Grindavíkurhafnar

	jan	feb	mars	apríl	tll 11. maí	samtals jan til 11. maí
árið 2023	2.939.962	1.886.585	5.863.581	4.996.472	1.605.805	17.292.405
árið 2022	1.162.856	3.442.872	5.137.163	6.177.727	2.567.331	18.487.949
mismunur milli ára	1.777.106	-1.556.287	726.418	-1.181.255	-961.526	-1.195.544

Tafla 1. Samanburður milli mánaða landaðs afla 1. janúar til 11. maí árin 2022 og 2023 (heimild: vefur Fiskistofu 11.05.2023)



Nútímalegur og sportlegur rafbíll með allt að 528 km drægni. Með ofurhröðum hleðslutíma tekur einungis 18 mínútur að hlaða hann úr 10% í 80%.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia EV6 hjá okkur í K.Steinarssyni, Njarðarbraut 15, 260 Reykjanesbæ.

Við tökum vel á móti þér.

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.

Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Hafnargötu 9 Sími 426 8400 • Fax 426 8405 • Netfang: svg@svg.is • www.svg.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá klukkan 8:00-13:00.

Tafla 2. Afli eftir skipum og veiðafærum 2022 (Heimild: vefur Fiskistofu 11.5 2023)

Heiti skips	BOTN	DRAG	GRSL	HAND	LINA	NET	SNET	Grand Total
Hrafn Sveinbjarnarson GK - 255	4.029.395							4.029.395
Sturla GK - 12	3.081.563							3.081.563
Vörður ÞH - 44	2.458.221							2.458.221
Sighvatur GK - 57					2.305.207			2.305.207
Áskell ÞH - 48	2.286.657							2.286.657
Tómas Þorvaldsson GK - 10	2.104.288							2.104.288
Fjölnir GK - 157					1.982.788			1.982.788
Páll Jónsson GK - 7					1.777.379			1.777.379
Jóhanna Gísladóttir GK - 357	1.467.630							1.467.630
Valdimar GK - 195					1.426.470			1.426.470
Hrafn GK - 111					542.670			542.670
Daðey GK - 777					476.696			476.696
Sandfell SU - 75					461.039			461.039
Hulda GK - 17					425.872			425.872
Sævík GK - 757					418.222			418.222
Auður Vésteins SU - 88					391.696			391.696
Hafrafell SU - 65					370.613			370.613
Frosti ÞH - 229	342.885							342.885
Kristján HF - 100					337.627			337.627
Vésteinn GK - 88					333.152			333.152
Óli á Stað GK - 99					302.137			302.137
Særif SH - 25					296.665			296.665
Gísli Súrsson GK - 8					277.978			277.978
Háey I ÞH - 295					272.311			272.311
Erling KE - 240						254.199		254.199
Geirfugl GK - 66					226.136			226.136
Grímsnes GK - 555						225.366		225.366
Ísey EA - 40		224.923						224.923
Katrín GK - 266					206.033			206.033
Margrét GK - 33					198.539			198.539
Dúddi Gísla GK - 48					171.512			171.512
Hópsnes GK - 77					144.146			144.146
Fríða Dagmar ÍS - 103					107.713			107.713
Bíldsey SH - 65					102.793			102.793
Jónína Brynja ÍS - 55					100.030			100.030
Tryggvi Eðvarðs SH - 2					97.935			97.935
Dóri GK - 42					88.273			88.273
Hafdalur GK - 69				79.096				79.096
Hraunsvík GK - 75						70.541	3.421	73.962
Gullhólmi SH - 201					68.865			68.865
Gulltoppur GK - 24				9.086	47.649			56.735
Hrappur GK - 6				44.765				44.765
Sigurvon ÁR - 121				42.831				42.831
Garpur RE - 148			31.987	5.688		976		38.651
Hásteinn ÁR - 8		37.980						37.980
Grindjáni GK - 169				37.640				37.640
Sæfari GK - 89				35.598				35.598
Jón Ásbjörnsson RE - 777					31.328			31.328
Líf NS - 24				28.441				28.441
þórdís GK - 68				20.804	2.367			23.171
Agla ÁR - 79				20.746				20.746
Stella ÍS - 169				16.516				16.516
Tryllir GK - 600			14.749					14.749
Teista SH - 118				14.495				14.495
Jón Pétur RE - 411			14.368					14.368
Daddi GK - 55				9.246				9.246
Maggý VE - 108		9.241						9.241
Von GK - 175				8.487				8.487
Særós ST - 207				8.007				8.007
Byr GK - 59						7.643		7.643
Gísli ÍS - 22				4.319				4.319
Sigfús B ÍS - 401				4.019				4.019
Lukka GK - 72				3.572				3.572
Hamar GK - 176				2.379				2.379
Ragnar Alfreðs GK - 183			2.050					2.050
Alli GK - 47				2.040				2.040
Beggi GK - 164				1.682				1.682
Guðrún GK - 90				1.177				1.177
Tjúlla GK - 29				524				524
Tóki ST - 100				520				520
Grand Total	15.770.639	272.144	63.154	401.678	13.991.841	558.725	3.421	31.061.602



Kæru sjómenn og fjölskyldur ykkar!

Til hamingju með sjómannadaginn



Grindavík... útgerðarbær

www.grindavik.is

ALLT FASTEIGNASALA
REYKJANESBÆ - GRINDAVÍK - MOSFELLSBÆ

ALLT FASTEIGNASALA

ÉG TEK VEL Á MÓTI ÞÉR OG LEIÐBEINI ÞÉR
Í GEGNUM **ALLT** FERLIÐ



- RÁÐGJÖF VIÐ KAUP OG SÖLU FASTEIGNA
- FRÍTT OG SKULDBINDINGARLAUST SÖLUVERÐMAT
- LJÓSMYNDUN FAGLJÓSMYNDARA INNIFALIN
- FASTEIGNASALI SÝNIR ALLAR EIGNIR



PÁLL ÞORBJÖRNSSON
Löggiltur fasteignasali

ALLT fyrir þig

560-5501 pall@allt.is www.allt.is









Verið velkomin

StapaPrent

- Síðan 1984 -

Vesturbraut 8 - 230 Reykjanesbær
Sími 4214388 - stapaprent@stapaprent.is



Bæjarbót maí 1989

Margrét Sighvatsdóttir skrifar

1930-2012

Sjómannadagurinn – hátíð í bæ

Sjómannadagurinn – hátíð í bæ.

Fyrsta sunnudag í júní ár hvert er haldin hátíð, sem nefnist „Sjómannadagurinn" og eins og nafnið bendir til er sá dagur helgaður sjómönnum okkar um land allt.

Í mínum huga er þessi dagur sérstakur og telst með meiri hátíðisdögum hjá mér og minni fjölskyldu.

Tel ég að flestum Grindvíkingum finnist eins, þar sem Grindavík er sjávarpláss og afkoma manna byggist á hvað mikið kemur af fiski á land, það og það árið.

En það er sama hvort fiskast mikið eða lítið, sjómannadagurinn er alltaf á sínum stað sem betur fer. Fólk fer í fínu fötin, drífur sig niður að höfn, horfir þar á skemmtiatriði og allskonar keppni, flýtir sér ósköp upp í Festi til þess að fá nú pláss við borð og fá sér kaffi og með því, en þá hafa flestar frúr bæjarins bakað flottustu kökur sem nokkurn tíma sjást í henni Grindavík.

Já! Svo voru það nú böllin í dentíð, - eða eru þau enn? Jú líklegast – en er víst bara farin að eldast!

Já vonandi helst ljóminn kringum sjómannadaginn okkar alltaf.

Svo ég víki nú að sjómönnunum okkar. Metum við vinnu þeirra eins og



Margrét Sighvatsdóttir

skyldi? Gerum við okkur grein fyrir þeirra miklu vinnu og hættu sem þeir óneitanlega leggja á sig í misjöfnum veðrum og sjógangi úti á hinu stóra hafi. Ég tel að við hvorki getum eða gerum það alls ekki.

En það er eitt sem við getum gert, það er að hugsa hlýlega til sjómannanna okkar og biðja Guð að vernda þá gegn hættunum og vísa þeim veginn gegnum brimið heim.

Góðir Grindvíkingar, ég vona að þið sjáið hvað við eigum góðan og bjartan bæ, á strönd þar sem úthafsöldurnar falla að ýmist dökkbláar eða hvítfryssandi.

Bæ sem er með stórar og fallegar bryggjur þar sem elsku bátarnir okkar leggjast að þegar þeir koma siglandi af hafi (mér hefur alltaf fundist að bátarnir hafi sálir). Og sjómennirnir okkar, þeir eru hamingjusamir yfir að vera komnir heim eftir giftusamlega ferð, og eru glaðir yfir að geta lagt bátunum í góða höfn.

Ég vil hvetja fólk til þess að fara út og gæta að hvort þetta sé ekki rétt hjá mér. Lítum okkur nær og látum málsháttinn: „Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina meiri" sem vind um eyru þjóta.

Að lokum: Sjómenn og fjölskyldur! Höldum sjómannadaginn hátíðlegan af alhug.

Til hamingju með daginn og gæfan fylgi ykkur alla tíð!

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur á sjómannadegi

SALTKAUP EHF

SCANMAR

StapaPrent
- Síðan 1984 -

ORF
LÍFTÆKNI

Arnþór – Þorleifur
788 8258
VÍKURAFL EHF
GRINDAVÍK

NAUST marine

Toyota
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19 - 260 Reykjanesbæ - Sími: 420-6600 - www.toyotareykjanesbae.is

Bryggjan
GRINDAVÍK

REYKJANESHÖFN

ICE FRESH SEAFOOD
SAMHERJI
FISKELDI

Skiltagerð.is

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA


JÓN & MARGEIR
Grindavík
Óskum sjómönnum
til hamingju með daginn
Seljabót 12 • Grindavík • Sími 840 1330 • jon@jonogmargeir.is


BEWI
for a better everyday


TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR
555 6677 | umb.is | Korngörðum 5, Reykjavík
UMBÚÐAMIÐLUN

HAMPIÐJAN
– veiðarfæri eru okkar fag



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Starfsfólk Fjölbrautaskóla Suðurnesja sendir sjómönnum, fiskvinnslufólki og Grindvíkingum öllum hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn. Minnum á að innritun í skólann fyrir næstu önn lýkur 8. júní, fyrir nemendur fædda 2007. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu skólans www.fss.is.



Ísfell óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn.

ÍSFELL



VIÐ ÓSKUM SJÓMÖNNUM
OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Verið velkomin til okkar
að Víkurbraut 62.

www.hjahollu.is &/hjahollu

hjá höllu

Vélsmiðja Grindavíkur

Til þjónustu við sjávarútveginn í yfir 30 ár

Bílaverkstæði- Verslun- Renniverkstæði- Vélsmiðja







Málning-penslar-rúllur-sparsl-verkfæri-hamrar-naglar-sagir
boltar-skrúfur-fittings-gas-bónvörur-sápur-olíur
Helly Hansen fatnaður-öryggisskór

Opið alla virka daga
frá kl 8-18
Laugardaga frá kl 10-14





VÉLSMIÐJA
GRINDAVÍKUR

Seljabót 3, 240 Grindavík / Sími 426 8540 / www.vgsmidja.is

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

SérEfni
www.serefni.is

SJÓMANNABLAÐIÐ VÍKINGUR

sæplast®

FISKVERKUN
Staðarsundi 16B • 240 Grindavík

netto
Lægra verð – léttari innkaup

SKIPARADIO
MARINE ELECTRONIC SERVICE

Áhættulausnir
Sérfræðingar í vátryggingum fyrirtækja



Grindavík er á hárrettum stað á landakortinu

Slippurinn Akureyri keypti húsnæði, tæki, tól og hönnun Martaks í Grindavík á síðasta ári en Slippurinn er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði hér á landi og veitir alhliða þjónustu við sjávarútveginn, bæði hér innanlands og erlendis. Með kaupunum fluttust tíu starfsmenn Martaks til Slippsins.

Sveinbjörn Pálsson sviðsstjóri skipaþjónustu Slippsins segir enga tilviljun að ákveðið hafi verið að sækja fram á Suðurnesjum, Grindavík sé heppilegur staður til þess að ná settum markmiðum í þeim efnum. Á svæðinu séu stór útgerðarfélög sem Slippurinn hafi þjónustað og vilji leggja metnað í gera svo áfram. Með þessu skrefi eigi Slippurinn möguleika á meiri sveigjanleika þegar kemur að þjónustu við fyriræki á Reykjanesi. Hann bendir á áform um gríðarlega uppbyggingu í fiskeldi á svæðinu, sem skapi einnig fjölmörg tækifæri um aðkomu að stórum verkefnum. Starfsmenn Slippsins séu með yfirgripsmikla þekkingu á sínu sviði, tækjakostur fyrirtækisins góður og húsnæðið hentugt.

Stórhuga áform um fiskeldi á Suðurnesjum skapa tækifæri

Óli Björn Ólafsson sölumaður er einn þeirra starfsmanna Martaks, sem fluttist yfir til Slippsins á síðasta ári og hann horfir björtum augum fram á veginn.

"Já, ég geri það en auðvitað fylgir því alltaf óvissa fyrir starfsfólk þegar fyrirtæki skipta um eigendur. Það er bara eðlilegt og mannlegt, en þessar áhyggjur urðu fljótt að engu.

Slippurinn telst vera stórt fyrirtæki á sínu sviði hér á landi, er með heildarlausnir í hönnun, þróun og endurnýjun á búnaði skipa og vinnslubúnaði, auk þess sem





landverkefnum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum. Stefnan er að þjónusta fiskeldið í framtíðinni og á því sviði sé ég fyrir mér að starfsstöðin hérna í Grindavík verði sterkur hlekkur í þeim efnum. Við þekkjum flest stórhuga áform um uppbyggingu fiskeldis á Suðurnesjum á komandi árum og auðvitað þurfa slík verkefni að leita til málm- og véliðnfyrirtækja sem búa yfir hátæknilausnum. Grindavík er á hárréttum stað á landakortinu hvað þetta allt saman varðar.

Við erum með góðan bakgrunn í þessum efnum og með því að verða hluti af öflugu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn og trausta eigendur er engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn á framtíðina."

Veruleg þörf á menntuðu starfsfólki í málmiðnaði

Óli Björn segir að rík áhersla sé lögð á faglega og örugga þjónustu, enda samkeppnin um verkefni mikil.

"Við getum sagt að samkeppnin sé alþjóðleg, hins vegar höfum við Íslendingar sýnt það og sannað að við erum framarlega í hátækni á matvælasviði, sérstaklega fiski. Við erum vel í stakk búin til að taka að okkur flókin og vandasöm verkefni, dæmin sýna svart á hvítu að svo er. Ég segi hiklaust að það verður veruleg þörf á menntuðu starfsfólki í málmiðnaði á næstu árum, hvort sem við erum að tala um þjónustu við skip, framleiðslu vélbúnaðar eða ýmsar hátæknilausnir."

Starfsmennirnir í Grindavík vita nákvæmlega hvað snýr upp og niður

Sveinbjörn Pálsson tekur í svipaðan streng, hann segir að margt sé í pípunum hjá Slippnum á Suðurnesjum.

"Nýverið opnuðum við sérstakt vöruþróunarsetur, þar sem sérhæfðir starfsmenn vinna að hönnun og þróun margvíslegra tæknilausna. Vöruþróunarsetrið er einmitt liður í því að sækja fram, svo sem í tengslum við gríðarlega uppbyggingu í fiskeldi. Við erum með vöruþróunarverkefni sem lúta bæði að vinnslu á hvítfiski og eldisfiski, þannig að það eru sannarlega margir boltar á lofti hjá okkur. Þegar sótt er fram, er lykilatriði að áhöfnin sé skipuð dugmiklu starfsfólki. Starfsmennirnir í Grindavík vita nákvæmlega hvað snýr upp og niður í faginu og eru lausnarmiðaðir í alla staði. Grindavík hefur mikla möguleika til að vaxa og dafna í framtíðinni," segir Sveinbjörn Pálsson.

Slippurinn sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur í tilefni sjómannadagsins.


Sendum sjómönnum, fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir
á sjómannadaginn
2999
DÚDDI GÍSLA GK-48
CLEOPATRA FISHERMAN 40BB
TREFJAR
FPT
DOOSAN
BESA ehf
Bakkalág 17, 240 Grindavík
Sími 893 9713 / 898 8813
besaehf@gmail.com


Gleðilega
hátíð
sjómenn
Við erum betri saman



Sjómannadagurinn 2022

Sjómenn, til hamingju!

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
óskar sjómönnum og fjölskyldum
þeirra til hamingju með daginn

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

www.vm.is



Stjórn SVG 2023-2024

Frá vinstri: Einar Hannes Harðarson formaður, Sigurjón Veigar Þórðarson varaformaður, Kristinn Einarsson meðstjórnandi, Steingrímur E. Kjartansson ritari og Kári M. Ölversson gjaldkeri.












Til hamingju með daginn!
2677
VÍSIR
Vísir óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.
VÍSIR
LONG LINE CAUGHT
Visirhf.is

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur á sjómannadegi

ENOR

GILDI

Blómakot
Blóm og gjafavara
Sími 894-9211
Hafnargata 7b



UN
bókhald ehf
Almenn bókhaldsþjónusta
Reykjavíkurvegi 64
unbokhald.is
Sími 568 5730

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

GLUGGAVINIR

SALTHÚSIÐ

LYSI

kemi



Sendum sjómönnum,
fiskvinnslufólki og öðrum Grindvíkingum
hamingju- og heillaóskir á sjómannadaginn

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson





Gallerí sjó...



© Eyjólfur Vilbergsson



© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson





Gallerí sjó...


© Eyjólfur Vilbergsson


ÁR-121
SIGURVON
© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson





Gallerí sjó...


2714
SÆVÍK GK 757
VÍSIR hf
© Eyjólfur Vilbergsson


2444
STURLA GK 12
© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson






1909
GÍSLI IS22
© Eyjólfur Vilbergsson


GK 24
GULLTOPPUR
© Eyjólfur Vilbergsson

Gallerí sjó...

Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson






© Eyjólfur Vilbergsson


FLADEN
© Eyjólfur Vilbergsson



Réttur sjómanna til bóta

Verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína, geta þeir átt rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins, án tillits til þess hvort slysið verði rakið til mistaka eða vanrækslu.

Sökum þess hve ríkan rétt þeir eiga sem lenda í vinnuslysi á sjó, er mikilvægt að leita alltaf réttar síns, þótt tjónið kunni í upphafi að virðast smávægilegt.

Brýnt er að leita til læknis og tilkynna viðeigandi aðilum strax um slysið, svo sem vinnuveitanda, tryggingafélagi, sjómannafélagi og Sjúkratryggingum Íslands.

Einnig er mikilvægt að hinn slasaði ráðfæri sig sem fyrst við lögmann um rétt sinn.

Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis hjá okkur!

FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Þinn réttur til bóta!

2014 - 2021



HEIÐRANIR

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

HEIÐRANIR - SJÓMANNA- OG VÉLSTJÓRAFÉLAG GRINDAVÍKUR



Frá vinstri: Svavar Ellertsson, Eðvarð T. Jónsson og Óskar Sævarsson ritstjóri.
Ljósmyndir: Eyjólfur Vilbergsson, Jón Steinar Sæmundsson,
Kr. Ben, og Haraldur Hjálmarsson.

Formáli



Föðurland vort hálft er hafið

Ljósm. Eyjólfur Vilbergsson

Vafalaust hefur verulegur hluti fyrstu landsnámsmanna Íslands heillast af þeim þrálátu sögusögnum að hér drypi smjör af hverju strái og landkostir væru hér betri en í Noregi og á Bretlandseyjum. Sögunum fylgdi að landið væri gjöful veiðistöð á öllum árstímum. Landnámsmenn gengu fljótt úr skugga um að hafið gaf landinu sjálfu lítið eftir í rausnarskap og því mætti sækja lífsbjörgina bæði til kosta landsins og nytja hafsins. Víða um land var stór hluti bjargarinnar sóttur í fjöruna og sjóinn. Lengst af voru bátar landsmanna vanbúnir að sinna fiskveiðum, ekki síst þar sem erfitt og hættulegt gat verið að sækja sjóinn en með kólnandi veðurfari á 14. og 15. öld kom berlega í ljós að landsbyggðin gat ekki án fisksins verið. Landsmenn urðu að vera með annan fótinn í fjörunni, en hinn í bátnum.

Þannig hafði þjóðin hjarað við sömu eymdaraðstæðurnar öldum saman. Sambúðin við hafið var oft býsna háskaleg og horfurnar stundum kvíðvænlegar í meira lagi - lítið var í búi, hver uggi etinn, skepnurnar horfallnar og fátæklingarnir farnir á vergang. Við þetta bættist „landsins forni fjandi“ sem iðulega fyllti firði og víkur. Ef ekki var komist á sjó, fékkst lítil lífsbjörg og án sjávarfengsins hefði þjóðin vart þraukað. Menn lögðu mjög hart að sér við þessa vinnu og hlífðu sér ekki en aflinn var æði misjafn. Þegar menn komust á sjó á þessum öldum horfellis og harðinda þóttu slys og mannskaðar eðlilegur fórnarkostnaður sjómennskunnar. Þannig var hafið með öllu sem því fylgdi í senn ógnvaldur og bjargvættur íslensku þjóðarinnar. Sjálfsþurftarbúskapur þekktist varla og fáir voru jafnokar Skalla-Gríms sem samkvæmt Egilssögu lifði í algerri sjálfsþurft og lét þræla sína veiða til matar fisk úr sjó, seli og hvali auk laxa úr ám. Þótt fiskveiðar hafi verið stundaðar við landið allt frá landnámi varð sjávarútvegur í nútímaskilningi í rauninni ekki til sem sjálfstæður atvinnuvegur fyrr en á 19. öld. Fáir hafa komist betur að orði um lífsbaráttu Íslendinga fyrr á öldum en skáldið Jón Magnússon, sem orti:

Föðurland vort hálft er hafið
helgað þúsund feðra dáð.
Þangað lífsbjörg þjóðin sótti
þar mun verða stríðið háð.
Yfir logn og banabylgju
bjarmi skín af Drottins náð.
Föðurland vort hálft er hafið
hetjulífi' og dauða skráð.

Eðvarð T. Jónsson



Jón Elli Guðjónsson, Stefán Stefánsson og eiginkona hans Eyrún Jónsdóttir, Jón Eyjólfur Sæmundsson og eiginkona hans Unnur Haraldsdóttir, Ólafur Ragnar Sigurðsson og sambýliskona hans Hildur Sigurðardóttir. Haukur G. Einarsson skipstjóri kynnir og Birgir Mar Guðfinnsson formaður SVG.

Á sjómannadaginn 1. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fjóra grindvíska sjómenn

Jón Elli Guðjónsson

Jón Elli Guðjónsson skipstjóri er fæddur í Höfn í Þórkötlustaðanesi 6. mars 1934. Hann er sonur hjónanna Guðjóns Jónssonar útvegsbónda frá Höfn og Guðbjargar Pétursdóttur húsfreyju frá Höfn í Þórkötlustaðanesi.

Jón Elli er yngstur fimm systkina. Þau eru Haukur, látinn, Guðmundur, Guðbjörg og Pétur. Sambýliskona hans er Guðrún Anna Ingvadóttir.

Jón Elli elst upp í foreldrahúsum í Nesinu til 12 ára aldurs. Árið 1947 er heimili hans, Höfn, flutt úr Nesinu til Grindavíkur að Túngötu 7. Hann gengur í skóla í Þórkötlustaðahverfi, en fermingarárið er hann síðasta skólaárið sitt í nýja barnaskólanum í Grindavík.

Fimmtán ára gamall byrjar hann að vinna í Hraðfrystihúsi Grindavíkur og er þar næstu þrjár vertíðir, en sjómennskan átti fyrir honum að liggja.

Átján ára gamall er hann munstraður í skipsrúm hjá Jóni Gíslasyni og Einari Dagbjartssyni á Maí GK 48. Hann er á Stellu á reknetum og 1948 er hann vélstjóri hjá Óskari Gíslasyni á Sæborginni GK 48.

Það er svo um haustið 1959 að Jón Elli fer á mótornámskeið og lýkur svo fiskimannaprófi frá Stýrimannaskólanum 1961. Við taka nokkur ár sem stýrimaður á Faxaborg GK frá Hafnarfirði og síðar stýrimaður á Freyfaxa KE á síldveiðum. Þá var síldin veidd í reknet, farið út á kvöldin og landað að morgni.

Árið 1965 tekur hann við skipsstjórn á Mána GK 136, sem hann er gjarnan kenndur við. Í hartnær þrjá áratugi er hann með Mána eða til ársins 1994, síðustu þrjú árin í eigu Vísis H/F en fram að því var hann gerður út af Hraðfrystihúsi Grindavíkur.

Jón Elli var jafnan hæstur á humarvertíð. Hann tók þátt í upphafi humarveiða frá Grindavík, staðsetti og kortlagði fyrstu bleyðurnar og var aflinn í upphafi ævintýralegur, þeir fengu 40 körfur af humar í fyrsta hali!

Útgerð Mána var með hefðbundnum hætti, byrjað á vetrarvertíð en síðan tók við humar og lína á haustin. Árið 1965 háttaði þannig til hér í Grindavík að erfitt var að manna báta og fór það svo að á fyrstu vetravertíð voru sjö Færeyingar í áhöfn á Mána.

Á árunum 1992 til 1998 er hann í afleysingum á hinum ýmsu bátum, mest hjá Vísi h/f á Hrungnir GK og Frey GK en einnig var hann með Hrólfi Gunnarssyni á Sæborginni þegar hún sökk. Árið 1995 er hans síðasta humarvertíð þegar hann tekur við Hörpu GK, hinni litlu, fyrir Sæmund Hafsteinsson. Hann kemur úr sinni síðustu sjóferð, að 46 árum liðnum frá þeirri fyrstu, eftir farsælan skipsstjórnar og sjómannsferil.

Jón Elli bjó lengst af í Höfn en árið 1991 byggir hann sér hús að Glæsivöllum 3 hér í bæ. Aldamótaárið 2000 flytur hann að Logafold 66 í Reykjavík þar sem hann býr nú með sambýliskonu sinni, Guðrúnu Önnu Ingvadóttur, og nýtur efri áranna.

Jón Elli Guðjónsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

2014

Jón Eyjólfur Sæmundsson

Jón Eyjólfur Sæmundsson skipstjóri er fæddur í Grindavík þann 27. október 1942. Hann er sonur hjónanna Sæmundar Kristjánssonar og Bjarnlaugar Jónsdóttur frá Melstað í Staðarhverfi.

Systkini Jóns frá Melstað eru Elís, Kristín, Agnes, Ólafur og Helgi. Hann er giftur Unni Haraldsdóttur, ættaðri frá Norðfirði og eiga þau 5 börn. Þau eru Kristinn, Halla, Ingi (látinn), Stefán og Bjarnlaug.

Jón elst upp í Staðarhverfi til 7 ára aldurs, þegar fjölskyldan flytur í Járngerðarstaðarhverfið í Grindavík, fyrst að Borgarholti meðan nýr Melstaður er byggður við Víkurbraut. Hann gengur í barnaskóla Grindavíkur og á unglingsárunum kemur fljótlega í ljós athafnasemi hans. Hann safnar fyrir vörubíl og er farinn að keyra þegar tilskildum aldri er náð.

Sjómennskan blundaði í Jóni og tvítugur var hann farinn á sjóinn. Hann byrjar með Eðvarð Júlíussyni á Hrefnu EA frá Akureyri og fer svo með honum á Sigurð ,,Siglufjarðar" SI. Næst liggur leiðin með Þórarni Ólafssyni, fyrst á Þorbirni GK svo Albert GK, bæði fyrri og seinni.

1969 fer hann í Stýrimannaskólann og lýkur fiskimannaprófi 1971.

Að skólanum loknum er hann fyrst á Albert GK og svo taka við viðburðarík ár á hinum ýmsu bátum og skipum. Hann er á togurum, meðal annars Surprise, um skeið á fragtskipi og ýmist stýrimaður eða skipstjóri á bátum eins og Sveini Sveinssyni GK, Sólbergi GK, Hrafni öðrum GK og Þórkötlu annarri GK.

Árið 1975 er hann svo kominn aftur á Albert GK og er þar að mestu til ársins 1981. Þá ræður hann sig á Oddgeir ÞH 222 í eigu Gjögurs H/F og unir hag sínum vel. Jón er þar stýrimaður hjá Hjálmari Haraldssyni, mági sínum, er þar fyrst stýrimaður og síðar skipstjóri allt til ársins 2012.

Oddgeir ÞH var gerður út á netaveiðar, togveiðar og síldveiðar í nót um nokkurt skeið. Þeir náðu góðum árangri á trolli og fór það svo að síðustu tvo áratugina var eingöngu verið á trolli og fiskað í ís.

Jón kom úr sínum síðasta róðri með Oddgeiri ÞH í lok október 2012 og lauk þar með farsælum skipsstjórnar og sjómannsferli eftir 50 ár á sjónum, sjötugur að aldri.

Jón kom víða við í rekstri, keyrði vörubíl, rak kjörbúð um skeið og var með eigin útgerð en hann gerði út Hafursey GK með félögum sínum. Jón var félagi í Kiwanis-klúbbnum Boða.

Þau hjónin byrjuðu að búa í Hvassahrauni, síðar á Leynisbraut en búa nú á Skipastíg 23 og eru sest í helgan stein og njóta efri áranna.

Jón Eyjólfur Sæmundsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf þitt á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Ólafur Ragnar Sigurðsson

Ólafur Ragnar Sigurðsson skipstjóri og útgerðarmaður er fæddur í Innstu-Tungu í Tálknafirði þann 14. febrúar 1941. Hann er sonur hjónanna Sigurðar Magnússonar skipstjóra frá Tálknafirði og Þórlaugar Ólafsdóttur frá Þórkötlustöðum í Grindavík.

Ólafur er elstur sjö systkina, en þau eru Guðrún, tvíburarnir Sóley og Bjarney, látnar, Guðjón, Sóley og Hrafnhildur.

Ólafur er tvígiftur, fyrri kona hans var Ásta Bergsteinsdóttir frá Keflavík. Þeirra börn eru Ágústa, Þórlaug, Bergsteinn, Sigurður og Ragnar, seinni kona er Inga Gunnarsdóttir. Þeirra börn eru Gunnar, Jóhanna og Halldóra. Barna og barnabörn eru orðin 35 talsins. Sambýliskona Ólafs er Hildur Sigurðardóttir.

Hann ólst upp í foreldrahúsum að Sólheimum fram á táningsaldur og ungur að árum er hann farinn að breiða fisk og vaska eins og tíðkaðist meðal ungmenna á þessum árum, en hugurinn stefndi á sjóinn, sjómaður ætlaði hann að verða. Þrettán ára gamall er hann kominn á sjó með föður sínum norður á síld á Hrafni Sveinbjarnarsyni.





Hann lýkur skólagöngu hér í Grindavík og fer að Núpi í Dýrafirði og lýkur þar gagnfræðaprófi. Á sumrin var hann á sjó með föður sínum. Árið 1959-60 fer hann í Stýrimannaskólann og aftur 1967 og lýkur þá meira fiskimannaprófi.

Haustið 1960 er hann orðinn stýrimaður á Hrafni Sveinbjarnarsyni öðrum eða „rauða Hrafninum" eins og hann var kallaður. Við taka viðburðaríkir og gjöfulir áratugir á sjó. Hann er stýrimaður á Friðrik Sigurðssyni frá Þorlákshöfn 1962 og er orðinn skipstjóri 21 árs á Sigurbjörgu SU 88.

Þá um vorið kaupir hann ásamt Sverrri Vilbergssyni Hrafn Sveinbjarnarson 2. GK 255, 56 tonna eikarbát. Við tók hefðbundið útgerðarmynstur, vetrarvertíð og svo á síld sumar og haust.

Hann er skipstjóri á Skagaröst GK., fer svo í útgerð á ný með Karli Helgasyni og Magnúsi Ásgeirssyni þegar þeir félagar kaupa Guðmund Þórðarson RE 70. Síðar kaupa þeir Reykjanesið GK.

Hann verður skipstjóri á Hrungni GK 50 hjá Páli í Sævík, síðar Vísi h/f og er með hann nær óslitið í 30 ár. Hefðbundið vertíðarmunstur var á útgerðinni en einnig var farið á loðnuveiðar. Lagt var mikið kapp á netaveiðar á viðmiðunarárum í aðdraganda kvótasetningar. Vertíðina 1982 var Hrungnir næsthæstur yfir landið á vetrarvertíð og með allra hæstu bátum þegar kvótinn var settur. Hann hættir með Hrungni eftir vertíðina 1990, var þá næsta áratuginn með ýmsa báta fyrir Vísir h/f, meðal annars Sæborgina og Fjölnir. Um aldamótin 2000 kaupir hann ásamt Bergsteini syni sínum Sigga Magg GK 355 og gera þeir hann út í 3 ár.

Enn á ný hefur Ólafur útgerð og festir kaup á 8 tonna krókabát og rær á honum til ársins 2011, þá 70 ára. Hann lýkur þar með 59 ára farsælum skipstjórnarferli og á að baki 61 ár sem sjómaður.

Síðustu áratugina hefur Ólafur verið félagsmálamaður, félagi í Lions í 18 ár, eitt ár formaður, virkur hestamaður og frístundabóndi ásamt því að taka þátt í bæjarmálefnum. Hann var í æskulýðsnefnd og beitir sér í landamerkjamálum í umdæmi Grindavíkur og er fylginn sér þegar kemur að því að styðja UMFG.

Árið 1985 flytur Ólafur að Brekku í Fljótshlíð í Hvolshreppi og býr þar í 14 ár. Þá flytur hann aftur að Norðurvör 7 þar sem hann býr með sambýliskonu sinni, Hildi Sigurðardóttur og nýtur nú efri áranna.

Ólafur Ragnar Sigurðsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Stefán Stefánsson

Stefán Stefánsson sjómaður og bílstjóri er fæddur þann 5. júní 1941 á Hofsstöðum í Skagafirði. Hann er sonur hjónanna Stefáns Stefánssonar bónda og Ingigerðar Guðmundsdóttur húsfreyju að Hofsstöðum. Stefán er yngstur bræðra frá Hofsstöðum, elstur var Geirfinnur, látinn og Björn, látinn. Stefán er giftur Eyrúnu Jónsdóttur ættaðri frá Ísólfsskála og eiga þau þrjú börn, Ingigerði, Stefán og Fjólu.

Stefán elst upp á stórbýli að Hofsstöðum við blandaðan búskap fram á táningsaldur. Skólaganga var af skornum skammti, farskóli var í sveitinni og var skipt milli bæja.

Síðan er hann sendur að Hólum í Hjaltadal í bændaskólann þar sem hann lýkur námi. Hann átti að verða bóndi. En 15 ára gamall er hann kominn á sjóinn og rær hann á Mumma SK frá Sauðárkrók, 12 tonna mótorbáti.

Stefán hleypir heimdraganum og er kominn á vetrarvertíð 1959 og vinnur þá í Hraðfrystihúsi Grindavíkur og býr í Garði. Næstu vertíð er hann á sjó í Vestmannaeyjum á Von VE 113, en næstu vertíðir er hann á Akranesi og rær á Ásmundi AK 8 og Heimaskaga AK.

En leiðin lá til Grindavíkur á ný og Stefán munstrar sig á Þórkötlu GK 97 hjá Erlingi Kristjánssyni og rær með honum þar til Erlingur hættir til sjós eftir vertíðina 1973.

Árið 1966 er Stefán kominn á „Stóru Kötluna", Þórkötlu II GK 197. Stíft var róið á vetrarvertíð og síldveiðar, úthaldið var langt og strangt, þeir voru við Spitzbergen og lönduðu í stór skip sem söfnuðu afla á miðunum. Þegar heim var komið hafði úthaldið varað í rúma þrjá mánuði. Stefán fer svo yfir á Ársæl Sigurðsson GK 320 þar til hann fer í land árið 1973.

Árið 1974 festir Stefán kaup á vörubíl og er farinn að keyra hjá Vörubílastöð Grindavíkur. Næstu 12 árin starfar hann við akstur á miklum uppgangstíma hér í Grindavík, uppskipun á salti og útskipun á saltfiski, loðnulöndun og bolfisklöndun þegar bátafjöldinn skipti hundruðum.

Síðar starfar Stefán við olíuþjónustu hjá Esso og síðustu starfsárin hjá Esso á Keflavíkurflugvelli að þjónusta flugvélar. Hann var lengi í Slökkviliði Grindavíkur og stóð þar vaktina í 12 ár.

Þau hjónin hófu búskap í Bergi, byggðu sér hús að Austurvegi 20 en búa nú í Vesturhópi 20 og njóta efri áranna.

Stefán Stefánsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf þitt á sjónum og þjónustu við sjómenn hér í Grindavík.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.


1909
GÍSLI IS22



Frá vinstri: Guðjón Þorláksson, Helgi Óli Ólafsson og kona hans Vilborg Guðjónsdóttir, Ólafur Rúnar Þorvarðarson og kona hans Kristín Dúlla Jónsdóttir, Sævar Gunnarsson og sambýliskona hans Ólöf Lilja Stefánsdóttir.

Á sjómannadaginn 7. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fjóra grindvíska sjómenn

Guðjón Þorláksson

Guðjón Þorláksson í Vík, útvegsbóndi, er fæddur þann 12. júlí 1945 í Vík í Járngerðarstaðahverfi. Hann er sonur hjónanna Þorláks Gíslasonar frá Vík og Valgerðar Jónsdóttur frá Broddadalsá í Strandasýslu. Systkini Guðjóns eru Margrét, Sæþór og Magnús, öll látin, þá Halldór, Kristólína, Sigurður, Gísli og Gunnar.

Guðjón ólst upp í Vík og gekk í Grunnskóla Grindavíkur, lýkur þar skólagöngu á fimmtánda aldursári, þá þegar farinn að vinna við að beita og breiða fisk ásamt því að sinna bústörfum í Vík.

Haustið 1960 er hann ráðinn á Ólaf GK og er landmaður í beitningu ásamt Gauja í Bakka og Jóni í Baldurshaga. Ári seinna er hann kominn á Guðjón Einarsson GK og er þar tvær vertíðir.

Guðjón er með Willard Ólasyni á Hrafni Sveinbjarnarsyni vertíðina '63, síðar allt fram á sumar 1965 en þá fara þeir félagar á Sigurð SI 90. Þá fer Guðjón með Björgvini Gunnarssyni á Geirfuglinn GK og er þar til haustsins 1969 og var róið stíft á síld og netum. Þeir voru aflakóngar á vertíð 1967 og 1968.

Haustið 1969 fer Guðjón í Stýrimannaskólann og lýkur skipsstjórnarprófi vorið 1971.

Á skólaárinu 1970, var hann á Albert GK 31 á vormánuðum og fiskuðu þeir 1050 tonn, þar af 900 tonn í apríl. Um sumarið 1970 fer hann sem stýrimaður á Hafrenning GK með Einari Jónssyni, síðan sem stýrimaður á Sigfús Bergmann GK til 1973. Hann er svo á M/S Dísarfelli og síðar stýrimaður á M/S Eldvík.

Guðjón ræður sig til skipsrúms á Þorstein Gíslason GK á vetrarvertíð 1975, og svo á humar. Ári síðar kaupa Guðjón og Magnús bróðir hans hlut þeirra Jóhannesar og Bjarna, ásamt Halldóri bróður sínum, og gera þeir bræður út óslitið til ársins 2008. Útgerðin var með hefðbundnum hætti, voru á netum á vertíð, þá tók við humar og svo lína á haustin. Vel gekk þeim að fiska og voru með hæsta humarkvóta Grindavíkurbáta þegar kvótinn var settur á.

Árið 1982 reisa þeir bræður fiskverkunina Mölvík ásamt þeim bræðrum Jóhannesi og Ingólfi Karlssonum og fara að verka fisk. Guðjón fer í land og tekur við verkstjórn en um áratug síðar hætta þeir að verka og er Guðjón þá aftur kominn til sjós.

Guðjón var um áratuga skeið félagsmaður í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur, var þar stjórnarmaður, varaformaður og sinnti Sjómannadagsráði félagsins af miklum dug.

Einnig var hann um tíma félagi í Vísi, félagi skipsstjórnarmanna á Suðurnesjum.

Guðjón er giftur Viktoríu Ketilsdóttur frá Selfossi, þau hófu búskap 1976, fyrst hér í Grindavík að Víkurbraut 48 en búa núna í Vík, sinna fjárbúskap og njóta þar efri áranna.

Guðjón hefur verið fjallkóngur á afrétti Grindvíkinga um langt árabil.

Guðjón Þorláksson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum sem og fyrir félagið.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Helgi Óli Ólafsson

Helgi Óli Ólafsson skipstjóri er fæddur þann 19. nóvember 1936 í Hraunkoti í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík. Hann er sonur hjónanna Ólafs Jónssonar og Helgu Þórarinsdóttur frá Hraunkoti, síðar Bræðratungu í Grindavík. Helgi er næst yngstur í systkinaröð en þau eru hálfbróðir, Albert, þá Þórarinn, Sigríður, Guðmundur, Hafsteinn, Jóna, Ólöf og Sigurður Ragnar.

Fyrstu uppvaxtarárin var Helgi í Hraunkoti en flytur með fjölskyldu sinni í Bræðratungu árið 1944. Hann var fyrstu skólaárin í gamla skólanum í Þórkötlustaðahverfi. Árið 1948 er kominn nýr Grunnskóli Grindavíkur í Járngerðarstaðahverfi og lýkur Helgi þar skólagöngu um sinn. Eftir fermingu er hann farinn að vinna

í Hraðfrystihúsi Grindavíkur. Um 18 ára aldur liggur leiðin á sjó. Hann byrjar með Gunnari Gíslasyni frá Vík á Ægi GK árið 1954. Eftir það taka við skipsrúm á Óðni GK frá Grindavík, Hafrenningi GK og með Ingimar Magnússyni frá Brú á Sigurvon GK. Róið var á hefðbundna vertíð og svo reknet á haustin.

Árið 1960 er Helgi kominn á Þorbjörn GK 540 sem þá kom nýr til landsins og er þar allt til þess að hann fer í skipstjórnarnám og lýkur prófi árið 1964. Þá er hann stýrimaður á Þorbirni II GK. og er hann um tíma á M/S Langá og tekur svo við skipstjórn á Þorbirni II GK um haustið 1964 og við taka mikil fiskár.

Árið 1967 hefur hann útgerð í félagi við bróður sinn Þórarinn Ólafsson og Helga Hjartarson er þeir kaupa Albert GK 31, fyrri, og er þar stýrimaður. Eina vertíð er Helgi á Grindvíkingi GK. Upp úr 1970 taka við nótaveiðar á ýmsum skipum, fyrst Hilmi KE, þá Ingiberg Ólafssyni KE frá Njarðvík á vertíð og svo á síld.

Aftur er Helgi kominn með báta frá Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða nokkrum árum síðar og tekur þá Þórkötlu GK á humar og síðan Þorbjörn GK næstu 4 árin. Sjómannsferlinum lýkur árið 1984 en síðustu árin var Helgi í afleysingum á loðnubátum, meðal annars Húnaröst og Erlingi KE.

Síðustu starfsárin var hann að störfum við netgerð hjá Möskva h/f. Það er um 2006 sem Helgi hættir að vinna, þá um sjötugt.

Helgi var í nokkur ár í stjórn Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur og síðar í Vísi félagi skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, þar af eitt ár sem formaður. Þegar Helgi er sjötugur er hann gerður að heiðursfélaga í Vísi.

Eiginkona Helga er Vilborg Guðjónsdóttir frá Reykjavík og eiga þau þrjú börn. Þau hjónin hófu búskap í Lágafelli 1967 en búa núna í Víðigerði 16 hér í bæ og njóta þar efri áranna.

Helgi Óli Ólafsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Ólafur Rúnar Þorvarðarson

Ólafur Rúnar Þorvarðarson er fæddur 7. janúar 1942 í Ási í Grindavík. Hann er sonur hjónanna Þorvarðar Ólafssonar og Fanneyjar Guðjónsdóttur, annar í röðinni af þremur systkinum. Hann ólst upp í foreldrahúsum, fyrstu árin í Kópavogi, en síðar í Lágafelli í Grindavík, sem hann er ávallt kenndur við.

Hann lýkur skólagöngu frá Grunnskóla Grindavíkur 14 ára og landsprófi 1961 en síðan lá leiðin í nám við Kennaraháskóla Íslands og þaðan útskrifast hann 1965.

Fyrsta árið sem kennari er Ólafur Rúnar á Þórshöfn en kemur svo til Grindavíkur og gerist kennari við Grunnskóla Grindavíkur og starfar óslitið næstu 18 árin. Kennaraferli lýkur við Árbæjarskóla í Reykjavík.

Á táningsaldri fer hann á sjóinn, orðinn messagutti á m/s Heklu 14 ára. Hann er á sjó á sumrum með námi og kennslunni, fyrsta sumarið á handfæraveiðum frá Þórshöfn á Langanesi, og síðar á ýmsum togbátum frá Grindavík og einnig á síld.

Hann var matsveinn á Ólafíu GK 98, á Hrafni Sveinbjarnarsyni III GK, á Reyni GK 47 og síðan á Þorbirni II GK 540 á humar og urðu þeir aflahæstir á humar vertíðina 1970. Hann var einnig matsveinn með Sveini Ísakssyni á Hrafni GK 12.

Þrátt fyrir sjómannsblóð í æðum átti það fyrir Ólafi Rúnari að liggja að verða kennari, en þar með hófst sá ferill og ævistarf sem er okkur Grindvíkingum ómetanlegt. Hann hóf að taka ljósmyndir árið 1952 og hófst þá heimildasöfnun sem á sér fáar hliðstæður, myndir af allflestum bátum og skipum í Grindavíkurflotanum í hálfa öld, myndir af sjómönnum og atvinnuvegum, mannlífi og menningu. Víða má finna myndir í blöðum og tímaritum landsmanna síðustu áratugi.

Frá fyrstu útgáfu Sjómannadagsblaðs Grindavíkur 1989 er hlutur hans drjúgur. Fjölda mynda og greina hefur hann birt ásamt því að skrá sögu vélbáta útgerðar frá upphafi til ársins 1980.

Heimildasafn hans er mjög umfangsmikið og telur á annað hundrað þúsund myndir, Þorbjörn h/f hefur látið skanna hluta þeirra inn á miðlægan gagnagrunn.



2015



Að auki má finna um 100 viðtöl við Grindvíkinga á hljóðsnældum og annað eins af videó upptökum frá mannlífi hér í Grindavík. Taka má fram að unnið er að því að varðveita þessar heimildir í Tónlistar safni Íslands í Kópavogi.

Hljómsveitarferillinn spannar einnig marga áratugi. Hann spilaði á böllum í Kvennó og síðar Festi ásamt því að spila víðar um land, nú spilar Ólafur með DAS-bandinu og leikur fyrir dansi á Hrafnistu í hverri viku.

Hann kom að ritun sögu Grindavíkur og eru allflestar myndir þar eftir hann og Einar Einarsson frá Krosshúsum.

Ólafur Rúnar giftist Kristínu Dúllu Jónsdóttur frá Möðrudal á Fjöllum árið 1970 og eiga þau þrjú börn. Barnabörnin eru þrjú og barnabarnabörnin tvö. Þau hjónin búa nú í Hafnarfirði og njóta efri áranna.

Ólafur Rúnar Þorvarðarson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir starf þitt á sjónum og í þágu sjómanna sem og félagsins.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Sævar Gunnarsson

Sævar Gunnarsson vélstjóri er fæddur í Ólafsfirði 3. ágúst 1943, sonur hjónanna Birnu Kristbjargar Björnsdóttur húsmóður og Gunnars Björnssonar sjómanns og verkamanns.

Sævar ólst upp í Ólafsfirði og byrjaði ungur að róa á trillum og minni bátum þaðan.

Sextán ára gamall fór Sævar á sína fyrstu vertíð og þá til Vestmannaeyja. Fyrstu árin réri Sævar á bátum frá Ólafsfirði, má þar nefna bátana Einar Þveræing ÓF 1, Ólaf Bekk ÓF 2 og Sæþór ÓF 5. Árið 1963 aflaði Sævar sér réttinda til vélstjórnar hjá Fiskifélagi Íslands og var eftir það vélstjóri á þeim bátum sem hann starfaði á að undanskildu einu og hálfu ári sem hann var stýrimaður á Hópsnesi GK hjá Jens Óskarssyni.

Árið 1964 flytur Sævar til Reykjavíkur. Á þeim árum sem hann bjó þar var hann á bátunum Guðmundi Þórðarssyni RE, Hafrúnu GK, Héðni ÞH, Ísleifi ÁR og Arnarnesi frá Hafnarfirði. Sævar flytur til Grindavíkur 1974 og hér var hann á bátunum Sólborgu, Ásborgu og Hafbergi. Síðustu árin hans á sjó var hann með Guðjóni Einarssyni á Fiskanes bátunum Geirfugli, Skarfi og Gauki. Sævar hætti til sjós árið 1988 eftir tæp 30 ár á sjónum.

Eftir að í land var komið vann Sævar í nokkur ár hjá Ísfélagi Grindavíkur eða allt þar til hann fór í fullt starf sem formaður Sjómannasambands Íslands haustið 1994. Sævar hafði brennandi áhuga á málefnum sjómanna hvort sem það varðaði kaup og kjör, aðbúnað og eða öryggismál þeirra. Hann var kosinn formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur á aðalfundi þess í desember 1983, og var formaður þess til aðalfundar 1998 þegar hann lét af formennsku að eigin ósk. Það voru mikil átakaár þegar verið var að koma á aflastýringu eftir útkomu svartrar skýrslu um ástand þorskstofnsins og fleiri fiskistofna, en innan félagsins var ávallt góð samstaða og mikill samhugur félagsmanna.

Sævar var kosinn varaformaður SSÍ 1992 og síðan formaður þess 1994 og var það allt frama á síðastliðið haust þegar hann ákvað að hætta eftir tuttugu ára starf. Það gefur auga leið að Sævar hefur gegnt ýmsum störfum fyrir sjómenn allan þennan tíma. Má þar nefna að hann var í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar í átta ár, í stjórn Fiskifélags Íslands í tuttugu ár, í Siglingaráði þar til það var lagt niður fyrir tveimur árum og við tók Fagráð um siglingar. Sævar var í skólanefnd Slysavarnarskóla sjómanna í yfir tuttugu ár, og í stjórn Sjómenntar frá stofnun, en það er starfsmenntasjóður fyrir sjómenn.

Sambýliskona Sævars er Ólöf Lilja Stefánsdóttir.

Sævar Gunnarsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir starf þitt á sjónum og í þágu sjómanna sem og félagsins.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.


VÖRÐUR
2962
VÖRÐUR ÞH 44
VÖRÐUR
GRENIVÍK



Frá vinstri: Einar Hannes Harðarson formaður SVG, Alda Hafdís Demusdóttir, Sveinn Þór Ísaksson, Þorsteinn Óskarsson, Hrönn Ágústsdóttir, Sæunn Kristinsdóttir, Einar B. Bjarnason, Kristrún Bragadóttir og Guðmundur Karl Tómasson.

Á sjómannadaginn 5. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fimm grindvíska sjómenn

Einar Björn Bjarnason

Einar Björn Bjarnason vélstjóri og útgerðarmaður er fæddur 23. nóvember 1949 á Siglufirði.

Hann er sonur hjónanna Bjarna H Þórarinssonar fyrrv. hafnarstjóra í Grindavík og Ástu Björnsdóttur. Fósturmóðir Einars er Ásdís Sigurgeirsdóttir frá Hlíð í Grindavík. Systkini Einars eru, samfeðra, Guðrún, Þórkatla, Sigurgeir og Sveinbjörn. Systkini sammæðra eru Snorri og Sigurður.

Eiginkona Einars er Sæunn Kristinsdóttir og eiga þau fimm börn, Garðar, látinn 12. júní 2015, Ásta Björg, Rakel, Kristinn og Anna Sveinborg.

Einar sleit barnsskónum í Grindavík, gekk barnaskólann og undi sér við leik og störf við höfnina og sjómennskan var honum hugleikin. Á 16. árinu er farið í fyrstu róðrana og hann byrjar svo sína fyrstu vertíð á Mána GK með Ella frá Höfn. Sjómennskan varð að ævistarfi.

Einar rær með föður sínum á Hrafni 11. GK, á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK með Pétri Sæmundssyni og síðar á Hrafni Sveinbjarnarsyni 111.GK með Pétri frá Höfn. Hann rær með Sveini Ísakssyni sem var þá kominn með Hrafn Sveinbjarnarson og með honum fer hann á Hrafn GK 12. Eina vertíð var hann á Víkurberginu GK með Reyni Jóhannssyni.

Heilum 29 vertíðum síðar fer Einar í útgerð með Guðmundi K. Tómassyni er þeir kaupa Vörðufell GK 205 sem þeir gera út í 12 ár.

Þá gerir Einar út krókabátinn Sæunni GK til ársins 2002, þegar hann hættir útgerð.

Næstu fimm árin er Einar vélstjóri á Tómasi Þorvaldssyni GK með Sæmundi Halldórssyni.

Frá árinu 2008 hefur Einar róið með Óskari Jenssyni á Aski GK 65 og kom hann úr sínum síðasta róðri fyrir rétt mánuði síðan og 51 vertíð betur.

Einar Björn Bjarnason: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Guðmundur Karl Tómasson

Guðmundur Karl Tómasson útgerðarmaður og rafvirkjameistari er fæddur í Reykjavík þann 19. maí 1951. Hann er sonur hjónanna Tómasar Guðmundssonar rafvirkjameistara og Ingu Guðmundsson húsmóður. Bræður Guðmundar eru Haraldur og Róbert.

Eiginkona Guðmundar er Kristrún Bragadóttir og eiga þau tvö börn, þau eru Hjördís og Tómas.

Guðmundur sleit barnsskónum í Grindavík, gekk í barnaskólann og líkt og flestir drengir á þessum árum var gert út á Hópið á kassabátum. Guðmundur fer að afloknum grunnskóla í Iðnskóla Suðurnesja og lýkur þaðan námi í rafvirkjun. Sjómennskan blundaði og á 16. ári var Guðmundur messagutti á Esjunni.



Helgi Theódór Anderssen.

2016



Á næstu árum rær Guðmundur með Guðmundi Eggertssyni á hinum ýmsu bátum sem hann gerði út. Inn á milli vertíða greip Guðmundur í rafvirkjun með föður sínum og þjónustaði Grindavíkurflotann.

Það er svo vorið 1983 sem Guðmundur hefur útgerð með bræðrum sínum er þeir kaupa Svan GK og gera þeir út til hausts 1985 er þeir kaupa Vörðufell GK 205. Fljótlega gengur Einar B Bjarnason til liðs og bræður Guðmundar hætta.

Þeir gera út Haförninn GK um skeið en árið 1986 kaupa þeir félagar nýtt Vörðufell GK 205 og gera samfleytt út í 14 ár.

Um síðustu aldamót er Guðmundur kominn í land og tekur til við fyrri iðju, rekur rafmagnsverkstæðið Rafborg og sem fyrr er þjónustan við Grindavíkurbáta í fyrirrúmi.

Guðmundur lét af störfum á síðasta ári.

Guðmundur Karl Tómasson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og þjónustu við Grindavíkurbáta.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Helgi Theódór Anderssen

Helgi Theódór Anderssen, útgerðarmaður og matsveinn, er fæddur þann 15. maí 1933 í Reykjavík. Hann er sonur Alfreðs E. Andersen og Áslaugar Theódórsdóttur. Systkini Helga eru Hjálmar, látinn og Bryndís. Dóttir Helga er Halldóra Guðrún.

Helgi flytur til Grindavíkur þriggja ára gamall að Þórkötlustöðum og Júlíus A. Hjálmarsson gengur honum í föður stað. Helgi sleit barnsskónum í Þórkötlustaðarhverfi og gekk í barnaskólann í hverfinu.

Snemma byrjar Helgi að róa til fiskjar, fær lánaða jullu hjá Júlla Dan og sjómennskan varð að ævistarfi. Hann er á ýmsum bátum frá Grindavík og víðar m.a. Pólstjörnunni frá Ísafirði.

Helgi er með Sigurði Magnússyni frá Sólheimun á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK, Símoni Þorsteinssyni frá Múla á Bjargþóri GK og mörg ár á Gylfa Erni GK.

Um skeið er hann á togurum og oftast kokkur. Hann er skipstjóri á Glað GK, og hefur eigin útgerð með bátinn Leif ÓF. Sjómannsferill Helga nálgast sex áratugi, þegar hann kemur í land og við taka ýmis störf tengd akstri o.fl.

Hann er um skeið formaður Verkalýðs- og sjómannadeildar Grindavíkur. Síðustu starfsár keyrir Helgi hjá Steypustöðinni hér í Grindavík.

Sambýliskona Helga er Guðrún Aradóttir og búa þau að Þórkötlustöðum í Grindavík.

Helgi Theódór Andersen: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Sveinn Þór Ísaksson

Sveinn Þór Ísaksson skipstjóri er fæddur á Grenivík við Eyjafjörð þann 28. september 1945.

Hann er sonur hjónanna Ölmu Oddgeirsdóttur og Ísaks Vilhjálmssonar frá Svalbarða á Grenivík. Systkini Sveins eru, Oddgeir, Hjördís, Sjöfn, Guðrún, Vilhjálmur, Ásta, Sóley og Haukur.

Eiginkona Sveins er Alda Hafdís Demusdóttir frá Ásvöllum í Grindavík og eiga þau þrjú börn. Elst er Guðbjörg María, þá Almar Þór og yngstur er Ægir Demus. Barnabörnin eru átta og eitt langafa og ömmu barn.

Sveinn sleit barnsskónum í Grenivík og gekk þar í barnaskólann fram á unglingsár.

Snemma beygðist krókurinn til þess sem verða vill. Sveinn er kominn til sjós þá 12 ára gamall, fyrst með föður sínum á trillu og síðar með Vilhjálmi bróður sínum.

Sextán ára gamall fer Sveinn suður á sína fyrstu vertíð 1961. Hann fylgir ættfólki sínu sem kennt er við Gjögur h/f og rær með frænda sínum Adólfi Oddgeirssyni á Áskeli ÞH 48.

Hann er þar til ársins 1964 þegar hann fer í Stýrimannaskólann í Reykjavík og útskrifast um vorið 1966, þá tvítugur að aldri.

Að skóla loknum er hann stýrimaður og afleysingaskipstjóri á Búðarkletti GK 25. Skipstjórnarferill Sveins hefst 1968 og nær óslitið í hartnær fimm áratugi, fyrst hjá Þorbirni h/f eða í 26 ár, lengst af með Hrafn Sveinbjarnarson III Gk 11, síðan Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 og svo Hrafn GK 12. Í fyrstu er útgerðarmynstrið hefðbundin vetrarvertíð á netum og svo á síldveiðar í nót.

Á Hrafninum er Sveinn fljótlega orðinn einn af allra afkastamestu skipstjórum landsins á nótaveiðum.

2016

Árið 1996 kaupir Fiskimjöl og Lýsi í Grindavík Hrafninn og fylgir Sveinn með. Hann tekur við Jóni Sigurðssyni GK hjá sömu útgerð. Árið 1998 tekur hann við Víkingi AK frá Akranesi, þá gerður út af Haraldi Böðvarssyni h/f síðar H.B. Granda.

Sveinn er svo kominn aftur á kunnuglegar slóðir nokkrum árum síðar, þegar hann fer í brúna á uppsjávarveiðiskipinu Áskeli ÞH 48 sem áður hét Hákon ÞH í eigu Gjögurs h/f.

Síðustu tvö árin hefur Sveinn leyst af sem skipstjóri á línuskipum hjá Vísi h/f í Grindavík, mest á Sighvati GK. Hann kom úr sínum síðasta róðri í janúar 2016, 59 árum eftir fyrstu sjóferðina.

Sveinn Þór Ísaksson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Þorsteinn Óskarsson

Þorsteinn Óskarsson skipstjóri og útgerðarmaður er fæddur í Firði, Múlahreppi í Austur-Barðastrandasýslu þann 26. nóvember 1945. Hann er sonur hjónanna Óskars Þórðarsonar frá Firði, hreppstjóra í Múlahreppi og Ólafíu Kristínar Þorsteinsdóttur húsmóður í Firði.

Þorsteinn er þriðji elstur í röð 7 systkina. Eldri bræður eru Jens Valgeir og Einar, þá Þórður, Bergljót Ósk, Óskar Kristinn, látinn 15. mars 1987, og yngstur er Brynjólfur.

Eiginkona Þorsteins er Hrönn Ágústsdóttir frá Hraunteigi í Grindavík og eiga þau þrjú börn, elst er Ólafía Kristín, þá Salbjörg Júlía og yngstur er Brynjar Davíð, barnabörnin eru fimm og barnabarnabörn eru tvö.

Þorsteinn sleit barnsskónum á Firði í Múlahreppi þar sem hann gekk í farskóla í sveitinni þar sem farið var milli bæja og bjó hann þar til 16 ára aldurs.

Hugurinn stefndi til sjós og árið 1964 er Þorsteinn kominn til Tálknafjarðar og rær á Sæúlfi BA 75 á vertíð og á síld.

Árið 1965 kemur Þorsteinn til Grindavíkur og byrjar að róa á Búðarfelli SU 90, síðar Hópsnesi GK 77 og var þar til ársins 1966. Hann er svo kominn á Geirfuglinn 1967 og er þar á vertíð og á síld.

Haustið 1967 fer Þorsteinn í Stýrimannaskólann og lauk 1. stigi vorið '68, gerir þá hlé á skólagöngu og rær með Bjarna Þórarinssyni á Hrafni Sveinbjarnarsyni 11 GK 10. Þorsteinn lýkur prófi á 11. stigi frá Stýrimannaskólanum vorið 1970.

Hann er stýrimaður á Geirfugli GK 66 til ársins 1972 og fer með allri áhöfn yfir á Grímseying á loðnuveiðar árið 1974.

Það sama ár er Þorsteinn skipstjóri á Hrafni Sveinbjarnarsyni III GK 11 og er með hann fram til 1976 þegar að hann í félagi við svila sinn Guðmund Sævar Lárusson kaupir Höfrung11. GK 27 og eru með hann til ársins 1984, þá kaupa þeir félagar Eldey GK og síðar 25 tonna bát sem fékk nafnið Sandvík GK 325 og gerðu hana út til ársins 1992.

Þá láta þeir smíða krókabátinn Sæstein og gera út til ársins 1995.

Þorsteinn og Guðmundur Sævar slitu samstarfi sínu 1996, en höfðu þá síðasta árið gert út Tálkna Ba.

Þorsteinn hóf þá trillu útgerð óslitið til ársins 2011 og lauk þar með sjómannsferli og kemur í land.

Þorsteinn starfaði síðustu 10 árin sem hafnarvörður við Grindavíkurhöfn og lét af störfum sl. haust.

Þorsteinn Óskarsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf að sjómennsku.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.



© Eyjólfur Vilbergsson





Frá vinstri Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur, Björgvin Vilmundarson og Sigríður Þ Þórðardóttir, Jóhannes Jónsson, Arnbjörn Gunnarsson og Sigrún Sigurgeirsdóttir, Súsanna Demusdóttir og Jón Guðmundsson, Sigríður Guðmundsdóttir og Guðmundur Sveinn Haraldsson, Einar Hannes Harðarson, formaður SVG.

Á sjómannadaginn 4. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fimm grindvíska sjómenn

Arnbjörn Gunnarsson

Arnbjörn Gunnarsson skipstjóri er fæddur þann 19. október 1948 í Reykjavík. Hann er sonur hjónanna Gunnars S. Arnbjörnssonar frá Borgarnesi og Aðalheiðar Magnúsdóttur frá Ísafirði. Systkini Arnbjörns eru Halldóra, Kristbjörg, Birgir en hann fórst með Hermóði 1959 og Þorsteinn.

Arnbjörn ólst upp í Reykjavík en var kominn ungur að árum í sveit að Brúarhlíð í Austur-Húnavatnssýslu. Hann er orðinn messagutti á varðskipinu Albert 14 ára og fer svo á togarann Ingólf Arnarsson RE. Hann er kominn til Grindavíkur 16 ára og rær á ýmsum vertíðarbátum á táningsárum sínum.

Arnbjörn lýkur meira fiskimannaprófi frá Stýrimannskólanum tvítugur og byrjar með Sveini Ísakssyni á Hrafni Sveinbjarnarsyni 3.ja. GK, sem stýrimaður. Hann er skipstjóri á Ársæli KE um nokkurra ára skeið og við tekur skipstjórn á ýmsum vertíðarbátum frá Grindavík m.a. Þórkötlu annarri GK, Grindvíkingi GK og Hábergi GK.

Farsælum sjómannsferli lýkur um síðustu aldamót. Eftir að í land var komið var hann starfsmaður Fiskistofu í fjögur ár og síðustu starfsárin hjá Skeljungi í Grindavík.

Eiginkona Arnbjörns er Sigrún Sigurgeirsdóttir frá Hlíð í Grindavík og eiga þau þrjú börn. Nú búa þau hjónin að Ásabraut 14 í Grindavík.

Arnbjörn Gunnarsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.



2017

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Björgvin Vilmundarson

Björgvin Vilmundarson sjómaður er fæddur þann 7. júní 1947 í Grindavík, sonur hjónanna Vilmundar Stefánssonar frá Ketilstöðum á Völlum Suður-Múlasýslu og Marínar Margrétar Jónsdóttur frá Sjólyst í Grindavík. Þau bjuggu á Akri í Grindavík. Hann er yngstur af 4 systkinum, þau eru Guðríður Stefanía, látin, Sæbjörg María og Sigurður Jón.

Björgvin ólst upp á Akri og lauk grunnskólagöngu. Hann sinnti bústörfum og var ungur farinn að grípa í beitningu í skúrunum. Fimmtán ára fer hann á sjóinn með Willard F. Ólasyni á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK á síld. Hann er á ýmsum vertíðarbátum næstu áratugina m.a. Andvara GK, Sigurði Bjarnasyni GK, Geirfugli GK, og bátum frá Þorbirni h/f.

Sjómennsku lýkur á 9. áratugnum og fer hann þá að keyra vörubifreið hjá Fiskanesi h/f. Síðustu starfsárin vann Björgvin hjá Grindavíkurbæ.

Eiginkona Björgvins er Sigríður Þ Þórðardóttir og eiga þau tvö börn. Þau hjónin búa að Staðarhrauni 23 í Grindavík og njóta efri áranna.

Björgvin Vilmundarson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Guðmundur Sveinn Haraldsson

Guðmundur Sveinn Haraldsson skipstjóri og vélstjóri er fæddur þann 11. nóvember 1935 í bænum Búðarnesi í Súðavík, sonur hjónanna Haraldar Kristjánssonar frá Ísafirði og Aðalheiðar Guðmundsdóttur frá Gjögri í Reykjafirði. Systkini Guðmundar eru Viggó, Auður, Valgerður, Aðalsteinn, Marinó, Erna og hálfbróðir Óli Reynir.

Guðmundur ólst upp í Súðavík til 9 ára aldurs og flytur þá að Ögri í Ísafjarðardjúpi.

Hann er kominn á sjóinn 16 ára gamall og byrjar á síld á mótorbátnum Vali frá Súðavík. Við taka mörg sjósóknarár á ýmsum vertíðarbátum. Hann er kominn suður á sjötta áratugnum og rær m.a. á Faxaborg, Agli Skallagrímssyni, Júlí frá Hafnarfirði og Surprise.

Guðmundur verður skipstjóri á Vísi GK og hefur samstarf við Pál H. Pálsson hjá Vísi h/f. Hann hefur svo eigin útgerð 1970, kaupir þá Vísi GK og í kjölfarið koma svo Búðanes GK stærra og svo Búðanes minna.

Síðustu árin á sjónum er Guðmundur m.a. vélstjóri á Eldhamri GK og Geysi GK.

Árið 2010 er Guðmundur að mestu hættur á sjónum en átti þó eftir að fara nokkrar siglingar með skip sem seld voru úr landi. Að lokinni síðustu ferð var sjómannsferillinn orðinn rúm sextíu ár.

Eiginkona Guðmundar var Bjarney Jóhannsdóttir. Hún er látin. Þau hjón áttu 6 börn. Ein dóttir er látin. Guðmundur býr nú á dvalarheimilinu Víðihlíð í Grindavík.

Guðmundur Sveinn Haraldsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.



2017



Jóhannes Jónsson

Jóhannes Jónsson skipstjóri er fæddur þann 8. ágúst 1941 í Hafnarfirði, sonur hjónanna Jóns Inga Jóhannessonar frá Hafnarfirði og Kristjönu Elíasdóttur frá Vaðli á Barðaströnd. Systkini Jóhannesar eru Birgir Jónsson skipstjóri á Akranesi, og Steinunn Jónsdóttir sem býr í Reykjavík.

Jóhannes sleit barnsskónum í Hafnarfirði og að lokinni skólagöngu er hann kominn á sjóinn á táningsaldri á ýmsum bátum frá Hafnarfirði. Árið 1962 fer hann á vertíð til Grindavíkur og átti eftir að ílengjast þar. Hann er háseti á vertíðarbátum í nokkur ár en þá liggur leiðin í Stýrimannaskólann og útskrifast hann þaðan með meira fiskimannapróf. Hann tekur við skipstjórn á Sigfúsi Bergmann GK og var með hann um tveggja ára skeið.

Jóhannes hefur útgerð með mági sínum Halldóri Þorlákssyni frá Vík og kaupa þeir bátinn Þorstein Gíslason GK. Hann er skipstjóri um nokkurra ára skeið þar til hann selur Halldóri hlut sinn og hefur útgerð með Guðmundi Þorsteinssyni frá Hópi. Þeir kaupa Kóp GK 175.

Í 27 ár er Jóhannes skipstjóri á Kópnum allt til ársins 2002 þegar að hann selur Kópinn og hættir útgerð. Á farsælum og miklum fiskiárum varð Jóhannes þrisvar sinnum aflakóngur á vetrarvertíð.

Fyrri kona Jóhannesar var Margrét Þorláksdóttir frá Vík í Grindavík, hún lést árið 1990. Eignuðust þau þrjú börn, fyrir átti Margrét einn son. Jóhannes er giftur Sigrúnu Birnu Magnúsdóttur og búa þau í Hafnarfirði.

Jóhannes Jónsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Jón Guðmundsson

Jón Guðmundsson matsveinn er fæddur þann 3. febrúar 1945 í Hafnarfirði, sonur hjónanna Guðmundar Dagbjartssonar frá Ásgarði og Aðalheiðar Jónsdóttur frá Reykjavík. Systkini Jóns eru Valur, Brynja og hálfbróðir Stefán.

Jón ólst upp í Ásgarði og lauk skólagöngu frá Grunnskóla Grindavíkur og fer þá að Núpi í Dýrafirði og lýkur landsprófi.

Fimmtán ára er hann kominn á sjóinn og fer þá á humarvertíð á Ólafi GK. Á táningsárunum er hann í beitningu og síðan er hann kominn á Ólaf GK í vertíðarpláss. Hann er á Sigfúsi Bergmann, Guðjóni Einarssyni GK, og svo Geirfuglinum í 10 ár, þá Grindavíking GK til ársins 1980.

Í tíu ár er hann veitingamaður í Sjómannastofunni Vör frá 1980 til 1990. Hann er aftur kominn á sjó og við tekur heill áratugur á togurum Þorbjarnar h/f Gnúp GK og Hrafni Sveinbjarnarsyni GK.

Síðastliðin 8 ár hefur hann staðið við pottana í Sjómannastofunni Vör og rekið hana af miklum myndarbrag.

Eiginkona Jóns er Súsanna Demusdóttir og eiga þau 3 börn. Þau hjónin búa í Túngötu 14 í Grindavík.

Jón Guðmundsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum, og einnig fyrir mikið starf í þágu Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.


HRAUNSVÍK
1907



Frá vinstri: Einar Hannes Harðarson, Stefán Egilsson, Kristín Stefándóttir, Elínborg Ása Ingvarsdóttir, Guðjón Einarsson, Gunnar Sigurðsson, Stefanía Bragadóttir, Guðmundur Sigurðsson, Kristólína Þorláksdóttir, Jón Arinbjörn Ásgeirsson.

Á sjómannadaginn 3. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fimm grindvíska sjómenn

Guðjón Einarsson

Guðjón Einarsson er fæddur þann 11. apríl 1947 í Ásgarði í Grindavík. Foreldrar hans voru Einar Dagbjartsson útgerðarmaður frá Ásgarði og Laufey Guðjónsdóttir frá Höfn í Vestmannaeyjum. Systkini Guðjóns eru Dagbjartur, látinn þann 18. október 2017, Kolbrún og Halldór. Eiginkona Guðjóns er Elínborg Ása Ingvarsdóttir og eignuðust þau fjögur börn en eitt þeirra er látið. Fyrir átti Guðjón eitt barn.

Guðjón ólst upp í Grindavík í föðurhúsum og lauk Grunnskóla Grindavíkur, en hann var kominn á sjóinn áður en skólaslit fóru fram. Hann byrjar með föður sínum 1961 á Ólafi GK 33 14 ára.

Guðjón fer svo á Þorbjörn GK og er á Geirfugli GK þar til hann fer í Stýrimannaskólann og lýkur skipstjórnarprófi 1967.

Hann er stýrimaður á ýmsum vertíðarbátum frá Grindavík næstu árin, m.a. Albert GK, Arnfirðingi GK og Grindvíkingi GK.

Guðjón verður skipstjóri á Geirfugli GK árið 1977 og tekur við fleiri bátum hjá Fiskanesi h/f, m.a. Skarfinum og Gauk GK og við taka hefðbundnar vetrarvertíðir og síldveiðar.

Hann er skipstjóri á loðnuveiðum á Valabergi og Berg VE. Guðjón tekur svo við Reyni GK og er með hann þar til Fiskanes sameinast Þorbirni h/f árið 2000. Fram til ársins 2008 er Guðjón skipstjóri meðal annars á Ágúst GK, Hafbergi GK og síðast á Grímsnesi GK.

Eftir nær hálfrar aldar sjómennsku er Guðjón kominn í land og starfar um tíma við golfvöll Grindavíkur og síðar hjá Optimar h/f þar sem hann enn tekur til hendinni.

Nú sem stendur búa þau hjónin í Suðurhópi 1 en koma til með að njóta efri áranna að heimili sínu í Víðigerði 21.

Guðjón Einarsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum. ***Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.***

Guðmundur Sigurðsson

Guðmundur Sigurðsson er fæddur þann 18. júlí 1943 á Vorsabæ í Austur-Landeyjum, sonur hjónanna Sigurðar Jónssonar frá Miðmóshvoli Rangárvallasýslu og Sigríðar Jónsdóttur frá Vorsabæ A-Landeyjum. Systkini Guðmundar eru Bjarni Sævar, Reynir, Þórunn, Guðbjörg, Gunnar, Hermann Magnús og Geir Jón.

Eiginkona Guðmundar er Kristólína Þorláksdóttir frá Vík í Grindavík. Eignuðust þau 7 börn, en ein dóttir er látin. Barnabörnin eru 22 og barnabarnabörn eru 9.

Guðmundur ólst upp hjá móður sinni í Reykjavík og lauk skólagöngu 12 ára gamall, við tók vinna fyrst á „Eyrinni" og síðar hjá Sanitas og trésmiðjunni Víðir HF.

Árið 1964 er hann kominn á vertíð frá Keflavík og rær á Ólafi KE, einnig á Steinunni KE, hann er á Glað VE á vertíð og kemur svo til Grindavíkur 1969 og byrjar á Geirfugli GK. Hann heldur tryggð við Fiskanesbáta og lýkur sjómannsferli sínum á Grindvíking GK en þar var hann í skipsrúmi í rúm 11 ár.

Guðmundur hefur störf hjá útgerðarfyrirtækinu Hópsnesi h/f á hlut sem netafellingamaður á níunda áratugnum. Hann hefur alla tíð síðan unnið fyrir fyrirtækið eða á þeirra vegum og er enn að á 75. aldursári.

Þau hjónin búa á Vesturbraut 15 í Grindavík og njóta nú efri

áranna, þó „sjaldan falli verk úr hendi."

Guðmundur Sigurðsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Gunnar Sigurðsson

Gunnar Sigurðsson er fæddur í Reykjavík þann 20. október 1949, sonur hjónanna Sigurðar Jónssonar frá Miðmóshvoli Rangárvallasýslu og Sigríðar Jónsdóttur frá Vorsabæ Austur-Landeyjum. Systkini Gunnars eru Bjarni Sævar, Reynir, Guðmundur, Þórunn, Guðbjörg, Hermann Magnús og Geir Jón.

Eiginkona Gunnars er Stefanía Bragadóttir og eiga þau fjórar dætur, barnabörnin eru 9 og barnabarnabörnin eru 7 og er eitt þeirra látið.

Gunnar ólst upp hjá móður sinni í Reykjavík, hann er í barnaskóla til 12 ára aldurs og er þá fljótlega farinn að vinna fyrir sér, hann byrjar í trésmiðjunni Víðir og er kominn á sjóinn 16 ára.

Gunnar byrjar sína sjómennsku frá Keflavík á vetrarvertíð á Rán SU, hann er kominn til Grindavíkur '66 á Hafrenning GK og þá á Hrafn Sveinbjarnarson GK til 1970.

Gunnar lýkur skipstjórnarprófi frá Stýrimannaskólanum 1973, hann er stýrimaður í allmörg ár, m.a. á Geirfugli GK og ýmsum vertíðarbátum frá Grindavík.

Hann tekur við skipstjórn 1993 og er þá meðal annars með Halldóru HF, Eldhamar og Stakk KE svo einhver skip séu nefnd. Síðustu ár sjómennsku er Gunnar að róa með línubáta fyrir Stakkavík fram undir síðustu aldamót.

Eftir að sjómennsku lýkur tekur við vinna á netaverkstæðinu Möskva H/F og síðustu starfsárin á Golfvelli Grindavíkur.

Þau hjónin njóta nú efri áranna að heimili sínu á Túngötu 22 í Grindavík.

Gunnar Sigurðsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Jón Arinbjörn Ásgeirsson

Jón Arinbjörn Ásgeirsson er fæddur þann 22. október 1938 í Hnífsdal, sonur hjónanna Ásgeirs Sigurðssonar skipstjóra og Guðbjargar Guðmundsdóttur frá Hnífsdal. Uppeldisforeldrar Jóns voru Benedikt Halldórsson og Þórunn Pálína Borgey Guðjónsdóttir. Systkini eru sammæðra, Kristján, Hörður Már, Málfríður og Þórunn. Uppeldissystkini eru Halldór, látinn, Sigríður, látin, Þóra, Óskar, Guðjón og Þórir.

Eiginkona Jóns var Edda Einars Andrésdóttir. Hún lést 6. desember 1999. Börn þeirra eru Lydía og Hjalti Hávarðarson.

Jón sleit barnsskónum í Hnífsdal, gekk þar í barnaskóla og hugurinn leitaði snemma á sjóinn. Sem barn var Jón iðulega kallaður bryggjuvörðurinn í Hnífsdal.

Sjómannsferill Jóns hófst árið 1953 þegar hann var 15 ára gamall. Hann fór eitt sumar á síldveiðar á Smára ÍS 47 en í framhaldi af því ræður Jón sig á togarann Sólborgu ÍS 260 og var þar í rúmt ár áður en leiðin lá til Reykjavíkur.

Þar réð hann sig á togarann Þorstein Ingólfsson RE208 og er á honum í 3 ár áður en hann fer á bátinn Björn Jónsson RE22 og síð-



ar á Ásbjörn RE400 og er á honum fram til ársins 1967. Því næst flytur hann sig um set til Vestmannaeyja og ræður sig á Gjafar VE300 og er á honum fram til 27. febrúar 1973 þar sem báturinn strandar við Hópsnes.

Fyrstu kynni Jóns af Grindavík voru við þetta strand og ári síðar flytur hann þangað. Fyrstu vertíð Jóns í Grindavík var hann á Önnu SI 177 og næstu ár sigldi hann á Vörðunesi GK 45 ásamt fleiri bátum. Árið 1977 fer Jón sjálfur í útgerð þegar hann kaupir Stakk ÁR 32 og gerir hann út í 3 ár. Eftir að Jón selur Stakk ræður hann sig sem skipstjóra á Þórkötlu GK 97 og er þar í 7 ár. Því næst er hann skipstjóri á Már GK 55 í 2 ár og síðan á Þóri Jóhannssyni í stuttan tíma.

Jón var á hinum ýmsu skipum og bátum næstu ár, auk þess sem hann fór aftur í útgerð um tíma.

Jón hætti til sjós árið 2006 þá 68 ára gamall og með 53 ára sjómannsferil að baki. Jón vann í landi við hin ýmsu störf, meðal annars beitningu allt fram til ársins 2013, þá 75 ára.

Jón er í dag búsettur í Mosfellsbæ.

Jón Arinbjörn Ásgeirsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Stefán Egilsson

Stefán Egilsson er fæddur í Grindavík þann 6. maí 1948, sonur hjónanna Egils Guðlaugssonar frá Skálholti í Grindavík og Kristínar Stefánsdóttur frá Vestmannaeyjum. Systkini Stefáns eru Kolbrún, látin, Kristín Ellý, Hrafnhildur, Elísabet og Guðmundur.

Eiginkona Stefáns, Bryndís Erla Eggertsdóttir, lést árið 2015. Þau eiga fjögur börn.

Stefán slítur barnsskónum í Grindavík og klárar Grunnskóla Grindavíkur en 15 ára gamall er hann kominn á sjóinn og fær skipsrúm hjá Einari Dagbjartssyni á Ólafi GK 33 á vetrarvertíð.

Við tekur pláss á Andvara og síðar á Sigurði Bjarna GK hjá sömu útgerð.

Hann er kominn í Norðursjóinn á Alberti GK 1968 og við tóku vetrarvertíðar og síld.

Stefán er á Hafbergi GK og síðan Þórkötlunni litlu á vertíðum og humarveiðum.

Tímamót verða 1988 þegar að við tekur 26 ára togarasjómennska hjá Granda, fyrst á Snorra Sturlusyni RE og síðan á Þerney ER. Árið 2014 lýkur Stefán sínum sjómannsferli eftir 51 ár á sjónum. Hann nýtur nú efri áranna á heimili sínu að Efstahrauni 2 í Grindavík.

Stefán Egilsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.







Frá vinstri: Einar Hannes Harðarson, Gunnar Tómasson, Rut Óskarsdóttir, Svanfríður Sigurðardóttir, Ásgeir Magnússon, Eiríkur Tómasson, Katrín Sigurðardóttir, Guðgeir S. Helgason og Þórey Gunnþórsdóttir.

Á sjómannadaginn 2. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fjóra grindvíska sjómenn

Ásgeir Magnússon

Ásgeir Magnússon skipstjóri er fæddur á Ísafirði þann 30. nóvember 1948. Hann er sonur hjónanna Magnúsar Árnasonar og Gunnrúnar Ásgeirsdóttur frá Ísafirði en fósturforeldrar hans frá unga aldri voru þau hjónin Kristján V. Jóhannsson og Sigríður Ásgeirsdóttir frá Flateyri.

Eiginkona Ágeirs er Svanfríður Sigurðardóttir og eiga þau fjóra syni. Þeir eru Kristján, Sævar Þór, Guðmundur Þórður og Ásgeir og barnabörnin eru orðin 15 talsins.

Ásgeir ólst upp á Flateyri og gekk þar í barnaskólann. Hann er farinn að beita upp á stúf eða stubb sjö ára gamall og er kominn á sjóinn með fóstra sínum 10 ára gamall á handfæraveiðar á sumrin.

Ásgeir lýkur landsprófi frá Núpsskóla í Dýrafirði 1964 og í nokkur ár er hann ýmist að vinna við beitingu eða í vegavinnu. Hann beitti m.a. á Rán ÍS og Ásgeiri Torfasyni ÍS. Árið 1966 kemur Sóley ÍS ný til Flateyrar og er Ásgeir munstraður á skipið. Við taka síldveiðar til ársins 1968.

Ágeir fer í Stýrimannaskólann 1968 og lýkur skipstjórnarprófi 1970. Þá liggur leiðin til Grindavíkur og er hann ráðinn stýrimaður á Hrafn Sveinbjarnarson II GK 10, Rauða Hrafninn svonefnda. Þá er hann stýrimaður á Hrafni Sveinbjarnarsyni III GK 11 til ársins 1976 og tekur þá við skipstjórn. Hann er skipstjóri á Hrafni Sveinbjarnarsyni II GK 10, árið 1979 og er með hann til ársins 1988. Ásgeir varð aflahæstur á vetrarvertíð 1986 í Grindavík.

Ásgeir er skipstjóri á ýmsum vertíðarbátum til ársins 2006. Má þar nefna Hrungni GK, Jóhannes Jónsson KE, Eldeyjar-Hjalta. Hann er með Þorstein GK frá 1995 til 2003 og síðustu árin með Tjaldanesið GK.

Er í land var komið hóf hann störf hjá Ísaga h/f og síðar hjá Bergplasti h/f og lýkur þar ævistarfi sjötugur að aldri.

Ásgeir og Svanfríður bjuggu lengst af í Heiðarhrauni hér í Grindavík en búa nú að Skipalóni 8 í Hafnarfirði og njóta þar efri áranna.

Ásgeir Magnússon: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Eiríkur Tómasson

Eiríkur Tómasson útgerðarmaður er fæddur í Grindavík þann 17. maí 1953. Hann er sonur hjónanna Tómasar Þorvaldssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík og Huldu Björnsdóttur frá Kjalvararstöðum í Reykholtsdal í Borgarfirði.

Eiginkona hans er Katrín Sigurðardóttir og eru börn þeirra Heiðar Hrafn, Tómas Þór, Gunnlaugur, Gunnar og Kolbrún. Barnabörnin eru orðin 15 talsins.

Að lokinni grunnskólagöngu í Grindavík lauk Eiríkur stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands og þaðan lá leiðin í Háskóla Íslands og útskrifast hann þaðan sem viðskiptafræðingur.

Eiríkur vann ýmist við fiskvinnslu á unglingsárum og með námi og fór svo á sjóinn. Hann er meðal annars á Hrafni Sveinbjarnarsyni II GK með Sigurði Magnússyni og rær með Sveini Ísaks á Hrafni Sveinbjarnarsyni GK 255 og einnig á Hrafni Sveinbjarnarsyni III) GK og er þar aftur með Sveini Ísakssyni á síldveiðum og loks á Hrafni GK á síldveiðum í Norðursjónum.

Að lokinni sjómennsku fer Eiríkur til starfa hjá Þorbirni h/f á

skrifstofu fyrirtækisins, er þar framkvæmdastjóri til ársins 1985 þegar hann verður forstjóri Þorbjarnar h/f, allt til dagsins í dag.

Útgerðarfyrirtækið Þorbjörn var stofnað árið 1953. Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið vaxið og dafnað í forstjóratíð Eiríks og er í dag eitt stærsta og öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Útgerð öflugra fiskiskipa hefur ávallt verið í fyrirrúmi og öryggismál sjómanna til fyrirmyndar.

Sjómannsstarf í Grindavík er samfélaginu mjög mikilvægt. Hjá Þorbirni h/f starfa að jafnaði um 150-180 sjómenn.

Eiríkur hefur komið að ýmsum félagsmálum, var virkur félagi í Björgunarsveitinni Þorbirni, var í stjórn sveitarinnar sem ritari um langt skeið. Einnig hefur hann tekið virkan þátt í störfum LÍÚ, samtökum útgerðarmanna, síðar S.F.S. við mótun stefnu í fiskveiðimálum þjóðarinnar.

Eiríkur er útgerðarmaður líkt og forfeður hans frá Járngerðarstöðum og Staðarhverfi sem á sér 200 ára útgerðarsögu. Um þessar mundir bætist í fiskiskipaflota Þorbjarnar frystitogarinn Tómas Þorvaldssson GK 10. Eiríkur og Katrín eru búsett að Fornuvör 4 hér í bæ.

Eiríkur Tómasson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu félagsins fyrir sjómennsku og útgerð og eflingu sjómannsstarfa í Grindavík, svo og fyrir mikilsvert framlag þitt til samfélagsins í Grindavík.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Guðgeir S. Helgason

Guðgeir S. Helgason skipstjóri er fæddur í Grindavík þann 13. nóvember 1946. Hann er sonur hjónanna Helga Aðalgeirssonar og Svanborgar Jónsdóttur frá Haga í Grindavík.

Eiginkona Guðgeirs er Þórey Gunnþórsdóttir. Dætur þeirra eru Harpa, Svanborg og Þórgunnur og eru barnabörnin orðin 8 talsins.

Guðgeir gekk í barnaskóla Grindavíkur en bryggjurnar í Grindavík toguðu í strákinn og áttu eftir að verða hans starfsvettvangur í framtíðinni. Hann er kominn á sjóinn 15 ára gamall, munstraður háseti á Faxaborgina árið 1961.

Næstu 55 árin er Guðgeir til sjós á ýmsum vertíðarbátum fyrstu árin og gengur í öll störf. Má þar nefna Gísla Lóðs, Sigfús Bergmann og Eldborg. Guðgeir er kokkur og 2. vélstjóri á Þorbirni II, 2. vélstjóri og síðar stýrimaður á Gísla Lóðs frá 1970-1981, þá stýrimaður á Hrungni GK og um það leyti, eða 1985, lýkur Guðgeir skipstjórnarprófi frá Stýrimannaskólanum.

Hann er skipstjóri meðal annars á Fjölni, Hörpu II, og loks er hann með Reynir GK 47 til ársins 1992.

Við taka nokkur ár sem stýrimaður, meðal annars á Oddgeiri ÞH og Sæborginni GK. Árið 1997 fer Guðgeir loks í land en þó ekki langt. Hann er ráðinn hafnarvörður og vigtarmaður hjá Grindavíkurhöfn og jafnframt skipstjóri á lóðsbátnum og lýkur störfum árið 2016.

Guðgeir og Þórey búa nú í Vesturhópi 16 hér í bæ og njóta þar efri áranna.

Guðgeir S. Helgason: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga störf á sjónum og við Grindavíkurhöfn.
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Gunnar Tómasson

Gunnar Tómasson útgerðarmaður er fæddur í Grindavík þann 9. desember 1954. Hann er sonur hjónanna Tómasar Þorvaldssonar frá Járngerðarstöðum í Grindavík og Huldu Björnsdóttur frá Kjalvararstöðum í Reykholtsdal í Borgarfirði.

Eiginkona Gunnars er Rut Óskarsdóttir og börn þeirra eru Tómas, Jóhann Vignir, Brynjar Örn og Óskar og eru barnabörnin orðin 11 talsins.

Að lokinni grunnskólagöngu fer Gunnar í Verslunarskólann og lýkur stúdentsprófi 1974. Þaðan lá leiðin í Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og útskrifast hann sem fiskiðnaðarmaður 1977.

Hann lýkur námskeiði í verkstjórnarfræðum á vegum Iðnþróunarstofnunar Íslands 1976, námskeiði í leit og björgun á vegum



2019

National Search and Rescue School 1984 og námskeiði í björgun á sjó á vegum Robert Gordons Institute í Aberdeen í Skotlandi 1983.

Öll sumur frá unglinsaldri vann Gunnar almenn fiskvinnslustörf og með skólagöngu, hann fer svo að starfa hjá Þorbirni h/f 1973, fyrst sem skrifstofumaður, síðar yfirverkstjóri og

tekur þar við framkvæmdastjórn 1985 og gegnir enn. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Þorbjarnar frá árinu 2004.

Gunnar er frumkvöðull í björgunarmálum á Íslandi. Árið 1978 tekur hann við formennsku í Björgunarsveitinni Þorbirni hér í bæ, en faðir hans Tómas Þorvaldsson, einn af stofnendum sveitarinnar 1947, hafði gegnt formennsku frá upphafi til ársins 1977.

Gunnar er kjörinn í stjórn Slysavarnarfélags Íslands 1982 og situr í stjórn til ársins 2001. Hann er kjörinn forseti félagsins 1996 og gegnir stöðu forseta félagsins til ársins 1999.

Gunnar leiðir samruna Slysavarnarfélags Íslands og annarra björgunaraðila

í eitt stórt björgunarfélag á Íslandi 1999/2000, sem reyndist mikið framfaraspor í björgunarmálum landsins.

Hann er varaformaður slysavarnarfélagsins Landsbjargar frá 1999-2002. Án nokkurs vafa er stofnun Slysavarnaskóla sjómanna 1985 eitt mesta framfaraspor í björgunarmálum Íslands,

Gunnar hefur frá upphafi verið þar í fararbroddi og leitt það starf, allt til dagsins í dag.

Hann hefur verið formaður Skólanefndar Slysavarnarskóla sjómanna frá 1991 til dagsins í dag, í Öryggisfræðslunefnd sjómanna frá 1991 til 1999 og í Siglingaráði samgönguráðuneytisins frá 1990 til 1997. Hann átti sæti í yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu umhverfis Ísland frá 1990 til 2002 og var í Almannavarnaráði frá 1992 til 2001.

Gunnar hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín að björgunarmálum. Hann hlaut þjónustumerki Björgunarsveitarinnar Þorbjarnar 1989 og Slysavarnafélags Íslands 1991. Var heiðraður með þjónustumerki Slysavarnafélagsins Landsbjargar 2008 á 80 ára afmæli Slysavarnafélags Íslands.

Gunnar og Rut eru búsett að Vesturbraut 8a hér í bæ.

Gunnar Tómasson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu félagsins, fyrir útgerð og eflingu sjómannsstarfa í Grindavík, svo og fyrir mikilsvert framlag þitt til björgunarmála á Íslandi.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.




Engar heiðranir fóru fram árið 2020
vegna COVID -faraldursins



F.v. Einar Hannes Harðarson, Guðmundur Snorri Guðmundsson, Þórhallur Stéfánsson, Önundur G Haraldsson og Þorbjörg Halldórsdóttir.

Á sjómannadaginn 6. júní heiðraði Sjómannadagsráð Grindavíkur fjóra grindvíska sjómenn

Guðmundur Snorri Guðmundsson

Guðmundur Snorri Guðmundsson er fæddur þann 24. janúar 1946, sonur hjónanna Guðmundar Sigurjóns Hjálmarssonar og Klöru Jónsdóttur frá Grænhól á Barðaströnd.

Eiginkona Guðmundar Snorra er Ástríður Jónsdóttir frá Götu í Hvolhreppi og eru börn þeirra Ómar Jón, Sigurjón Már, Ragnhildur Ásta, Hilmar Þór og Pálmar Örn.

Uppvaxtarárin voru á Grænhól á Barðaströnd og skólagangan farskóli í þrjá vetur. Sú skólaganga skilaði sínu, Guðmundur Snorri útskrifast sem vélstjóri frá Vélskóla Íslands veturinn 1973 að lokinni 4 ára skólagöngu.

Á unglingsárum byrjar hann að vinna við löndun úr togurum á Patreksfirði og árið 1962 tekur við beitning og fljótlega er Guðmundur Snorri kominn í fyrsta skipsrúm. Hann er ráðinn á Guðmund á Sveinseyri frá Tálknafirði 18 ára gamall og við tekur sjómennskan. Hann var á

Hannesi Hafstein á síld 1964-66. Hann er orðinn vélstjóri, þó áður en hann fór í Vélskólann, á Vestra BA og upp frá því ávallt vélstjóri á meðal annars Hólmanesi, Júpíter og Freyju GK.

Árið 1973 er hann kominn á Járngerði GK á vertíð og síld og síðan á Guðmund Þórðarson GK og Höfrung GK.

Nú taka nótaveiðar við. Guðmundur Snorri er skráður á Fífil GK og svo hefst 16 ára tímabil með Sveini Ísakssyni á Hrafninum GK og síðar á Háberginu GK. Löngum nótaveiðiferli lýkur á Hornafirði en í millitíðinni er hann meðal annars á Raufarhöfn, þar á Arnarnúpi og Rauðanúpi á rækjuveiðum á Flæmska Hattinum. Þá var hann um skeið á Vídalín á frystingu við Afríkustrendur.

Í sextán ár er Guðmundur Snorri á sjó frá Hornafirði sem vélstjóri á Jónu Eðvalds, bæði rauðu og bláu, og að lokum á Ásgrími Halldórssyni.

Í árslok 2018 lýkur hann löngum sjómannsferli sem spannar fimm áratugi og hálfum betur.

Guðmundur Snorri var um langt skeið félagsmaður í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur og gegndi þar m.a. trúnaðarstörfum og tók virkan þá í starfsemi félagsins.

Guðmundur Snorri og Ástríður búa í Staðarvör 7 hér í Grindavík og njóta nú efri áranna.

Guðmundur Snorri Guðmundsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum sem og fyrir félagið.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Önundur G. Haraldsson

Önundur G. Haraldsson er fæddur á Neskaupstað þann 11. október 1952, sonur hjónanna Haraldar Hjálmarssonar og Kristínar Sæmundsdóttur.

Eiginkona Önundar er Þorbjörg Halldórsdóttir og eru börn þeirra Sigurveig Margrét, Halldóra Ósk og Hafþór.

Önundur elst upp á Neskaupstað til átta ára aldurs en þá flytur fjölskyldan til Flateyrar og við taka ár uppvaxtar sem einkennast af sjósókn. Hann lýkur barnaskólanum á Flateyri og síðar vélstjórnarnámi frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

Á Flateyri er hann um 12 ára aldur farinn að róa með föður sínum og Hjálmari bróður sínum á trillu, meðal annars á smokkfiskveiðum í Arnarfirði, og starfar með þeim allt þar til fjölskyldan flytur til Grindavíkur. Þá er Önundur á sextánda ári.

Fljótlega eftir komuna til Grindavíkur hefur Haraldur, faðir Önundar, útgerð á Fram GK 328. Önundur er munstraður í skipsrúm og örlögin ráðin því nú hefst sjómannsferill í Grindavík. Við taka mörg ár á vertíðarbátum. Hann er á Hrafni Sveinbjarnarsyni II GK 10, á Grímseyingi GK 605 með Willard Ólasyni, Víkurberginu GK 1 með Reyni Jóhannssyni þá á Oddgeir ÞH 222 og Albert GK 31 með Þórarni Ólafssyni.

Í rúma tvo áratugi frá 1994 til ársloka 2019 er Önundur vélstjóri á Verði ÞH 4 og síðar EA 74 í eigu Gjögurs h/f. Fyrst á gamla Verði með Jóni Ragnarssyni og síðan með Þorgeiri Guðmundssyni.

Önundur lýkur sínum sjómannsferli í árslok 2019 eftir 55 ár á sjónum. Fljótt eftir að sjósókn hefst í Grindavík er hann orðinn virkur félagi í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur.

Önundur er kosinn varaformaður félagsins 1983 og er sem slíkur til ársins 1992 en gegndi einnig ýmsum öðrum trúnaðarstöðum, meðal annars í húsnefnd Sjómannastofunnar og tók virkan þátt í byggingu hennar.

Önundur er virkur og öflugur félagsmaður í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur. Hann er nú formaður kjörstjórnar og varamaður í orlofsnefnd.

Önundur og Þorbjörg búa í Suðurhópi 1 og njóta þar efri áranna.

Önundur G Haraldsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum sem og fyrir félagið.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Þorbjörg Halldórsdóttir

Þorbjörg Halldórsdóttir er fædd á Ólafsfirði þann 10. október 1952, dóttir hjónanna Halldórs Bjarnasonar frá Siglufirði og Halldóru Björnsdóttur frá Ólafsfirði.

Eiginmaður Þorbjargar er Önundur G. Haraldsson og eru börn þeirra Sigurveig Margrét, Halldóra Ósk og Hafþór.

Þorbjörg ólst upp á Ólafsfirði í foreldrahúsum og er gagnfræðingur frá Gagnfræðiskóla Ólafsfjarðar. Hún lýkur hússtjórnarnámi frá Húsmæðraskóla Reykjavíkur 1971 og bætir við skrifstofunámi frá Stjórnunarskóla Íslands 1989.

Ung að árum er hún farin að vinna við ýmis störf sem tengjast fiskveiðum svo sem að stokka upp línu og síðar í fiskvinnslu í Hraðfrystihúsi Ólafsfjarðar.

Þorbjörg flytur til Grindavíkur 1972 og er hjá Dagbjarti Einarssyni og Birnu Ólafsdóttur við heimilishjálp þar til hún er ráðin ráðskona í Fiskanesi. Hún er þar um skeið og við taka þjónustustörf af ýmsum toga. Heimilið stækkar, barnauppeldi og hlutverk sjómannskonunnar er ærið verk.

Þorbjörg kennir handavinnu einn vetur við Grunnskóla Grindavíkur. Hún verður þá fyrsti starfsmaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur og hefur störf á skrifstofu félagsins sem var þá til húsa í nýbyggðu húsi Sjómannastofunnar Vör. Félagið stækkaði þá ört undir forystu Sævars Gunnarssonar sem var formaður félagsins frá 1983 til ársins 1998.

Samhliða skrifstofustörfum hjá félaginu kom Þorbjörg að útgáfu Sjómannadagsblaðs Grindavíkur og sá meðal annars um auglýsingaöflun. Hún lét af störfum 2000 eftir 10 ára starf á skrifstofunni, hélt þó áfram aðkomu að blaðinu og sinnti þeim störfum til ársins 2014 eða í 25 ár.





Þorbjörg og Önundur búa í Suðurhópi 1 í Grindavík og njóta nú efri áranna.

Þorbjörg Halldórsdóttir: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir störf þín fyrir Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur og áratuga störf við Sjómannadagsblað Grindavíkur.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.

Þórhallur Stefánsson

Þórhallur Stefánsson er fæddur á Akureyri þann 16. febrúar 1945. Hann er sonur hjónanna Stefáns Guðnasonar og Sigríðar Guðmundsdóttur frá Karlskála í Reyðarfirði.

Eiginkona Þórhalls er Fanný Laustsen. Börn þeirra eru Þór Fannar Þórhallsson, Melkorka Dögg Þórhallsdóttir og Freddy Friðrik Þórhallsson. Hann lést árið 2005. Fósturdóttir Þórhalls og dóttir Fannýjar er Arnfríður Eva Jónsdóttir. Sonur Þórhalls frá fyrra sambandi er Heiðar Þórhallsson. Móðir hans er Kolbrún Arnardóttir.

Þórhallur slítur barnsskónum í föðurhúsum á Karlsskála í Reyðarfirði. Frá bænum var útræði og stunduð sjósókn, þaðan var m.a. stunduð hákarlaveiði.

Þórhallur lýkur skólagöngu á Reyðarfirði og lýkur gagnfræðaprófi í Reykjavík. Hugurinn leitar til hafs og á sextánda ári er hann munstraður á fragtskipið m/s Helgafell í eigu S.Í.S.

Hann er um skeið í fragtinni en svo tekur við fjölbreyttur ferill á ýmsum fiskiskipum.

Á Norðfirði er hann á Hafþóri NK og Sæfaxa NK. Þórhallur er svo kominn til Hafnarfjarðar á síðutogarann Úranus og er í tvö ár á síðutogaranum Haukanesi GK.

Hann ræður sig til Stálskipa h/f og er í áratug á Rán GK 42. Þaðan lá leiðin norður á Akureyri og er hann á Kaldbak EA þar til að hann flytur til Grindavíkur árið 1982. Þá er Þórhallur kominn á Aðalvík KE og er þar til ársins 1987 þegar hann ræður sig aftur til Stálskipa h/f og byrjar á Ými h/f. Hann endar langan togaraferil á nýja Ými á frystingu.

Við tekur sjómennska á Grindavíkurbátum. Hann er á Eldhamri, Má og með Guðjóni frá Ásgarði á Reyni GK 47.

Þá söðlar Þórhallur um og ræður sig til starfa á Hafrannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson og er þar bátsmaður í fimmtán ár til ársins 2015 og lætur af sjósókn sjötugur að aldri. Þá eru 54 ár liðin frá fyrsta skipsrúmi.

Þórhallur var um langt skeið félagsmaður í Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur.

Þórhallur og Fanný búa á Steinsstöðum, Ránargötu 10 hér í bæ og njóta nú efri áranna.

Þórhallur Stefánsson: Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur er það mikill heiður að veita þér viðurkenningu fyrir áratuga starf á sjónum sem og fyrir félagið.

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur óskar þér og fjölskyldu þinni allra heilla, Guðs blessunar og farsældar um ókomin ár. Megir þú njóta heiðursins.


1907



Volduga hjartaslag hafdjúpsins kalda
af hljóm þínum drekk ég mér kraft og frið.
Ég heyri í þér, skammlífa, skjálfandi alda,
skóhljóð tímans sem fram skal halda
og blóð mitt þýtur með brimsins nið.

Ég sekk mér í brimhljóðsins sogandi öldu
og sál mína að óminnisdjúpinu kný.
Ég tel mig í ætt við unnina köldu,
sem einn af dropunum mældu og töldu,
sem hljómbrot í eilífðarhafsins gný.

Einar Benediktsson



Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur



Réttur sjómanna til bóta

Verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína, geta þeir átt rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins, án tillits til þess hvort slysið verði rakið til mistaka eða vanrækslu.

Sökum þess hve ríkan rétt þeir eiga sem lenda í vinnuslysi á sjó, er mikilvægt að leita alltaf réttar síns, þótt tjónið kunni í upphafi að virðast smávægilegt.

Brýnt er að leita til læknis og tilkynna viðeigandi aðilum strax um slysið, svo sem vinnuveitanda, tryggingafélagi, sjómannafélagi og Sjúkratryggingum Íslands.

Einnig er mikilvægt að hinn slasaði ráðfæri sig sem fyrst við lögmann um rétt sinn.

Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis hjá okkur!

FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Þinn réttur til bóta!